

**SKOÐUN** Við viljum ábyrga og yfirvegaða lögreglu, skrifar Ögmundur Jónasson. 24



**MENNING** Fyrrverandi keppandi í America's Next Top Model þeytir skífum á Volta um helgina. 66



**SPORT** Úrslitakeppni körfunnar hefst í kvöld og Justin Shouse hefur beðið lengi eftir þeim stóra. 60







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
21. mars 2013
68. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Grunaður um að hafa orðið dóttur að bana

Ungur maður situr í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa valdið dauða fimm mánaða gamallar dóttur sinnar. Áverkar gefa til kynna „shaken baby syndrome".

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítugur maður situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa orðið fimm mánaða gamalli dóttur sinni að bana á sunnudagskvöld. Rannsóknir benda til að barnið hafi látist af völdum heilablæðingar eftir að það var hrist harkalega.

Stúlkan var flutt með sjúkrabíl af heimili foreldra sinna og á spítala á sunnudagskvöld og úrskurðuð látin eftir miðnætti. Engir ytri áverkar sáust á stúlkunni, hvorki á höfði né annars staðar.

Maðurinn var handtekinn á heimili sínu morguninn eftir. Bæði hann og móðir stúlkunnar hafa verið yfirheyrð vegna málsins. Á mánudag var farið fram á níu daga gæsluvarðhald yfir honum, til 27. mars, og á það féllst héraðsdómur. Maðurinn kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti hann síðdegis í gær. - sh / sjá síðu 6

### Einn dæmdur

Einn hefur hlotið dóm á Íslandi í máli sem varðar svokallað „shaken baby syndrome". Sigurður Guðmundsson var árið 2003 dæmdur í 18 mánaða fangelsi í Hæstarétti fyrir að valda dauða níu mánaða drengs sem hann var með í daggæslu. Hann hefur farið fram á að málið verði endurupptekið.

Vilhjálmur Óli Valsson:

## Hefur safnað hálfri milljón í Mottumars

**FÓLK** Vilhjálmur Óli Valsson hefur safnað áheitum upp á tæpa hálfa milljón króna í Mottumarsátaki Krabbameinsfélagsins.

Vilhjálmur heyr nú sjálfur lokabaráttu við krabbamein í vélinda en stendur keikur og hvetur alla til að leggja baráttunni gegn krabbameini í körlum lið.

„Síðustu 30 ár hafa, með hjálp aukins fjármagns, unnist kraftaverk í baráttunni gegn krabbameini í konum. Það ætti að vera hægt hjá körlum líka," segir Vilhjálmur. Mottumarskeppninni lýkur á hádegi á morgun en söfnunin heldur áfram. - bj /Sjá síðu 2

## FRÉTTIR



**Takast á við sérþarfir**
Ótækt er að auka starfsumfang kennara án aukinnar þekkingar, segir dósent á menntasviði HÍ. Tæpur þriðjungur kennara telur stefnu um skóla án aðgreiningar ganga illa. 8

**Stjórnarskrármál í hnút**
Breytingartillaga formanna stjórnarflokkanna og Bjartrar framtíðar kemur ekki til atkvæða á Alþingi. 2

**Ballerínur í vændi** Fyrrverandi ballerína í rússneska Bolsjoí-ballettinum segir ballerínur vera neyddar í vændi. 10

**Harmleikur á Kýpur** Mikil reiði ríkir á Kýpur vegna tillagna um skatt á innstæður í bönkum. 12




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA | 8 |
| Akureyri | -1° | NA | 5 |
| Egilsstaðir | 0° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NA | 6 |
| Reykjavík | 2° | NA | 7 |

**VÍÐA BJART** Í dag verða víða norðaustan 5-10 m/s en 10-15 syðst. Víða léttskýjað en stöku él NA-til. Hiti við frostmark að deginum. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Skólar & námskeið






**ÆTLAR TIL RÍÓ** Arnar Helgi Lárusson úr Keflavík hefur verið bundinn við hjólastól undanfarin tíu ár. Óvænt símtal úr Njarðvík síðastliðið haust breytti framtíðarmarkmiðum Arnars. Nú fer allur hans tími og orka í að ná metnaðarfullu markmiði, að keppa í hjólastólaakstri á Ólympíumótinu í Ríó í Brasilíu árið 2016. Sjá síðu 62 MYND/OZZO

Keppir í hjólastólaakstri:

## Staðráðinn í að komast til Ríó

**ÍÞRÓTTIR** Keflvíkingurinn Arnar Helgi Lárusson hefur lagt vinnu til hliðar og hyggst helga sig alfarið íþrótt sinni, hjólastólaakstri. Hann segir markmið sitt vera einfalt, að vinna sér inn þátttökurétt á Ólympíumóti fatlaðra í Ríó árið 2016.

„Ég ætla að komast til Ríó," segir Arnar, sem er 36 ára. Þar er keppt í flestum sömu vegalengdum í hjólastólaakstri og í hlaupagreinum í frjálsum íþróttum. Hann einbeitir sér að styttri vegalengdum en þar liggur styrkur hans.

Í september verða komin ellefu ár frá því að hann lenti í mótorhjólaslysi og lamaðist fyrir neðan brjóst. Þá var hann við æfingar fyrir keppni í kvartmílu.

Hjólastólaakstur er ein allra vinsælasta greinin á Ólympíumóti fatlaðra og var ein þeirra greina sem Arnar prófaði. Hann pantaði notaðan stól af eBay með það fyrir augum að koma honum í stand. - ktd / sjá síðu 62

Um þriðjungur íslensku þjóðarinnar leggur stund á stangveiði:

## Stangveiðin veltir 20 milljörðum

**UMHVERFISMÁL** Stangveiðar á Íslandi velta um 20 milljörðum króna á ári hverju. Nýting veiðihlunninda er ein af stærstu búgreinum á Íslandi, en um þriðjungur þjóðarinnar stundar stangveiðar.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Veiðimálastofnunar, sem kom út í gær. Þar skýrir Sigurður Guðjónsson, forstjóri stofnunarinnar, frá því að beinar tekjur veiðifélaga séu hátt á annan tug milljarða. Nýting veiðiréttinda er orðin ein af stærstu búgreinum landsins og afar mikilvæg fyrir búsetu víða í sveitum landsins, að sögn Sigurðar.



SIGURÐUR GUÐJÓNSSON

Á ársfundi stofnunarinnar vék Sigurður að áhyggjum sínum af flutningi stofnunarinnar á milli ráðuneyta, sem gerður var síðastliðið haust. Hann segir þessa breytingu skapa óvissu um tækifæri til tekjuöflunar. - shá, gb / sjá síðu 4










## SPURNING DAGSINS



Jakob, heldurðu að þið sjáið hann Einar kalda?

**„Ég tel líklegra að við fáum þarna einn kaldan. Einar kaldi er löngu orðinn svellkaldur og hrímaður neðan moldu.“**

Stuðmenn munu troða upp á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina. Jakob Frímann Magnússon og félagar sungu einmitt um Eyjamanninn Einar kalda.

Ungur maður er grunaður um kynferðisbrot gegn nítján stúlkum:

# Áhugaljósmyndarinn ákærður

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært ungan áhugaljósmyndara fyrir kynferðisbrot gegn fjölda stúlkna. Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því um miðjan janúar.

Maðurinn setti sig í samband við ungar stúlkur á Facebook og bauð þeim í nektarmyndatökur. Þá er hann jafnframt grunaður um nauðgun, að hafa haft samræði við stúlkur undir aldri og tælt aðrar til kynmaka.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur haft hann til rannsóknar um skeið og sendi meint brot hans gegn tíu stúlkum til Ríkissaksóknara í febrúar. Ákæra vegna þeirra brota var gefin út 8. mars og verður þingfest nú á föstudag.

Þinghaldið í málinu verður lokað og þess vegna fást ekki upplýsingar um það frá Ríkissaksóknara hvort ákært er fyrir brot gegn öllum tíu stúlkunum eða hvers eðlis meint brot eru.

Á nýliðnum dögum sendi lögreglan síðan ætluð brot áhugaljósmyndarans gegn níu stúlkum til viðbótar til meðferðar hjá Ríkissaksóknara. Leiði athugun Ríkissaksóknara á þeim hluta til ákæru mun hún að líkindum verða sameinuð þeirri fyrri. **- sh**

**19** Lögregla hefur rannsakað ætluð brot mannsins gegn nítján stúlkum. Þau eru af ýmsu tagi og misalvarleg.

Slúðursaga á Akureyri:

# Lögregla hætt að skoða vændi

**AKUREYRI** Lögreglan á Akureyri hefur hætt rannsókn á mögulegri vændisstarfsemi í bænum. Greint var frá því í fjölmiðlum í lok febrúar að lögreglunni hefðu borist ábendingar um að fjórar konur í bænum stunduðu skipulagt vændi.

Daníel Guðjónsson, hjá rannsóknardeild lögreglunnar, segir að um dæmigerða slúðursögu hafi verið að ræða. Allar nauðsynlegar athuganir hafi verið gerðar. **- sv**



**ÁNÆGÐIR Í NÝJU BÚRUNUM** Kettirnir í Kattholti una sér vel hjá Halldóru Björk Ragnarsdóttur, rekstrarstjóra Kattholts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Söfnunarfé notað til að mála húsakynnin hjá Kattholti:

# Kettirnir komnir í rúmbetri búr

**DÝRAHALD Kettirnir í Kattholti una sér vel hjá Halldóru Björk Ragnarsdóttur rekstrarstjóra. Kettirnir eru í splunkunýjum búrum sem búið er að setja upp fyrir söfnunarfé og var féð jafnframt notað til að mála húsakynnin og gera frekari endurbætur. „Þetta eru miklu rúmbetri búr en þau gömlu,“ segir Anne Kristine Magnúsdóttir, formaður Kattavinafélags Íslands. Á laugardaginn verður svo efnt til hins árlega páskabasars í Kattholti.** - gb

Fær skilorðsbundinn dóm:

# Kona olli dauða ungrar stúlku

**DÓMSMÁL** Kona var í gær dæmd í 30 daga fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir manndráp af gáleysi.

Tæplega sex ára stúlka varð sumarið 2011 fyrir bifreið sem konan ók og féll við það í götuna. Hlaut stúlkan af því svo mikla höfuðáverka að hún lést skömmu síðar. Var það niðurstaða dómsins að konan hefði ekki sýnt nægilega aðgæslu. Konunni var einnig gert að greiða móður stúlkunnar miskabætur að upphæð 2,3 milljónir króna. **- þj**

Rannsókn á barnaníði lokið:

# Karl Vignir til ríkissaksóknara

**DÓMSMÁL** Rannsókn lögreglu á máli barnaníðingsins Karls Vignis Þorsteinssonar er lokið. Málið hefur verið sent ríkissaksóknara, sem mun í kjölfarið taka ákvörðun um hvort gefin verður út ákæra á hendur honum.

Karl Vignir hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 9. janúar, eða frá því að hann gekkst við því í Kastljósi að hafa misnotað tugi barna undanfarna áratugi. Síðan hefur komið fram fjöldi kæra á hendur honum fyrir brot sem munu ekki öll vera fyrnd að lögum. **- sh**

# Einbeittur í baráttu gegn krabbameini

Vilhjálmur Óli Valsson berst við krabbamein í vélinda en hefur safnað tæpri hálfri milljón króna í áheitum vegna Mottumars. Segir að mögulegt sé að vinna kraftaverk ef nægt fjármagn fæst til í baráttunni gegn krabbameini í karlmönnum.

**FÓLK** Vilhjálmur Óli Valsson, stýrimaður og sigmaður í þyrlusveit Landhelgisgæslu Íslands, hefur safnað tæpri hálfri milljón króna í Mottumarsátaki Krabbameinsfélags Íslands. Vilhjálmur heyr nú sjálfur lokabaráttu við krabbamein í vélinda.

„Ég greindist fyrir ári og þetta eru lokaskrefin. Ég er núna að byrja á svokallaðri lífsgæðameðferð og ætli ég eigi ekki nokkra mánuði eftir,“ segir Vilhjálmur í samtali við Fréttablaðið.

„Ég bý hins vegar að góðu fólki og hef fundið mikinn samhug og stuðning.“

Sá mikli stuðningur hefur meðal annars skilað sér í því að Vilhjálmur hefur safnað tæpum 500 þúsund krónum í áheitum í Mottumars. Hann segist aðspurður ekki hafa átt von á slíkum viðbrögðum.

„Nei, alls ekki. Ég renndi nokkuð blint í sjóinn og stefndi að því að safna 150 þúsundum. Ég gerði í sjálfu sér lítið í þessu sjálfur en stuðningsnetið mitt, fjölskylda, vinir og vinnufélagar, hefur séð um að auglýsa þetta. Nú hafa á annað hundrað áheit borist og það sýnir vel þennan víðtæka stuðning.“

Hluti af Mottumars er að stuðla að vitundarvakningu um krabbamein í körlum. Vilhjálmur segist sjálfur ekki hafa hugsað mikið út í þessi mál fyrir veikindin.

„Maður gerir það í raun sjaldnast fyrr en eitthvað skellur niður nálægt manni eða hjá manni sjálfum. Það er því miður þannig.“

Vilhjálmur segist hins vegar einbeittur í að styðja baráttuna til styrktar rannsóknum og forvörnum gegn krabbameini í körlum.



**BARÁTTUMAÐUR** Vilhjálmur Óli Valsson heyr nú lokabaráttu við krabbamein í vélinda. Hann hefur safnað tæpri hálfri milljón í áheit í Mottumars og segir að hægt sé að vinna kraftaverk ef fjármagn fæst til rannsókna og forvarna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér er í sjálfu sér sama í gegnum hvaða nöfn áheitin koma, á meðan þau skila sér. Það veitir nefnilega ekki af fjármagninu í þetta verkefni. Síðustu 30 ár hafa, með hjálp aukins fjármagns, unnist kraftaverk í baráttunni gegn krabbameini í konum, til dæmis brjóstakrabbameini og leghálskrabbameini. Það ætti að vera hægt hjá körlum líka.“

Vilhjálmur segir þó að heildarsöfnunin mætti ganga betur. Í gær höfðu alls safnast rúmar sextán milljónir en markmiðið var að ná 30 milljónum.

„Mér finnst þetta ekki hafa gengið alveg nógu vel, þannig að ég skora á alla að leggja sitt af mörkum. Það skiptir engu máli við hvaða nafn peningurinn er lagður svo lengi sem hann skilar sér til baráttunnar.“

> **Síðustu 30 ár hafa, með hjálp aukins fjármagns, unnist kraftaverk í baráttunni gegn krabbameini í konum [...]. Það ætti að vera hægt hjá körlum líka.**
>
> *Vilhjálmur Óli Valsson*

Mottumarskeppninni lýkur formlega á hádegi á morgun en þó verður tekið við framlögum eftir það.

thorgils@frettabladid.is






Enn hefur engin sátt náðst um hvenær þinghaldi verður frestað:

# Ekki kosið um formannatillögu

**ALÞINGI** Breytingartillöga formanna Samfylkingar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar í stjórnarskrármálinu kemur ekki til atkvæða á Alþingi. Samningar um það fóru út um þúfur í gær.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir að formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hafi ekki viljað samþykkja að atkvæði yrðu greidd um málið.

„Við lögðum þetta fram sem sáttatillögu og vildum tryggja framgang stjórnarskrármálsins þannig að það mundi lifa inn í næsta kjörtímabil. Það næst ekki samkomulag um að fá málið til atkvæða.“

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir að vandinn við að greiða atkvæði um tillöguna felist í því að fyrst þurfi að greiða atkvæði um breytingartillögu Margrétar Tryggvadóttur, þingmanns Hreyfingarinnar. Hún felur í sér allt frumvarpið um drög að stjórnarskrá. Illugi bendir á að bæði Árni Páll Árnason og Ögmundur Jónasson hafi sagt á þingi að stjórnarskráin þarfnaðist frekari umræðu við.

„Það er eðlilegt að þegar verið er að ljúka þingstörfum sé tog á milli stjórnar og stjórnarandstöðu um hvaða málum stjórnin kemur í gegn. Það gerist alltaf. Það sem er svo einstakt við þessa stöðu er að nú liggur sjálf stjórnarskráin þarna undir.“

Óvissa ríkir um hvenær þingi verður frestað. **- kóp**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**ILLUGI GUNNARSSON**

> **Það er eðlilegt að þegar verið er að ljúka þingstörfum sé tog á milli stjórnar og stjórnarandstöðu um hvaða málum stjórnin kemur í gegn. Það gerist alltaf.**
>
> *Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins*


VELKOMIN Í VEISLUNA
Fáðu allt fyrir fermingarveisluna á einum stað.
Fatnaðinn, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ
20.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,66 | 126,26 |
| Sterlingspund | 190,29 | 191,21 |
| Evra | 162,34 | 163,24 |
| Dönsk króna | 21,778 | 21,906 |
| Norsk króna | 21,583 | 21,711 |
| Sænsk króna | 19,515 | 19,629 |
| Japanskt jen | 1,3168 | 1,3246 |
| SDR | 188,59 | 189,71 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
222,4148

Drengir í 14% ofbeldismála sem koma í Barnahús:

# 179 greint frá ofbeldi

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls hafa 179 drengir greint frá kynferðisofbeldi í rannsóknarviðtölum í Barnahúsi á tímabilinu 2001 til 2012. Mál þar sem drengir koma við sögu eru þó um fjórtán prósent af heildarfjölda mála þar sem greint er frá kynferðisofbeldi, en stúlkur eru um 86 prósent, eða um 1.100 talsins.

Ólöf Ásta Farestveit, sálfræðingur og forstöðukona Barnahúss, mun kynna samantekt upplýsinga úr starfsemi Barnahúss á ráðstefnu um kynferðisbrot gegn drengjum sem haldin verður í Háskólanum í Reykjavík á morgun.

Í tölum Ólafar kemur meðal annars fram að gerendur eru ókunnugir drengjunum í flestum tilvikum, eða 34. Í 33 tilvikum af 179 var gerandinn frændi drengsins.

Um miðjan mánuðinn voru um fimmtíu börn á biðlista eftir viðtali í Barnahúsi og hefur eftirspurnin aldrei verið meiri. Meira en hundrað ný mál hafa borist þangað frá áramótum en sérfræðingar segja álagið hefta bataferli barna sem ekki komist að. **- sv**

### TENGSL GERENDA VIÐ ÞOLENDUR

**179** drengir hafa greint frá kynferðisofbeldi.

- 34 ókunnugur
- 33 frændi
- 27 vinur/kunningi
- 17 faðir/stjúpfaðir
- 17 bróðir
- 16 fjölskylduvinur
- 13 gæsluaðili
- 10 nágranni
- 5 systir
- 4 afi



**GEORGE OSBORNE** Veifar fjárlagatöskunni að gömlum sið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breska ríkisstjórnin sér ekki fram á betri tíð á næstunni:

## Osborne boðar meiri niðurskurð

**BRETLAND, AP** George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, kynnti enn ein niðurskurðarfjárlögin í gær. Ekki er reiknað með miklum efnahagsbata á næstunni, og jafnvel óttast að í þriðja sinn á fjórum árum verði samdráttur tvo ársfjórðunga í röð.

„Við erum hægt en örugglega að lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið í efnahagsmálum okkar," sagði Osborne engu að síður og bar sig nokkuð vel.

Bjórdrykkjufólk og ökumenn fá skattalækkanir og nýir hvatar verða veittir til íbúðakaupa og fjárfestinga. Að öðru leyti er megináhersla fjárlaganna að draga úr ríkisskuldum. **- gb**

Nýtt skip smíðað í Noregi:

## Sérútbúið til að þjóna olíuleit

**SIGLINGAR Fyrirtækið Fáfnir Offshore, sem er að mestu í eigu Steingríms Erlingssonar, hefur gert samning um smíði fyrsta íslenska skipsins sem er sérútbúið til að þjónusta olíuleit. Kostnaðurinn nemur 7,3 milljörðum króna og verður skipið þar með hið dýrasta sem keypt hefur verið af íslensku fyrirtæki.**

**Skipið verður smíðað í Noregi en heimahöfn þess verður í Fjarðabyggð. Það var Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sem greindi frá þessu á opnum fundi í Fosnavaag í Noregi í gær.** **- gb**

Býst við stefnu fyrir páska:

## Krosskonurnar hafna Gunnari

**DÓMSMÁL** Ásta Knútsdóttir og Sesselja Engilráð Barðdal hafa hafnað kröfum Gunnars Þorsteinssonar um afsökunarbeiðni og samtals tíu milljóna króna borgun fyrir meiðyrði.

Gunnar, sem oftast er kenndur við trúfélagið Krossinn, fór fram á þetta við konurnar sökum ummæla þeirra á vefmiðlinum Pressunni, en þær voru talskonur fimm kvenna sem sökuðu Gunnar um kynferðisbrot.

Haft er eftir lögmanni Gunnars á mbl.is að stefnur um fjárhagslegar bætur sem og opinbera afsökunarbeiðni verði birtar konunum fyrir páska. **- sv**

# Stangveiði á Íslandi veltir 20 milljörðum

**Nýting veiðihlunninda á Íslandi veltir orðið tugum milljarða. Tekjur veiðifélaga eru rúmur milljarður. Tengsl við ferðaþjónustu mikilvæg. Forstjóri Veiðimálastofnunar óttast að aðgangur að sjóðum sé minni eftir breytingar á stjórnarráðinu.**

**UMHVERFISMÁL** Nýting veiðihlunninda er ein af stærstu búgreinum á Íslandi. Velta greinarinnar er um 20 milljarðar króna á ári. Um þriðjungur þjóðarinnar stundar stangveiði.



**SIGURÐUR GUÐJÓNSSON**

Þetta var meðal þess sem kemur fram í skrifum Sigurðar Guðjónssonar, forstjóra Veiðimálastofnunar, í ársskýrslu sem kom út í tilefni ársfundar stofnunarinnar í gær.

Sigurður segir jafnframt að hátt á annan milljarð króna séu beinar tekjur veiðifélaga. Nýting veiðihlunninda sé ein af stærstu búgreinum landsins og afar mikilvæg fyrir búsetu víða í sveitum landsins.

Um þriðjungur þjóðarinnar stundar stangveiði, segir Sigurður og bætir við að arðsemi af hverjum veiddum fiski sé óvíða meiri. „Skiptir þar sköpum að nýting í stangveiði er byggð á félagslegum grunni og er nátengd vaxandi ferðaþjónustu í dreifðum byggðum landsins."

Á ársfundinum vék Sigurður að áhyggjum sínum varðandi flutning stofnunarinnar á milli ráðuneyta. Breytingin skapar óvissu um tækifæri til tekjuöflunar, einkum er snýr að aðgengi að rannsóknasjóðum, sem nú eru hýstir hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Stofnunin var færð undir ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála í haust.

„Við höfum notið aðgengis að sjóðum sem áður voru í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins [...] en óvissa um hvort við njótum góðs aðgengis að þeim sjóðum, eins og áður, þá þýðir það verulega skerðingu á okkar getu," sagði Sigurður og bætti við að fjármagn til stofnunarinnar hefði verið bundið við nýtingarmál veiðimála en „ef við eigum að sinna umhverfishliðinni betur þarf augljóslega meira fjármagn".

Stofnunin hafði í fyrra 120 milljónir í sértekjur en fjárveiting ríkisins var rétt rúmar 100 milljónir.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hélt stutta tölu á fundinum. Af henni mátti skilja að áhyggjur forstjóra væru óþarfar; Veiðimálastofnun ætti vel heima í nýju ráðuneyti og vigt hennar yrði meiri með þessum breytingum.

svavar@frettabladid.is



**VIÐ BREIÐDALSÁ** Stangveiðin er stunduð af þriðjungi þjóðarinnar að mati þeirra sem gerst þekkja. MYND/PRÖSTUR ELLIÐASON

### Breytingar í hafinu gera spár erfiðar

Sérfræðingar Veiðimálastofnunar héldu erindi um stöðu íslenska laxastofnsins á ársfundi Veiðimálastofnunar í gær. Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson ítrekuðu það sem áður hefur komið fram í rannsóknum þeirra, að hrun í laxastofninum yrði fyrst og síðast rakið til aðstæðna í hafinu. Spá fyrir næsta sumar var lágstemmd en jákvætt að aðstæður í sjó virðast hagfelldari en árið áður. Breytingar vegna hlýnunar sjávar gera hins vegar allar spár mjög erfiðar.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun og laugardag**
Víða 5-10 m/s en 8-15 syðst.




**Sunnudagur**
3-8 m/s.

**LITLAR BREYTINGAR** Lítur út fyrir prýðisgott veður á morgun og um helgina. Vindur verður fremur hægur og úrkomulítið. Hlýnar smám saman í veðri en má búast við frosti eftir helgi.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | -1° | Gautaborg | 0° | London | 7° | Orlando | 20° | San Francisco | 15° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 18° | Ósló | -4° | Stokkhólmur | -3° |
| Berlín | 2° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 23° | New York | 3° | París | 11° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

husa.is

# PÁSKATILBOÐ Á GRILLUM

## GRILLAÐU PÁSKALAMBIÐ!

**MIKIÐ ÚRVAL AF WEBER OG OUTBACK GRILLUM Á TILBOÐI**



KOMDU OG NÝTTU ÞÉR AFSLÁTTINN

TAKTU FORSKOT Á SUMARIÐ!

weber

OUTBACK

DYNAMO REYKJAVÍK

**PÁSKAMARKAÐUR Í BLÓMAVALI**

PÁSKABLÓMIN OG PÁSKASKRAUTIÐ. ÓTRÚLEGT ÚRVAL!



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu hátt var hámark á kostnað við auglýsingar og kynningu fyrir stjórnmálaflokkanna í aðdraganda síðustu Alþingiskosninga?
**2.** Hvað kostar máltíðin í mötuneyti Seðlabanka Íslands?
**3.** Hvað heitir íslenska konan sem skrifaði handrit kvikmyndarinnar Olympus Has Fallen með Gerard Butler í aðalhlutverki?

**SVÖR**
**1.** 14 milljónir. **2.** 400 krónur. **3.** Katrín Benedikt.

Meint markaðsmisnotkun í Glitni barst sérstökum saksóknara tveimur árum á eftir svipuðum málum:

# Stóra Glitnismálið er komið styst á veg

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari hefur enn til rannsóknar allsherjarmarkaðsmisnotkun í Glitni fyrir hrun. Það mál er skemmra á veg komið hjá embættinu en sambærileg mál sem fyrrverandi stjórnendur Kaupþings og Landsbankans hafa nú verið ákærðir fyrir.

„Það mál er enn í rannsókn, enda barst það nú einhverjum tveimur árum eftir að Kaupþingskæran kom frá Fjármálaeftirlitinu,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Embætti sérstaks saksóknara gaf fyrir síðustu helgi út ákæru á hendur níu fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings fyrir allsherjarmarkaðsmisnotkun. Málið byggði á kæru frá Fjármálaeftirlitinu (FME) til saksóknara frá því í október 2009. Jafnframt var gefin út ákæra á hendur sex fyrrverandi stjórnendum Landsbankans og byggði hún á kæru frá FME frá því í lok október 2010.

Kæran frá FME í sambærilegu máli sem varðar Glitni barst hins vegar ekki fyrr en þegar nokkuð var liðið á árið 2011. Ákærurnar í málum Kaupþings og Landsbankans voru gefnar út fyrir helgi og birtar flestum sakborningum í gær og fyrradag.

Málin tvö eru gríðarlega umfangsmikil – þau stærstu sem embætti sérstaks saksóknara hefur ákært í til þessa. Þau verða bæði þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 24. apríl næstkomandi. Fyrir þann tíma þurfa verjendur sakborninganna að kynna sér málsskjölin, sem eru ófá. Skjölin sem fylgja ákærunni í Kaupþingsmálinu eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins um 17 þúsund blaðsíður og í Landsbankamálinu um 12 þúsund síður.

- sh



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON




# „Shaken baby“ ekki algengt hér á landi

Yfirlæknir barnalækninga hjá Barnaspítala Hringsins segir að ekki sé algengt að tilfelli sem falla undir „shaken baby syndrome“ komi upp hér á landi. Læknum ber lagaleg skylda til að tilkynna öll slys á börnum til barnaverndaryfirvalda.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rannsókn á dauða fimm mánaða gamallar stúlku á mánudag þykir benda til þess að hún hafi látist af völdum heilablæðingar eftir að hafa verið hrist harkalega. Þess háttar fyrirbæri kallast á ensku „shaken baby syndrome“.

Ragnar G. Bjarnason, yfirlæknir barnalækninga hjá Barnaspítala Hringsins, segir í samtali við Fréttablaðið að slíkt komi ekki oft upp hér á landi.

„Nei, það ekki mjög algengt, en það kemur fyrir án þess að ég hafi tíðnitölur um slíkt.“

Ragnar segir að í tilfellum sem þessum sé jafnan um hvítvoðunga að ræða, börn undir eins árs aldri.

„Það er mikilvægt að halda því til haga að læknar rannsaka svona mál ekki sjálfir, heldur tilkynnum við þau til barnaverndaryfirvalda. Okkur ber lagaleg skylda til þess að tilkynna öll slys á börnum, hvort sem um er að ræða áverka, lyfjaeitranir eða annað, án þess að í því felist nokkur ásökun.“

thorgils@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is

## Fjöldi umdeildra sakamála

- Mál af þessu tagi hafa gjarnan verið umdeild og óljóst hvort barn hefur einfaldlega dáið vöggudauða eða verið hrist harkalega, til dæmis sem viðbragð við óstöðvandi grátköstum.
- Eitt mál af þessu tagi hefur komið til kasta dómstóla á Íslandi. Árið 2003 var Sigurður Guðmundsson dæmdur í átján mánaða fangelsi í Hæstarétti fyrir að valda með þessum hætti dauða níu mánaða drengs sem hann hafði í dagvistun í Kópavogi. Héraðsdómur hafði áður dæmt hann í þriggja ára fangelsi. Sigurður hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu og aldrei getað sætt sig við dóminn. Hann fór fram á það fyrir ári að málið yrði endurupptekið.
- Fyrsta málið sem vakti heimsathygli var mál barnfóstrunnar Louise Woodward, sem bandarískir dómstólar dæmdu í lífstíðarfangelsi af þessum sökum árið 1997, en dómurinn var síðan mildaður í manndráp af gáleysi í yfirrétti og Woodward sleppt úr haldi.
- Mál af þessu tagi komust aftur í hámæli um miðjan síðasta áratug í Bretlandi þegar nokkur slík rötuðu fyrir dómstóla og sumum þeirra var vísað frá dómi eða fyrri sakfellingum snúið í sýknudóma.

### HVAÐ ER „SHAKEN BABY SYNDROME“?

Það sem á ensku kallast „shaken baby syndrome“ er í raun safnheiti yfir þrenns konar áverka sem geta hlotist af því að barn sé hrist mjög harkalega eða af ofsa:

- Heilablæðing
- Blæðingar á bak við augu
- Bjúgur í heila

Skýringarmyndin sýnir hvað gerist í höfði barns sem hrist er af miklu afli.




GRAFÍK/BIGGI




Fulltrúar smærri framboðanna vilja lækka þak á auglýsingar flokka:

# Segir fjórflokkinn verja sitt

**STJÓRNMÁL** Smærri framboðin vilja að stjórnmálaflokkarnir nái saman um að lækka það hámark sem stjórnmálaflokkarnir verja til auglýsinga fyrir kosningar. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa flokkarnir ekki náð saman um slíkt þak.



ÁSTA HAFBERG

Fulltrúar nokkurra framboða hittust, að ósk Samfylkingarinnar, fyrir rúmri viku. Þar var rætt um að setja þak á kostnaðinn, en slíkt hefur verið gert í síðustu þremur kosningum. Í alþingiskosningunum 2007 var þakið 28 milljónir króna á flokk, fjórtán milljónir í kosningum til Alþingis árið 2009 og ellefu milljónir í sveitarstjórnarkosningum árið 2010.

Ásta Hafberg, fulltrúi Dögunar, segir að fjórflokkurinn svokallaði, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Samfylking og Vinstri græn, hafi ekki mátt heyra á það minnst að lækka þakið. Atli Fannar Bjarkason, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar, lagði til að það yrði lækkað niður í þrjár milljónir. Dögun studdi það en stakk upp á að hafa þakið 3,5 milljónir.

Ásta segir að svo virðist sem einhugur ríki um málið svo lengi sem það sé á forsendum stóru flokkanna.

- kóp

**28 milljónir** króna var þakið á auglýsingakostnað sem stjórnmálaflokkarnir settu sér árið 2007. Árið 2009 var þakið sett niður í 14 milljónir króna. Nú var lagt til að þakið yrði **3,5 milljónir**



# BÓK MÁNAÐARINS Í HAGKAUP

## Blómstrandi handavinna!

**Blómin og dýrin í garðinum breytast í heklaða, saumaða eða prjónaða smáhluti**







Kynningar verð:
3.699
~~4.499~~

Hér bregða hönnuðirnir Arne og Carlos á leik með fjölmörg skemmtileg verkefni og sækja innblástur í garðinn sinn.

Litríkar lykkjur úr garðinum er einstaklega lífleg og falleg bók fyrir hannyrðafólk og aðra fagurkera.



Ný bók eftir Íslands-vinina Arne og Carlos



Gildir til 1.apríl.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Læknastofa í Kringlunni:**

Ragnar Victor Gunnarsson hefur opnað stofu sem sjálfstætt starfandi heimilislæknir með samning við Sjúkratryggingar Íslands við Heimilislæknastöðina Uppsölum á 3. hæð í Kringlunni, 103 Reykjavík.

Tekið er á móti tímapöntunum og nýskráningum í samlag hans virka daga kl. 9-16 í síma 568-7770.



**Viðskiptatækifæri:**

**VEITINGA-STAÐUR við Laugaveg**

Um er að ræða fallegan, fjölskyldurekinn veitingastað á frábærum stað í miðbænum.

Staðurinn er allur nýstandsettur og hefur verið rekinn um árabil við góðan orðstýr.

Góður rekstur á góðum stað sem hentar vel fjölskyldu eða einstaklingum sem vilja eignast skemmtilegt fyrirtæki í vaxandi atvinnugrein.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni í síma 414 1200, gudni@kontakt.is

**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

globalM&A Iceland

Haukur 03.13

**Ódýrt fyrir heimilið**

**Rauðsprettuflök m/roði** 890 kr.kg

**Þorskgúllas** 1190 kr.kg

- Karríkókós sósa
- Sinneps og Graslaukssósa
- Humarsósa
- Toscanasósa
- Hunangs og Sinnepssósa

**Þorskflök m/roði** 890 kr.kg

Fiskfars ............ 590 kr.kg

Þorskbitar roðlausir beinlausir ... 1190 kr.kg

Rauðsprettuflök roðlaus beinlaus ...... 1190 kr.kg

Þorskhnakkar .... 1190 kr.kg

Skata ............... 790 kr.kg

**Stór Humar** 3990 kr.kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Ofbeldismyndir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

ESA segir ekki skilið nógu vel milli menningar- og samkeppnisreksturs:

# Rannsaka ríkisaðstoð til Hörpu

**UTANRÍKISMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur að fjármögnun á starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu í Reykjavík feli hugsanlega í sér ríkisaðstoð. Það gangi að nokkru leyti gegn ákvæðum EES-samningsins og hefur ESA því ákveðið að hefja formlega rannsókn.

Í tilkynningu frá ESA segir að málið hafi verið tekið upp vegna kvörtunar vegna opinbers stuðnings við ráðstefnuhalds í Hörpu. Ríkinu er heimilt að styrkja menningarstarfsemi en opinbert fé má ekki nýta til að niðurgreiða samkeppnisrekstur, til að mynda ráðstefnuhald.

Bráðabirgðaniðurstaða ESA er að ekki hafi verið sýnt fram á fjárhagslegan aðskilnað milli menningarstarfsemi og samkeppnisreksturs og því samrýmist núverandi fyrirkomulag á fjármögnun Hörpu ekki EES-samningnum.

Opinber útgáfa ákvörðunar ESA verður birt á vefsíðu stofnunarinnar, sennilega innan eins mánaðar. - þj



**RANNSAKA HÖRPUNA** Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu ESA gengur opinbert framlag til Hörpu gegn EES-samningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kennarar geti tekist á við sérþarfirnar

Dósent á menntavísindasviði segir ótækt að auka starfsumfang kennara án aukinnar þekkingar. Rannsóknir sýna að einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun geti bætt hegðun til muna. „Erfiðir“ nemendur mest krefjandi í skólastarfinu.

**MENNTUN** Skóli án aðgreiningar er yfirlýst menntastefna hérlendis en grunnskólakennarar lýsa yfir áhyggjum af því hvernig eigi að takast á við hegðunarvanda í almenna skólaumhverfinu.



**ANNA LIND PÉTURSDÓTTIR**

Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara stóðu sameiginlega að könnun meðal íslenskra grunnskólakennara á síðastliðnu ári en þar kom í ljós að aðeins 42 prósent kennara voru jákvæð eða mjög jákvæð gegnvart stefnunni og 26 prósent kennara, eða rúmlega fjórðungur, voru neikvæð eða mjög neikvæð.

32,6 prósent töldu það hafa gengið vel að fylgja stefnunni en tæplega 30 prósent töldu það hafa gengið illa eða mjög illa. Aðspurðir um hvað í kennarastarfinu væri erfiðast nefndu flestir agavandamál og „erfiða nemendur“ en í þann flokk voru settir bæði „óþægir nemendur“ og nemendur með sérþarfir.

Anna Lind Pétursdóttir, dósent á menntavísindasviði HÍ, segir nauðsynlegt að kennarar fái meiri þekkingu til að takast á við alvarlegar hegðunarraskanir. Rannsóknir sýni að þegar notast er við úrræði á á borð við einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun sem byggð er á virknimati megi fá nemendur sem áður sýndu mjög truflandi hegðun til að bæta hegðun sína til muna. „Að þriðjungur kennara segi í könnuninni að þessi stefna gangi illa hlýtur að endurspegla raunverulegan vandamál. Kennarar þurfa að fá viðeigandi stuðning, handleiðslu og ráðgjöf til þess að láta þetta ganga betur. Það er ekki bara hægt að auka ábyrgð og starfsumfang almenna kennara án þessa að til komi meiri þekking. Þú mætir ekki bara þörfum barna með einhverfu með hyggjuvitinu.“

Anna Lind segir mikilvægt að auka þennan þátt í menntun kennara og sérkennara svo að þeir hafi betri þekkingu á margvíslegum þörfum nemenda og gagnreyndum aðferðum til að mæta þessum sérþörfum. hanna@frettabladid.is



**AUKA ÞARF ÞEKKINGU** Mikilvægt er að kennarar fái meiri þekkingu til að takast á við alvarlegar hegðunarraskanir.

> **Þú mætir ekki bara þörfum barna með einhverfu með hyggjuvitinu.**
> *Anna Lind Pétursdóttir dósent á menntavísindasviði HÍ*

Sambýliskona Davíðs Arnar bíður fregna af dómsmáli hans í Tyrklandi:

# Maður á skilorð í svipuðu máli

**UTANRÍKISMÁL** Svissneskur lögreglumaður var á þriðjudag sakfelldur fyrir tyrkneskum dómstól fyrir að reyna að smygla fornmun úr landi. Christian Varone var dæmdur í eins árs og fimmtán daga fangelsi, skilorðsbundið í fimm ár, og til að greiða andvirði um 36 þúsund króna í sekt, og þykir hafa sloppið með skrekkinn.

Mál Varone er mjög svipað máli Davíðs Arnar Bjarnasonar, sem bíður þess að mál hans verði tekið fyrir hjá tyrkneskum dómstólum. Eins og Davíð var Varone á leið úr landi í Antalya í júlí í fyrra þegar tollverðir fundu stein í farangri hans.

Þóra Björg Birgisdóttir, unnusta Davíðs, segir ekkert nýtt að frétta af máli hans. Davíð Örn bíður réttarhalda en hann er sakaður um að hafa ætlað að smygla fornmun úr landinu eftir frí þeirra Þóru til Antalya.

„Ég talaði við hann í gær [í fyrradag] og hann eyddi öllum deginum í dómshúsinu að bíða og sjá hvort eitthvað gæti gerst og ekkert gerðist. Það eina sem er að gerast er að við bíðum.“

Búist er við því að óbreyttu að réttað verði í máli Davíðs í lok apríl. - bj, þeb



**STEINN VARONE** Deilt var um steininn sem Varone ætlaði með úr landi en niðurstaðan var sú að um brot úr fornri súlu væri að ræða.

**Í TYRKLANDI** Davíð Örn og Þóra í Tyrklandi áður en hann var handtekinn.


DEBENHAMS
Gerðu
lífið
skemmtilegra
THE COLLECTION
DEBENHAMS
20%
AFSLÁTTUR
af öllum kjólum
í dömudeild
Gildir út sunnudag
Opið í kvöld til 21:00
Thorntons
black forest
gateau
chunky
50% afsláttur
af páskaeggjum
20% afsláttur af skóm*
*Gildir ekki af Tamaris og Jessi skóm.
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

FRÁBÆR TILBOÐ!
Gerðu mögnuð kaup!
Allt að 80% lánamöguleikar

Erum með nokkur eintök af góðum bílum á sérstöku páskatilboði.




NISSAN PATROL SE
Nýskr. 05/08, ekinn 43 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.880.000
TILBOÐSVERÐ!
3.990 þús.




CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 36 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr.1.990.000
TILBOÐ kr. 1.490 þús.




OPEL ASTRA WAGON ENJOY
Nýskr. 04/08 ekinn 115 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr.2.050.000
TILBOÐ kr. 1.590 þús.




SUBARU FORESTER PLUS
Nýskr. 10/09, ekinn 77 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.580.000
TILBOÐ kr. 3.180 þús.




BMW X5
Nýskr. 05/06, ekinn 120 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.980.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




NISSAN X-TRAIL LE
Nýskr. 07/09, ekinn 53 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.740.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr. 06/06, ekinn 122 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.290.000
TILBOÐ kr. 1.590 þús.

bílaland
Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


# Ballerínur sagðar þvingaðar í vændi

**Ekkert lát hefur verið á gagnkvæmum ásökunum innan rússneska Bolsjoí-ballettsins eftir sýruárás á listrænan stjórnanda flokksins í janúar. Nú síðast eru yfirmenn sakaðir um að hafa þvingað kvendansara flokksins til að stunda vændi.**

**RÚSSLAND, AP** Anatolí Iksanov, stjórnandi rússneska Bolsjoí-ballettsins, sagðist á blaðamannafundi á þriðjudag ekkert vilja segja um harðar ásakanir frá Nikolaí Tsiskaridse, aðaldansara ballettsins.

Tsiskarisde segir að Iksanov hafi eyðilagt ballettinn og komi fram við dansarana eins og þeir séu þrælar. Í sjónvarpsþætti á sunnudag sagðist Tsiskaridse vel geta tekið að sér að stjórna Bolsjoí.

Með honum í sjónvarpsþættinum kom fram Anastasia Volotsjkova, fyrrverandi aðaldanskona ballettsins, sem tók undir ásakanirnar og bætti því við að Iksanov hefði þvingað helstu kvendansara ballettsins til að stunda vændi. Ætlast hefði verið til af þeim að þær færu út með stjórnarmeðlimum og velgjörðarmönnum ballettsins og svæfu hjá þeim, ef eftir því væri óskað.

„Yfirmaður hringdi í þær og sagði að þær ættu að fara í partí og kvöldmat sem myndi enda í rúminu,“ sagði Volotsjkova í sjónvarpsþættinum. „Þegar stúlkurnar spurðu yfirmanninn hvað myndi gerast ef þær neituðu var svarið: Þið lendið þá í erfiðleikum í Bolsjoí.“

Þar sem þátturinn var sýndur á ríkisrekinni sjónvarpsstöð þykir ólíklegt annað en að rússnesk stjórnvöld séu farin að hugsa sér að gera breytingar á yfirstjórn ballettsins.

Iksanov hefur stjórnað Bolsjoí-ballettinum í þrettán ár og hefur notið velvildar Vladimírs Pútín forseta. Tsiskaridse er á hinn bóginn einnig sagður njóta stuðnings í æðstu röðum rússneskra ráðamanna.

Harðvítug valdabarátta hefur geisað árum saman í ballettinum en upp úr sauð í janúar þegar ráðist var með sýru á Sergei Filin, listrænan stjórnanda ballettsins og náinn samstarfsmann Iksanovs.

Málið tók síðan nýja stefnu eftir að Tsiskaridse kom félaga sínum, dansaranum Pavel Dimitritsjenkó sem viðurkennt hefur að hafa fengið vin sinn til að þrýsta á Filin, til varnar og tók undir gagnrýni hans á Filin.

Iksanov kennir hins vegar Tsiskaridse alfarið um að hafa spillt andrúmsloftinu innan ballettsins með ásökunum sínum. Þá hefur Diljara Timergasína, aðstoðarkona Filins, tekið undir þessar ásakanir á hendur Tsiskaridse, sem hún segir aðaluppsprettu spennunnar innan flokksins. gudsteinn@frettabladid.is



**NIKOLAÍ TSISKARIDSE** Aðaldansari ballettsins vill taka að sér stjórnina. NORDICPHOTOS/AFP

## Sýruárás á listrænan stjórnanda

Þann 17. janúar var ráðist á Sergei Filin, listrænan stjórnanda ballettsins, og sýru slett framan í hann. Filin hlaut alvarleg meiðsli á andliti og var um sinn tvísýnt um sjón hans en svo virðist sem hann muni ná sér að mestu.

Einn dansaranna, Pavel Dimitritsjenkó, var síðan handtekinn í byrjun mars og viðurkenndi að hafa þegið boð frá kunningja sínum, þekktum ofbeldismanni, um að ganga hart að Filin.

Dimitritsjenkó fullyrðir hins vegar að ofbeldismaðurinn hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að skvetta sýrunni og þar með gengið lengra en ætlast var til.


NÝHERJI
Gjafir sem gefa af sér
Lenovo fartölvur
Verð frá: 119.900 kr.




Borgartúni 37, Reykjavík / Kaupangi, Akureyri / netverslun.is

**skattur.is**

# Í dag

## er síðasti skiladagur skattframtala




### Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars.**

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 3. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

### Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

### Veflyklar

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is. og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

### Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 2. og 3. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Fyrr á ferðinni en síðustu ár:

## Herjólfur sigldi í Landeyjahöfn

**SAMGÖNGUR** Herjólfur fór fyrstu ferðir ársins í Landeyjahöfn í vikunni. Þar hafa tvö sanddæluskip starfað undanfarið við að dýpka höfnina. Skipið er heldur fyrr á ferðinni í Landeyjahöfn en síðustu ár. Í fyrra var fyrsta ferð í aprílbyrjun og maíbyrjun 2011.

Á bókunarvef Herjólfs hjá Eimskipi er farþegum bent á að enn sé töluvert eftir af marsmánuði og allra veðra von. Því sé mikilvægt að fylgjast vel með tilkynningum á www.herjolfur.is. - óká



Fyrsta heimsóknin til Ísrael:

## Obama gantast við Netanjahú

**ÍSRAEL, AP** Fyrsta erlenda opinbera heimsókn Baracks Obama á sínu öðru kjörtímabili er til Ísraels. Obama lenti í gær og gantaðist við Netanjahú forsætisráðherra Ísraels að með heimsókninni væri hann að „losna frá þinginu“. Forseti Ísraels, Shimon Peres, tók á móti Obama og sagði að „heimurinn yrði drungalegri án forystu Bandaríkjanna“. Obama svaraði og sagði Bandaríkin „sterkustu bandalagsþjóð og besta vin“ Ísraels.



**BARACK OBAMA**

# Grískur harmleikur á Kýpur

Kýpverjar hafa leitað eftir neyðarláni til að fjármagna björgun ríkisins á ógnarstóru bankakerfi landsins sem gríska fjármálakrísan hefur leikið grátt. Tillaga ESB um skatt á kýpverskar innstæður vakti mikla reiði.

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað gerðist á Kýpur?

Stjórnvöld á Kýpur tilkynntu um síðustu helgi að þetta litla eyríki í Miðjarðarhafi stæði frammi fyrir fjármálakreppu. Leitaði Kýpur fyrir vikið til þríeykisins svokallaða; Evrópusambandsins, Seðlabanka Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og hefur farið fram á neyðarlán.

Þessi tilkynning kom mörgum á óvart enda hefur Kýpur þótt standa alþjóðlegu fjármálakreppuna tiltölulega vel af sér miðað við önnur evruríki. En þótt raunhagkerfið hafi sloppið furðu vel við fjármálakreppuna er ekki hægt að segja það sama um banka landsins. Kýpverskir bankar eru nefnilega fullir af grískum skuldabréfum sem hafa hríðfallið í virði eftir því sem grísku efnahagskrísunni hefur fleygt fram.

Kýpverska ríkið hefur því neyðst til þess að hlaupa undir bagga með bankakerfinu, sem er eitt hið stærsta í Evrópu sem hlutfall af landsframleiðslu. Þessar aðgerðir hafa valdið snarversnandi stöðu ríkisfjármála og hefur ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa skotist upp í ósjálfbærar tölur.

Um síðustu helgi voru kynntar tillögur að björgunarpakka frá þríeykinu. Ólíkt fyrri björgunarpökkum sem smíðaðir hafa verið fyrir ríki í vanda á evrusvæðinu fólu þessar tillögur í sér skatt á innstæður í kýpverskum bönkum að kröfu hóps hinna ríkari evruríkja sem vildu lækka kostnað sinn við björgunarpakkann.

Var hugmyndin sú að allar innstæður upp að 100 þúsund evrum, jafngildi 16,3 milljóna króna, yrðu skattlagðar um 6,75% og allar innstæður umfram það um 9,9%. Var sú leið talin hafa þann kost umfram venjulega skatta að stór hluti höggsins myndi falla á erlenda innstæðueigendur, helst auðuga Rússa, sem eiga mikla fjármuni í kýpverskum bönkum.

Tillagan vakti hins vegar gríðarlega hörð viðbrögð jafnvel þótt síðar hefði verið lagt til að hlífa öllum innstæðum upp að 20 þúsund evrum. Töldu Kýpverjar ótækt að skattleggja innstæður sem eiga að heita ríkistryggðar. Þá hefur sú staðreynd vakið marga til reiði að tap bankanna má að hluta til rekja til björgunarpakka þríeykisins gagnvart Grikklandi sem fólu í sér miklar afskriftir á virði grískra ríkisskuldabréfa.

Að lokum fékk tillagan engin atkvæði í kýpverska þinginu þegar kosið var um hana á þriðjudag. Það er því enn óvíst hvernig krísan verður leyst en þríeykið hefur krafist þess að kýpversk stjórnvöld afli alls 5,8 milljarða evra sjálf til að fá neyðarlánin. Innstæðuskatturinn hefði aflað þeirrar upphæðar en sú leið kemur vart til greina lengur. Hafa kýpversk stjórnvöld því meðal annars rætt við Rússa um aðkomu að björgunarpakkanum en lyktir málsins eru enn óvissar.

magnusl@frettabladid.is



**NÍKÓSÍU Á ÞRIÐJUDAG** Tillögur um skatt á innstæður í kýpverskum bönkum vöktu gríðarlega reiði meðal almennings á Kýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**9,9%** skatt átti að leggja á innstæður yfir 100 þúsund evrum en kýpverska þingið hafnaði því.




FJÓRHJÓLADRIFINN QASHQAI DÍSIL FRÁ 5.090 ÞÚS. KR.

NISSAN
SHIFT_
NISSAN QASHQAI

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17“ álfelgur og margt fleira

Eldsneytisnotkun einungis frá 4,6l/100km.

ENNEMM / SÍA / NM56940

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070



Viðhaltu fegurðinni.
*Samkvæmt könnun á meðal viðskiptavina og klínískum rannsóknum.
NÝTT VISIBLE DIFFERENCE
SÉRSNIÐNA HÚÐVÖRULÍNAN ÞÍN SKILAR SJÁANLEGUM MUN Á 14 – 21 DEGI.*
Ekkert er fallegra en falleg húð. Hvort sem húð þín er þurr, feit eða stundum bæði, mun nýja VISIBLE DIFFERENCE línan frá Elizabeth Arden gefa húð þinni rakan sem hún þarf til að ná heilbrigðu og ljómandi útliti.
20 % KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF VISIBLE DIFFERENCE LÍNUNNI
vikuna 21 - 27 mars í Hagkaup Holtagörðum, Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.
Fallegir kaupaukar** fylgja með Ceramid, 8Hour og Green Tea línunum.
Elizabeth Arden
NEW YORK
**Gildir til 27.mars á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# MacBook Pro




## Fermingartilboð: **219.990.-***

**Verð áður:** 229.990.- *Vörunr. Z0MT*



Apple TV
Verð: **22.990.-**



GoPro Vídeo upptökuvél
Verð frá: **62.990.-**



Wacom teikniborð
Verð frá: **12.990.-**



Shattered bakpoki
Verð: **9.990.-**



Gítar fyrir iPad, iPhone eða iPod Touch
Fermingartilboð: **14.990.-**
Fullt verð: 19.990.-



ION USB hljómborð
Verð: **14.990.-**
Fullt verð: 19.990.-



Skullcandy heyrnatól
Verð frá: **3.990.-**



Bower & Wilkis P3 heyrnatól
Verð: **49.990.-**




Harman Kardon hátalari
Verð: **44.990.-** Bluetooth
Þráðlaus / bluetooth



Vibro hátalari
Verð: **17.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl eða meðan birgðir endast.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

**epli.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300

# iPad mini




## Verð frá: **59.990.-**

Haltu á hinum stafræna heimi í einu undratæki sem smellpassar í lófann.

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt um land allt

Þú gætir átt möguleika á að vinna

# iPad mini

Taktu þátt á: **www.epli.is/fermingar**








**HÚSRÁÐ** Þrif á tréáhöldum

## Varist að nota uppþvottavélina



Mörgum finnst gott að nota tréáhöld í eldhúsinu, sér í lagi þar sem þau skemma síður teflonhúðaða potta og pönnur. Aðeins þarf samt að gæta að sér í þrifum á áhöldunum því uppþvottavélar geta skemmt tréáhöldin. Betra er að þvo þau upp úr volgu sápuvatni og þurrka svo vel, eða láta þorna. Þá er ekki gott að láta uppáhaldssleifina liggja í óhreinu uppþvottavatni vegna þess að þá dregur hún í sig óhreinindin.

**NEYTANDINN** Arnar Gauti Sverrisson

## Með hugann við eldhúsið



„Bestu kaupin sem ég hef gert er sjálfvirka yndislega kaffivélin mín," segir Arnar Gauti Sverrisson, tískumógúll og meðstjórnandi nýs tískutímarits sem kemur út á næstu misserum. „Hún malar baunir í hvern bolla og gefur mér þennan stórkostlega góða kaffibolla á hverjum morgni sem ég get ekki verið án." Verstu kaup Arnars Gauta eru líka tengd eldhúsinu, grænmetishnífur sem hann segir hafa litið svakalega vel út í hillunni, en stóðst svo engan veginn prófið þegar á reyndi. „Svo er það líka rifjárn sem átti að gera stórkostlega hluti við grænmeti, en mig minnir að hvort tveggja hafi endað í ruslinu eftir fyrstu notkun."




# Betra bílferðalag með réttum búnaði

Skilja á eftir ferðaáætlun. Mikilvægt er að taka með teppi eða svefnpoka fyrir börnin. Stöðva á reglulega til að allir geti hvílst. Sjúkrataska nauðsynleg í bílinn.

„Það fyrsta sem hver ferðalangur á að gera sé ferðast utan alfaraleiða er að skilja eftir ferðaáætlun sína hjá einhverjum sem getur fylgst með ferðalaginu." Þetta segir Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Hann bendir á vef Landsbjargar, www.safetravel.is, í því sambandi.

„Þegar ferðast er að vetrarlagi, hvort sem er á þjóðvegum landsins eða utan þeirra, ætti alltaf að taka með nesti, hlý föt og jafnvel teppi eða svefnpoka. Ef börn eru með í för er þetta enn mikilvægara. Oft geta ferðalög tafist vegna snjóa eða veðurs og skiptir þessi búnaður þá ansi miklu."

Farangur er oft mikill þegar til stendur að dvelja að heiman í nokkra daga og þá þarf að hafa í huga að pakka rétt í bílinn. Á vefsíðu félags sænskra bifreiðaeigenda er bent á mikilvægi þess að pakka rétt til þess að draga úr hættunni á að farangurinn fari á ferð ef bremsa þarf snögglega.

Pakka á því þyngsta neðst og næst hliðunum í skottinu og fyrir aftan farþegasætin. Skíðum og léttum farangri á að pakka þétt í farangursbox ef slíkt er á bílnum. Gæta þarf þess að festa vel farangur sem settur er á farangursgrind.

Á vefsíðunni er bent á að oft taki það lengri tíma en reiknað var með í upphafi að komast á áfangastað þegar margir eru á ferð á vegunum. Þá skipti máli að stöðva öðru hverju svo að bæði ökumaður og farþegar geti hvílst.

Jónas leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa sjúkratösku meðferðis auk annars öryggisbúnaðar. „Sjúkrataska á að vera í hverjum bíl auk viðvörunarþríhyrnings og endurskinsvestis sem nota á ef stöðva þarf bílinn á vegum þar sem umferð er. Skóflu er gott að vera með þegar ferðast er að vetrarlagi og í raun nauðsynlegt."

Á vefnum www.safetravel.is má finna tillögur að útbúnaðarlistum fyrir allmargar tegundir ferða, bæði að sumar- og vetrarlagi.

ibs@frettabladid.is

Varúðarmerkingu vantar á matvæli vegna litarefna þrátt fyrir reglugerð:

# Varasöm litarefni enn í notkun

Neytendasamtökin segja það óásættanlegt að varasöm litarefni í matvælum skuli enn vera í umferð án tilskilinna merkinga. Greint er frá því á vef samtakanna að reglugerð Evrópusambandsins, ESB, um varúðarmerkingar hafi verið innleidd fyrir einu ári hér á landi. Fyrir fimm árum sendu Neytendasamtökin Samtökum iðnaðarins bréf og hvöttu framleiðendur til þess að skipta efnunum út hið fyrsta en bíða ekki eftir því að reglur ESB yrðu innleiddar.

Neytendasamtökin benda á að margir sælgætisbarir séu án nokkurra merkinga en litarefnin sé einmitt helst að finna í sælgæti. Varasömu litarefnin, svokölluð asó-litarefni, geti valdið ofnæmisviðbrögðum og grunur leiki á að tengsl séu á milli neyslu þeirra og ofvirkni.

Fulltrúi Neytendasamtakanna fann í einni ferð í hefðbundna matvöruverslun nokkrar vörur sem innihalda efnin skv. innihaldslýsingu. Viðvörun var hins vegar ekki á umbúðunum eins og reglur kveða á um.

Samkvæmt frétt Neytendasamtakanna er heimilt að hafa varúðarmerkingu á matvælum á ensku eða Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Samtökin segja nauðsynlegt að merkingin sé þannig að allir neytendur skilji hana óháð tungumálakunnáttu. - ibs



**SÆLGÆTI** Margir nammibarir eru án nokkurra merkinga.




# > Öflugri landsbyggð í alfaraleið

Nú í mars urðu þáttaskil í sjóflutningum af landsbyggðinni þegar Samskip hófu siglingar á nýrri leið sem tengir Akureyri, Ísafjörð og Reyðarfjörð beint við markaði í Evrópu.

Við erum stolt af því að geta boðið innlendum og erlendum viðskiptavinum okkar þann hraða, hagkvæmni og sparnað sem hlýst af greiðari leið vörunnar til viðskiptavinarins.

www.samskip.com

SAMSKIP
Saman náum við árangri

ENNEMM / SIA / NM56156








Viðbrögð fyrirtækja við sveiflum á krónu ólík:

# Fljótari að hækka

**EFNAHAGSMÁL** Styrking krónunnar hefur í öllum tilfellum minni áhrif á verðlag en veiking hennar gerir til skamms tíma. Vörur hafa því fremur tilhneigingu til að hækka í verði en lækka.

Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Kára Joensen, lektors við Háskólann á Bifröst, á þróun gengis á verðlag. Kári kynnir niðurstöður sínar á fundinum „Verslun og velgengni“ á Hótel Sögu í dag. Að fundinum standa Rannsóknasetur verslunarinnar í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, VR og SVÞ.

Í tilkynningu um fundinn eru niðurstöður Kára sagðar staðfesta fullyrðingar sem oft sé varpað fram um að viðbrögð fyrirtækja séu ólík eftir því hvort gengi styrkist eða veikist. Þá komi líka fram að slík hegðun sé ekki séríslenskt fyrirbæri.

Á fundinum fjalla fræðimenn um



**PENINGAR** Meðal þess sem fjallað er um á fundi á morgun er áhrif gengis á verðlag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þátt verslunar í hagvexti, mikilvægi fræðslustarfs og fleiri hluti. Auk Kára eru með erindi Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknasetursins, Ágúst Einarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, og John Dawson, prófessor við Háskólann í Stirling og Edinborgarháskóla. **- óká**

Vaxtaákvörðun í gær:

# Stýrivextirnir verða óbreyttir

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær við reglubundna vaxtaákvörðun að vöxtum bankans yrði haldið óbreyttum um sinn.

Í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á kynningarfundi í gær kom fram að nýlegar hagtölur bentu til þess að hægst hefði á efnahagsbatanum. Þá hefði verðbólga hækkað nokkuð í febrúar en á móti hefði gengi krónunnar hækkað. Loks sagði Már að eftir því sem efnahagsbatinn héldi áfram þyrfti að auka aðhald peningastefnunnar en verðbólgan réði mestu um hvort það yrði gert með hærri nafnvöxtum eða ekki.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar kom ekki á óvart enda höfðu spár gert ráð fyrir óbreyttum vöxtum. Stýrivextir eru eftir sem áður 6% og hafa verið óbreyttir frá því í nóvember. **- mþl**

## ÞÁTTTAKENDUR Í SAMRÁÐSVETTVANGNUM


**Ragna Árnadóttir** formaður


**Katrín Olga Jóhannesdóttir** varaformaður

### STJÓRNMÁLAFLOKKAR Á ÞINGI


**Bjarni Benediktsson** Sjálfstæðisflokki


**Katrín Jakobsdóttir** Vinstri grænum


**Árni Páll Árnason** Samfylkingu


**Þór Saari** Hreyfingunni


**Sigmundur D. Gunnlaugsson** Framsóknarflokki

### VINNUMARKAÐURINN


**Elín Björg Jónsdóttir** BSRB


**Gylfi Arnbjörnsson** ASÍ


**Þorsteinn Víglundsson** SA


**Guðlaug Kristjánsdóttir** BHM


**Hreggviður Jónsson** VÍ


**Margrét Guðmundsdóttir** FA

### ATVINNULÍFIÐ


**Björgólfur Jóhannsson** Icelandair Group


**Magnús Geir Þórðarson** Borgarleikhúsið


**Eggert B. Guðmundsson** N1


**Pétur H. Pálsson** Grindavík


**Helga M. Reykdal** True North


**Birna Einarsdóttir** Íslandsbanki


**Vilborg Einarsdóttir** Mentor


**Janne Sigurðsson** Alcoa


**Jón Sigurðsson,** Össur

### HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ


**Jón Atli Benediktsson** HÍ


**Ari Kristinn Jónsson** HR

### OPINBER STJÓRNSÝSLA


**Halldór Halldórsson** Samband íslenskra sveitarfélaga


**Ragnhildur Arnljótsdóttir** forsætisráðuneyti

# Ísland setji sér skýr efnahagsmarkmið

Verkefnisstjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld hefur kynnt þrjú skýr markmið Íslands í efnahagsmálum og níu tillögur um bættan ramma hagkerfisins. Samráðsvettvangurinn vinnur nú hörðum höndum að mótun hagvaxtarstefnu.

Stefna skal að 3,5% meðalhagvexti og 2,5% meðalverðbólgu hér á landi til ársins 2030. Þá á skuldahlutfall hins opinbera að vera komið niður fyrir 60% af landsframleiðslu árið 2030 að meðtöldum ófjármögnuðum skuldbindingum. Þetta eru markmið verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld sem hittist í annað sinn í gær.

Um er að ræða vettvang leiðtoga í stjórnmálum, viðskiptalífi, fræðasamfélagi og á vinnumarkaði sem mun funda fjórum sinnum en lokatillögur hans eiga að liggja fyrir í september. Formaður þessa 26 manna hóps verður Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Hópnum er ætlað að móta heildstætt og óháð yfirlit yfir aðgerðir sem stuðlað geta að langtímahagvexti og efnahagslegum stöðugleika. Samhliða mun sjálfstæð verkefnastjórn, sem Friðrik Már Baldursson prófessor stýrir, vinna að mótun tillagna sem eiga að geta stuðlað að sömu markmiðum.

Á fundinum í gær var rætt um svokallaðan þjóðhagsramma hagkerfisins en þá er átt við fjármál hins opinbera, peningamál, forsendur á vinnumarkaði og fyrirkomulag húsnæðismála.

Þegar hafa verið talin upp þau markmið sem verkefnisstjórnin hefur lagt til. Viðurkennir hún fúslega að þau séu metnaðarfull en þau samsvara betri árangri í efnahagsmálum en Ísland og raunar OECD-ríkin að meðaltali náðu á árunum 1991 til 2011. Þau ríma hins vegar ágætlega við árangur Svíþjóðar í efnahagsmálum frá lokum síðustu aldar.

Þá kynnti verkefnisstjórnin í gær níu tillögur sem ætlað er að styðja við aukinn efnahagslegan stöðugleika og trúverðugleika hagkerfisins. Má þar nefna að sett verði regla um hagsveifluleiðréttan afgang af fjárlögum, stofnun óháðs fjármálaráðs sem fylgist með fjármálum hins opinbera, að þróuð verði þjóðhagsvarúðartæki fyrir Seðlabankann og að gerðar verði umbætur á fyrirkomulagi kjarasamningi.

Þá leggur verkefnisstjórnin til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag á húsnæðismarkaði sem svipar til þess sem er að finna í Danmörku. Hefur ASÍ áður kynnt sömu tillögu.

Samráðsvettvangurinn mun hittast næst í seinni hluta maí en þá verða beinar tillögur um hvernig auka má hagvöxt hér á landi rædd-ar.

magnusl@frettabladid.is

## McKinsey-skýrsla kom starfinu af stað

Stofnun samráðsvettvangsins má rekja til þess þegar alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey & Company kynnti skýrslu um leið Íslands til aukins hagvaxtar í lok október í fyrra. Skýrslan var unnin að frumkvæði fyrirtækisins og endurspeglaði því óháð mat þess. Í henni var íslenskt efnahagslíf greint, fjallað var um tækifæri landsins til framþróunar og aðgerðir sem grípa þyrfti til svo að auka mætti velsæld hér á landi.

# TOPPBÍLAR

## Tilboðsdagar


2.890.000 kr.

BMW 3 320d. Árg. 2006
Ekinn 93.000 km. dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000. **TILBOÐ 2.890.000 kr.**
Rnr.335300.


3.990.000 kr.

TOYOTA LC 120 vx. Árg. 2006
Ekinn 170.000 km. dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000. **TILBOÐ 3.990.000 kr.**
Rnr.371102.


2.890.000 kr.

VOLVO Xc90 2.5 turbo. Árg. 2005
Ekinn 127.00 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.490.000. **TILBOÐ 2.890.000 kr.**
Rnr.285811.


890.000 kr.

HYUNDAI Getz gls. Árg. 2008
Ekinn 111.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.090.000. **TILBOÐ 890.000 kr.**
Rnr.371011.


3.990.000 kr.

TOYOTA LC 120 vx. Árg. 2008
Ekinn 170.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.190.000. **TILBOÐ 3.990.000 kr.**
Rnr.285817.


2.390.000 kr.

CHEVROLET Captiva. Árg. 2007
Ekinn 120.000 km. dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000. **TILBOÐ 2.390.000 kr.**
Rnr.371125.


395.000 kr.

TOYOTA Avensis wagon. Árg. 2000
Ekinn 177.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 590.000. **TILBOÐ 395.000 kr.**
Rnr.371119.


1.090.000 kr.

TOYOTA Yaris terra. Árg. 2006
Ekinn 82.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.290.000. **TILBOÐ 1.090.000 kr.**
Rnr.285872.


1.890.000 kr.

AUDI A4 sedan 130 hö.. Árg. 2006
Ekinn 92.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.290.000. **TILBOÐ 1.890.000 kr.**
Rnr.371141.


3.490.000 kr.

TOYOTA LC 120 gx. Árg. 2006
Ekinn 115.000 km. dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.290.000. **TILBOÐ 3.490.000 kr.**
Rnr.370918.


990.000 kr.

TOYOTA Corolla h/b luna. Árg. 2006
Ekinn 159.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.290.000. **TILBOÐ 990.000 kr.**
Rnr.371130.


1.290.000 kr.

LEXUS Is200. Árg. 2004
Ekinn 127.000 km bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.690.000. **TILBOÐ 1.290.000 kr.**
Rnr.371098.


3.190.000 kr.

TOYOTA LC 120 gx. Árg. 2006
Ekinn 211.000 km.dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000. **TILBOÐ 3.190.000 kr.**
Rnr.335204.


790.000 kr.

TOYOTA Yaris terra. Árg. 2005
Ekinn 125.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 990.000. **TILBOÐ 790.000 kr.**
Rnr.371036.


1.290.000 kr.

FORD Focus trend. Árg. 2007
Ekinn 104.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.690.000. **TILBOÐ 1.290.000 kr.**
Rnr.371158.


2.190.000 kr.

SUBARU Legacy lux. Árg. 2008
Ekinn 79.000 km.bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000. **TILBOÐ 2.190.000 kr.**
Rnr.132272.


1.150.000 kr.

TOYOTA Avensis wagon sol. Árg. 2004
ekinn 177.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000 **TILBOÐ 1.150.000 kr.**
Rnr.335311.


6.290.000 kr.

KIA Sorento ex luxury Árg. 2012
Ekinn 29.000 km. dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.990.000. **TILBOÐ 6.290.000 kr.**
Rnr.132275.


1.890.000 kr.

TOYOTA Previa 7 manna. Árg. 2006
Ekinn 177.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000. **TILBOÐ 1.890.000 kr.**
Rnr.371115.


1.990.000 kr.

TOYOTA LC 120 gx "33. Árg. 2004
Ekinn 144.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.890.000. **TILBOÐ 1.990.000 kr.**
Rnr.370839.


Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050


Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054


Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo
Reiknaðu með okkur

**Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16**

TOPPBÍLAR Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
PÁSKAEGG
Í BÓNUS
129
KR. 2 ltr.
BÓNUS KOLSÝRT VATN 2 ltr.
459
KR. KG
FERSK MANGÓ
459
KR. 750g
FERSK AVÓCADOPAKKAÐ 750 gr
Pineapple
Mango
498
KR 1000g
Strawberry
Strawberry
459
KR 1200g
FROSIN JARÐARBER, ANANAS OG MANGÓ
2098
KR. 1 kg
BÓNUS RISA-
PÁSKAEGG 1 KG.
GLEÐILEGA PÁSKA
698
KR. 150g
NÓA SÍRÍUS NR.3
PÁSKAEGG
Feti
Feti
298
KR. 250g
BÓNUS FETI 250gr
259
KR. 1 KG
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG. / 26 SNEIÐAR
98
KR. 5 STK
BÓNUS FIMM FLATKÖKUR Í PAKKA
459
KR. 170g
BÓNUS HANGIÁLEGG 170 gr
149
KR. 185ml
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 10% & 18%
198
KR. 400 G
259
KR. 400 G
VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG
GERÐU ÞÍNA
EFTIRLÆTIS PIZZU
HEIMA HJÁ ÞÉR
198
KR. 430 G
198
KR. 200 G
BÓNUS 430 GRÖMM
PIZZASÓSA
BÓNUS
PIZZABLANDA
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
K.S. FROSIÐ LAMBALÆRI 1098 KR.KG
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
K.S. FROSIN LAMBABÓGUR 779 KR.KG
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
K.S. FROSIÐ LAMBAFILLET 3198 KR.KG
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
FRONSAR
HOLLENSKAR GRÍSALUNDIR
1498
KR. KG
KJARNAFÆÐI
100% KJÖT
1698
KR. PK
NAUTGRIPA-
HAMBORGARAR
FROSNIR 10 STK / 120 gr
EURO SHOPPER
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g
EUROSHOPPER
ÓDÝRUSTU
KJÚKLINGA-
BRINGURNAR
Í BÓNUS
1579
KR. 900 GR
KJÚKLINGA VÆNGIR 279 KR.KG
KJÚKLINGA BRINGUR 1995 KR.KG
KJÚKLINGA LEGGIR 695 KR.KG
HEILL FERSKUR 759 KR.KG
KS
198 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
KS FROSIN LAMBALIFUR
FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUT-GRÍS-LAMB 100% KJÖT
ÞÚ KRYDDAR
ÞAÐ ER ÓDÝRARA
998
KR. KG
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# SKOÐUN

Skattgreiðendur munu borga „leiðréttingu“ lána:

## Lánaleiðréttlæti

Íslenzka ríkið er umsvifamikið á lánamarkaði í landinu eins og fram kom í úttekt í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, í gær. Þegar horft er á útlán í heild eru opinberir lánasjóðir auk Landsbankans, sem er að stærstum hluta í eigu ríkisins, með um 39 prósent af lánamarkaðnum.

Ef hins vegar er horft á lán til einstaklinga eingöngu er hlutur lánastofnana í eigu okkar skattgreiðenda miklu hærri, eða 64 prósent. Þar vega húsnæðis- og námslán þyngst. Íbúðalánasjóður er með tæplega 60% hlutdeild á fasteignalánamarkaðnum og lífeyrissjóðirnir okkar um 15% til viðbótar.




**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Þessar tölur þarf fólk að hafa í huga þegar það hlustar á loforðaflaum stjórnmálamanna fyrir komandi kosningar um lækkun eða „leiðréttingu“ á skuldum almennings.

Það þarf að minnsta kosti að spyrja stjórnmálamennina sem veifa slíkum gylliboðum hvernig eigi að fara að því að láta lánastofnanir í eigu okkar skattgreiðenda skrifa niður allt að 20% af eignum sínum, útlánunum, án þess að það kosti eigendurna, skattgreiðendurna, krónu.

Svo mikið er víst að ekki er hægt að fjármagna stórfellda lánalækkun hjá bönkum og sjóðum í opinberri eigu með því að svíða „vogunarsjóði“ – sem er ljóta orðið yfir erlenda kröfuhafa í þrotabú föllnu bankanna. Þeir eru reyndar ekki allir vogunarsjóðir.

Í tilviki Íbúðalánasjóðs eru kröfuhafarnir aðallega innlendir lífeyrissjóðir, sem eru í eigu sama fólksins; almennings í landinu, skattgreiðendanna og lántakendanna. Ef þeir eiga að bera tapið kemur það niður á lífeyri þeirra gömlu og veiku og fjárhagslegu öryggi okkar hinna í framtíðinni. Ef þvinga ætti lífeyrissjóðina til að skrifa niður sín útistandandi lán til einstaklinga hefði það sömu afleiðingar.

Hugtökin réttlæti og ranglæti koma stundum við sögu í umræðunni um „leiðréttingu“ skulda. Auðvitað finnst mörgum ranglátt að lánin hafi snarhækkað hjá fólki við hrun krónunnar. Skilningurinn á því að „leiðréttingin“ á hækkuninni hljóti alltaf að kosta einhvern eitthvað fylgir hins vegar ekki alltaf réttlætiskenndinni.

Það má spyrja hvort meira réttlæti sé í því fólgið að byrðum þeirra sem glíma við stökkbreytt lán sé velt yfir á til dæmis fólk sem nálgast starfslok og á húsnæðið sitt skuldlaust – hugsanlega búið að borga niður margar „stökkbreytingar“ í formi hækkana lána eftir gengisfellingar og verðbólguskot – annaðhvort í formi hærri skatta eða skertra lífeyrisgreiðslna, nema hvort tveggja sé. Það má líka spyrja hvort það sé réttlátt að sá sem tók litla áhættu, lítið lán og keypti viðráðanlega eign borgi fyrir þann sem tók mikla áhættu og hátt lán. Enn má bæta við hvort það sé eitthvert réttlæti í því að sá fyrrnefndi verði skattlagður til að hjálpa hinum, jafnvel þótt sá síðarnefndi sé með hærri tekjur.

Þannig má halda áfram að velta fyrir sér réttlæti og ranglæti í þessum efnum en lykilspurningin er þó þessi: Er eitthvert réttlæti í því að aðrir séu látnir borga lán en þeir sem tóku þau?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



PÁSKATILBOÐ



Hannað fyrir Ísland

13,2 kw/h

99.900

FULLT VERÐ 109.900

Yfir 10 ára reynsla á Íslandi

www.grillbudin.is

LANDMANN

Er frá Þýskalandi

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÞEIM VÖRUM SEM ERU Á TILBOÐI


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Snautleg sátt

Þá er komin lending í sáttatillögu þá sem Árni Páll Árnason, Katrín Jakobsdóttir og Guðmundur Steingrímsson lögðu fram í stjórnarskrármálinu. Hún felst í því að þingmenn fá ekki að greiða atkvæði um tillöguna. Tillagan var kynnt sem sáttatillaga þegar hún var lögð fram en strax frá fyrstu stundu var ljóst að sáttin um hana var minni en flutningsmenn höfðu vonast eftir. Nokkur samtöl við eigin flokksmenn hefðu til að mynda forðað formanni Samfylkingarinnar frá pirringi sumra samflokksmanna hans. Eftir stendur að engin sátt ríkir um málið. Hið glæsta lýðræðisferli ríkisstjórnarinnar, þar sem þjóðin var kölluð til samráðs um eigin grundvallarlög, verður því að engu þar sem þingmenn eru ósammála um hvenær slíta eigi þingi.



### Átta dagar nægðu árið 2009

Rökin fyrir því að klára ferlið ekki núna eru ekki síst þau að þingmenn þurfi að komast í kosningabaráttu. Það er vissulega mikilvægt en dæmi er þó um að þeir hafi ekki þurft langan tíma til þess. Árið 2009, eftir að heilt samfélag fór á hliðina, þurftu þingmenn aðeins átta daga í kosningabaráttu. Þing var rofið 17. apríl og kosið 25. apríl. Hví þarf meiri tíma nú?

### Furðuleg sýn á stjórnskipun

Friðrik Þór Guðmundsson er frambjóðandi Dögunar til Alþingis. Hann fer mikinn í pistli á síðunni sinni í gær, þar sem hann segir afgreiðslustofnun, lesist Alþingi, hafa eyðilagt sáttmála, eða nýja stjórnarskrá. Hlutverk Alþingis hafi átt að vera að „samþykkja og stimpla“ stjórnarskrá sem aðrir semdu. Þetta er sérkennileg sýn á störf Alþingis og ekki síður núgildandi stjórnarskrá, en aðeins Alþingi getur breytt henni. Menn mega ekki vera svo blindaðir af kostum stjórnarskrárfrumvarpsins að þeir vilji fótumtroða núverandi stjórnarskrá.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skömmin

ÍRAK




**Stefán Pálsson**

formaður Samtaka hernaðarandstæðinga


Tíu ár eru um þessar mundir frá innrásinni í Írak. Innrásin og vargöldin sem braust út í landinu í kjölfarið olli miklum hörmungum. Varfærnustu áætlanir segja fjölda fórnarlamba rúmlega 100 þúsund. Aðrir telja töluna margfalt hærri. Gríðarlegur fjöldi fólks er enn á vergangi vegna stríðsins og enn sér ekki fyrir endann á afleiðingum þess, til að mynda varð ööldin í Írak til að ýta undir borgarastyrjöldina í Sýrlandi.

Til Íraksstríðsins var stofnað með upplognum tylliástæðum, eins og margoft hefur verið rakið síðan. Þrátt fyrir margvíslegar falsanir og blekkingar tókst Bandaríkjamönnum og Bretum ekki að sannfæra Sameinuðu þjóðirnar um réttmæti innrásar. Þar sem ráðamenn í Washington og Lundúnum töldu sig þurfa að ljá aðgerðum sínum blæ alþjóðlegrar viðurkenningar gripu þeir til óvenjulegs ráðs: safnað var á meðmælendalista „staðfastra þjóða“.

Forystumenn ríkisstjórnar Íslands á þeim tíma ákváðu að leggja þessari meðmælendasöfnun lið sitt og bætta Íslandi á listann. Ekki er ljóst hvort þeir gerðu sér í raun skýra grein fyrir því hvað í skuldbindingunni fælist eða hvernig listinn yrði notaður. Markmiðið var þó öllu augljósara: formenn

**➜ Forystumenn ríkisstjórnar Íslands á þeim tíma ákváðu að leggja þessari meðmælendasöfnun lið sitt og bættu Íslandi á listann. Ekki er ljóst hvort þeir gerðu sér í raun skýra grein fyrir því hvað í skuldbindingunni fælist eða hvernig listinn yrði notaður.**

Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerðu sér vonir um að liðveislan yrði launuð með lengri hersetu á Miðnesheiði. Líklegt má telja að stuðningurinn við Íraksstríðið hafi framlengt líf herstöðvarinnar um rúmlega ár.

Stuðningsyfirlýsingin fyrir áratug er einhver ömurlegasti bletturinn á utanríkismálasögu Íslendinga síðustu áratugina. Með því lögðum við okkar af mörkum til að greiða fyrir blóðugri styrjöld og gröfum í leiðinni undan mikilvægum alþjóðastofnunum. Það er umhugsunarvert að enn í dag heimili stjórnskipan okkar að utanríkisráðherra geti upp á sitt einsdæmi gert Ísland að stuðningsaðila styrjalda í fjarlægum löndum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Valdið færist til

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Flestum sem fá pólitísk völd virðist koma á óvart hve erfitt er að beita þeim til gagns. Þetta er ört að versna en er ekki nýtt. Möguleikar stjórnmálamanna til að ráða niðurstöðum með því valdi sem þeim er gefið hafa alltaf verið minni en mönnum er títt að ætla. Nákvæmar greiningar á liðnum atburðum leiða í ljós að viðtekin söguskoðun er oft byggð á miklum einföldunum. Samhengið á milli þess sem ráðandi menn vildu og þess sem varð er oftast flóknara og minna en viðtekin saga gefur til kynna.

**Leikritið**
Glöggir og hreinskilnir stjórnmálamenn í öllum álfum heimsins kvarta undan þessu máttleysi sín á milli, ekki síst við útlenda kollega. En einn er sá hópur sem stjórnmálamenn ræða þó ekki við um þessi vaxandi vandræði. Það eru kjósendur. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að gagnvart kjósendum verða stjórnmálamenn að sýnast þess megnugir að breyta því sem þeir lofa að breyta. Leikrit stjórnmálanna byggist á því. Kjósendur kvarta jafnan hástöfum undan litlum efndum en krefjast um leið nýrra loforða.

**Uppákomur og refir**
Allir sem hafa farið með pólitísk völd þekkja hvernig uppákomur og óvænt rás atburða taka frá þeim frumkvæði og fylla dagskrá þeirra af vandræðum. Þetta hefur verið hlutskipti ríkisstjórna alla tíð. Því óvæntari og stærri sem uppákomurnar eru, því meira eru refir stjórnmálanna á heimavelli og hugsjónamenn á útivelli. Þetta er ein ástæða þess hve lítið samhengi er á milli fyrirheita og niðurstöðu í stjórnmálum. Nýleg þróun hefur enn frekar rofið þetta samhengi.

**Stærri veruleiki**
Þjóðfélög eru sífellt að verða flóknari og þau eru líka að verða miklu opnari. Fyrirheit um innlend efnahagsmál eru hvergi mikils virði án viðurkenningar á ytri veruleika. Hugmyndir um að sniðganga veruleikann eru á meðal þeirra hættulegustu í stjórnmálum en sérlega vinsælar á krepputímum eins og sjá má í nokkrum illa settum löndum í Evrópu. Hinn ytri veruleiki verður sífellt flóknari og viðkvæmari með samtengingu atvinnulífs jarðarinnar og ört vaxandi samþættingu allra hluta um víða veröld. Stjórnmálamenn allra landa glíma í reynd við það sama. Aðlögun að veruleika sem er utan þeirra eigin áhrifa.

**Máttur spurninga**
Til viðbótar hefur átt sér stað tilfærsla á valdi innan samfélaga sem er ekki síður söguleg en að mestu ótengdir flutningar valds frá vestri til austurs og norðri til suðurs í heiminum. Innan samfélaga nær hún allt frá heimilum fólks til mestu miðstöðva pólitísks, efnahagslegs og menningarlegs valds. Valdið færist frá körlum til kvenna, frá valdakerfum til upplýstra manna, frá stórfyrirtækjum til kunnáttusamra einstaklinga, frá hervaldi til mjúkra áhrifa, og frá þeim sem þykjast vita til hinna sem kunna að spyrja.

**Samhengið**
Öll stjórnmál eru staðbundin sagði gamall refur í Ameríku. Þetta þykir satt um allan heim og er það líka svo langt sem það nær. En það nær ekki langt. Pólitík er í kreppu vegna þess að veruleikinn er ekki lengur staðbundinn þótt pólitíkin sé það. Tilraunir til að láta sem hann sé staðbundinn kosta menn sýn á samhengi og skilning á sínum eigin aðstæðum. Menn taka óafvitandi á hverjum degi þátt í hnattrænum samræðum hvort sem þeir ræða samfélagsmál, menningu, atvinnulíf eða pólitík, þótt þeim sýnist oft staðbundinn angi hins almenna vera mjög sérstakur. Það er oftar persónugerð umræða frekar en eðli málsins sem hefur staðbundin sérkenni.

**Staðsetning valdsins**
Það er eitt lán hinna minni að uppsprettur valds er síður en áður að finna í eiginlegu afli og æ meira í þátttöku ríkja, hópa og einstaklinga í aragrúa af alls kyns netum sem tengja saman um allar jarðir þá aðila sem hvert mál varðar. Þessi net eru af ólíkasta tagi. Mörg eru formleg og fleiri þó óformleg. Sum tengja saman embættismenn, sum baráttufólk í pólitík, önnur athafnamenn eða þá nörda. Áhrif aflminni ríkja á eigin örlög fara sífellt meira eftir því hvernig þau tengja sig öðrum og nýta þau tengsl.

> Það skiptir kjósendur meira máli að vita hvar þeir hafa menn, svona almennt talað, en að heyra um einstaka drauma þeirra.

**Heimur að mýkjast**
Sú hugsun að menn passi best upp á eigin hag með því að sitja heima og loka sínum dyrum er því ekki aðeins sérlega óaðlaðandi á spennandi tímum heldur einnig líkleg til að gera menn veika í glímum við þann veruleika sem er að birtast í okkar heimi. Valdið í heiminum er að mýkjast og dreifast. Það byggir minna á styrk en áður og meira á aðdráttarafli hugmynda og siða. En menn þurfa að vera með til að passa upp á sinn eigin heim.

**Ábyrgðin**
Af öllum þessum ástæðum ættu menn ekki að láta kosningar, þetta svolítið deiga verkfæri lýðræðisins, snúast um einstök mál. Þau munu hvort sem er öll fá annan endi en lofað er. Heldur ættu menn að spyrja um almenn leiðarljós fólks og flokka í þeim þétta skógi af sífellt flóknari og óvæntari álitaefnum sem fram undan er. Það skiptir kjósendur meira máli að vita hvar þeir hafa menn, svona almennt talað, en að heyra um einstaka drauma þeirra. Nákvæm fyrirheit lenda fljótt í fjallháum bunkum svikinna kosningaloforða. Almenn afstaða ræður hins vegar hvernig menn vinna úr flóknum og óvæntum málum.

## AF NETINU

### Tveir kostir góðir

Ef ég set efnahagsmál á oddinn, hallast ég að Pírötum. Þeir hafa bezta sýn á framtíð íslenzks atvinnulífs. Mér er ljóst, að tekjur verða því hærri sem lengra er farið frá frumframleiðslu. Internetið er atvinnugreinin, sem mun gefa hæstar meðaltekjur, enda er það varla byrjað enn. Ef ég set hins vegar lýðræðið á oddinn, hallast ég að Lýðræðisvaktinni. Þar eru flestir þeirra, sem voru í stjórnlagaráði. Þeir sýndu þar, að þeir gátu bæði eflt lýðræði og komizt að sameiginlegri niðurstöðu. Ég er ekki sammála því öllu. En okkur vantar sáttapólitík lýðræðis í stað illa innrætts rifrildis um sérhagsmuni.

http://www.jonas.is/
*Jónas Kristjánsson*

### Stjórnarskrármálið

9. ágúst 1851 „var stjórnarskrármálið tekið af dagskrá“ fyrir atbeina Trampe greifa. Engin þörf fyrir nýja stjórnarskrá. Hafði sú danska ekki dugað bara furðu vel?

Ekkert gerðist í málinu næstu 23 ár, en 1874 fengu landsmenn „gefins“ dansksmíðaða stjórnarskrá úr „föðurhendi“ konungs, í grunninn þá dönsku 1849 og enn í dag hefur heildstæð, ný íslensk stjórnarskrá, samin af landsmönnum sjálfum, ekki litið dagsins ljós.

Enda ku það vera enn óþarfara „gæluverkefni“ núna en 1851. Best að geyma það í 162 ár í viðbót, til ársins 2175 og sjá þá til hvort sama sagan endurtaki sig ekki í annað sinn.

http://omarragnarsson.blog.is
*Ómar Ragnarsson*

# Þjóðarreitur

SKIPULAGSMÁL
Elín Hirst
skipar 5. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi eða Kraganum fyrir alþingiskosningarnar í vor



Þau óvæntu tíðindi bárust á dögunum að ríkið hefði selt Reykjavíkurborg um 112 þúsund fermetra svæði í Vatnsmýrinni, en gert er ráð fyrir að allt að 800 íbúðir geti risið á byggingarlandinu. Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra, Samfylkingunni og Dagur B. Eggertsson, sem staðgengill borgarstjóra, Samfylkingunni undirrituðu samninginn.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar er stórmál sem varðar alla þjóðina. Það getur aldrei orðið einkamál borgaryfirvalda. Þess vegna á ég erfitt með að skilja hvaða hagsmunir búa að baki þeirri ákvörðun fjármálaráðherra sem fulltrúa ríkisins að selja borginni þetta mikilvæga svæði undir íbúðabyggð. Er hún ekki þar með að segja að hún vilji flugvöllinn burt? Hvaða umboð hefur ráðherrann til að taka svo afdrifaríka ákvörðun fyrir land og þjóð? En sem betur fer þarf innanríkisráðherra að samþykkja það að flugbrautin sem nota á undir byggingarland verði lögð niður og núverandi innanríkisráðherra er mótfallinn því að flytja völlinn. Vonandi velst ráðherra í innanríkisráðuneytið eftir kosningar sem er sömu skoðunar og Ögmundur og getur stöðvað þessi áform, en væntanlega er sjálf salan á landinu til borgarinnar óafturkræf.

En hvers vegna á Reykjavíkurflugvöllur að vera áfram í Vatnsmýrinni? Í fyrsta lagi er flugvöllurinn lífæð landsbyggðar við höfuðborgina Reykjavík. Og gleymum því ekki að landsbyggðin er ekki síður mikilvæg höfuðborginni en höfuðborgin landsbyggðinni.

**Miðstöð allra samgangna**
Reykjavík er höfuðborg allra Íslendinga og hefur mikilvægum skyldum að gegna. Hún er miðstöð allra samgangna í landinu, í lofti, á sjó og á landi. Stjórnsýslan, ráðuneyti og stofnanir eru öll staðsett í Reykjavík. Til stendur að byggja nýtt hátæknisjúkrahús á Landspítalalóðinni og það er mikið öryggismál að hafa flugvöllinn svo skammt frá aðalsjúkrahúsi landsins.

> **→ En hvers vegna á Reykjavíkurflugvöllur að vera áfram í Vatnsmýrinni? Í fyrsta lagi er flugvöllurinn lífæð landsbyggðar við höfuðborgina Reykjavík.**

Og ástæðurnar eru fleiri. Það er nóg af öðru góðu byggingarlandi í Reykjavík. Þess vegna er afar einkennilegt að það þurfi endilega að nýta þennan einstaklega verðmæta samgöngu- og þjóðarreit undir íbúðabyggð. Þrátt fyrir ítarlegar athuganir sem miklum opinberum fjármunum hefur verið eytt í á undanförnum árum hafa heldur engir valkostir komið fram sem eru fýsilegir og geta komið í stað flugvallar í Vatnsmýrinni fyrir innanlandsflug. Hólmsheiðin kemur ekki vel út, það að flytja innanlandsflugið alla leið til Keflavíkur þykir mér heldur ekki góð lausn. Þar að auki mun flutningur Reykjavíkurflugvallar kosta þjóðina milljarðatugi, eins og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur bent á. Þannig að rauðu ljósin loga alls staðar.

Í raun eru það ótrúleg forréttindi fyrir alla landsmenn að hafa góðan og öruggan innanlandsflugvöll í hjarta höfuðborgarinnar. Ýmsar erlendar borgir eru eins vel í sveit settar og Reykjavík hvað þetta varðar. Má þar nefna Lundúnaborg sem hefur City-flugvöll í miðborg Lundúna, Boston með Manchester-flugvöll og í Washington D.C. Ronald Reagan-flugvöllinn. Það væri óskandi að borgaryfirvöld í Reykjavík áttuðu sig á mikilvægi staðsetningar Reykjavíkurflugvallar fyrir fólk og fyrirtæki á öllu landinu og ábyrgðina sem fylgir því að stjórna höfuðborg landsins.

**Íslenskur matur á allra borðum**



Í tilefni af aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu vilja íslenskir bændur þakka matvöruverslunum fyrir áralanga samvinnu. Saman tryggjum við framboð af innlendum úrvalsmatvælum fyrir neytendur.

Verslunin gegnir veigamiklu hlutverki við markaðssetningu og sölu á íslenskum búvörum. Bændur vilja vinna að því með Samtökum verslunar og þjónustu að efla innlenda matvælaframleiðslu um ókomna tíð – öllum til heilla.

**Íslenskur landbúnaður skiptir máli.**

*Kveðja frá bændum*

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

# Ábyrga og yfirvegaða lögreglu

Hið gamalgróna félag Varðberg, sem lét mjög til sín taka á kaldastríðstímanum, fundaði í Þjóðminjasafninu í vikunni sem leið. Fréttablaðið greindi skilmerkilega frá fundinum á föstudag undir fyrirsögninni: *„Frumvarp Ögmundar þrengir að lögreglu.“* Og í undirfyrirsögn eru aðalatriðin í málflutningi aðalræðumannsins, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dregin saman á eftirfarandi hátt: *„Stefán Eiríksson segir götuvændi, vasaþjófnað, gengjastríð, skipulögð rán og betl geta orðið að veruleika á Íslandi fái lögregla ekki auknar rannsóknarheimildir. Lögregla reki sig á veggi þegar kanna þurfi bakgrunn vafasamra manna.“*

### Á Varðbergi

Þetta eru nokkuð sverar yfirlýsingar og væri fróðlegt að fá frekari skýringar frá lögreglustjóranum.

Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra og formaður stjórnar Varðbergs, tekur að vanda þátt í hræðsluáróðrinum og segir á vefsíðu sinni: *„Ögmundur Jónasson stendur gegn þróun löggjafar í þessu efni, ekki megi veita heimildir til forvirkra rannsókna gagnvart hópum sem berjist fyrir ákveðnum skoðunum. Þetta viðhorf er vísasta leiðin til að skapa skjól fyrir öfgahópa sem svífast einskis til að vinna málstað sínum brautargengi.“*

LÖGREGLA



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Til að útskýra aðeins bakgrunn þessarar umræðu þá er ákall um *„forvirkar rannsóknarheimildir“* vanalega sett fram með vísan til þeirra heimilda sem leyniþjónustur hafa í nágrannaríkjunum. Sjaldnast er hins vegar greint hvað nákvæmlega á að felast í þessum heimildum hér á landi en þeir sem þær vilja láta ekkert tækifæri ónotað til að kalla eftir þeim. Þennan málflutning heyrum við frá nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Samfylkingar, auk fyrrverandi dómsmálaráðherra og stöku stjórnendum innan lögreglunnar.

### Alltaf sama viðkvæðið

Ef vá steðjar að þá er lausn þessara aðila: Forvirkar rannsóknarheimildir!

Sem dæmi má nefna að þegar fréttir bárust af glæpamanni sem talinn er hafa beitt tugi barna kynferðislegu ofbeldi voru viðbrögðin þau að lögreglan þyrfti frekari rannsóknarheimildir. Staðreyndin er hins vegar sú að þær heimildir sem þá var kallað eftir eru þegar fyrir hendi, að því gefnu að rannsókn beinist að manni sem grunaður er um alvarleg afbrot, í samræmi við þær meginlínur sem lagðar eru af Mannréttindadómstóli Evrópu.

Þegar ráðist var í samhent átak til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi var viðkvæðið að átakið væri orðin tóm ef ekki fylgdu ótakmarkaðar rannsóknarheimildir lögreglu. Ég vildi hlusta á varnaðarorð lögreglunnar, einkum þeirra sem eru hófsamari í nálgun, og setti því af stað vinnu við samningu frumvarps sem var ætlað að koma til móts við óskir um heimildir vegna baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og þá einmitt með því að tengja rýmri heimildir við það brot á hegningarlögum sem skipulögð brotastarfsemi er, m.ö.o. að láta lagaheimildir einskorðast við þá ógn sem var talin þeim til réttlætingar.

### Þörf á góðri dómgreind

Slíkt frumvarp lagði ég fram á Alþingi. En nú bregður svo við að ýmsir telja fjarri því gagnlegt að fá slíkar rannsóknarheimildir, þær þyrftu að ná utan um fleiri óskilgreinda brotaflokka og heimila opnari túlkun.

Þegar ekki er fallist á slíkt þá mæta fyrrgreindir málsvarar í fjölmiðla og á fundi hjá Varðbergi og segja að verði ekki farið að þeirra vilja þá verði hér framið hryðjuverk á næstu tíu árum og að skipulögð glæpastarfsemi færist út á göturnar.

Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða um ókominn tíma en staðreyndin er sú að mörg ríki sem hafa þurft að þola hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi á götum úti hafa lögreglu sem hefur víðtækar njósnaheimildir. Enn fremur hefur innlent átak gegn skipulagðri glæpastarfsemi þegar skilað ótvíræðum árangri. Þennan málflutning er því erfitt að skilja nema það vaki fyrir mönnum að knýja fram breytingar með því að hræða fólk. Það hefur aldrei gefist vel. Hræðslan truflar dómgreindina.

### Skýr og markviss lög

Það frumvarp til breytinga á sakamálalögum sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu vísaði til í erindi sínu hjá Varðbergi og rataði í fyrirsögn fréttar Fréttablaðsins var samið af Réttarfarsnefnd að minni ósk og liggur nú fyrir Alþingi. Þar eru gerðar tillögur um að skilgreina og skýra rannsóknarheimildir lögreglu sem krefjast dómsúrskurðar, s.s. til að hlera síma fólks eða nota eftirfararbúnað. Í stað þess að skírskota til tiltekins refsiramma brota sem viðkomandi er grunaður um að fremja eða að ríkir einka- eða almannahagsmunir séu fyrir hendi, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, skulu bæði þessi skilyrði vera til staðar en refsiramminn er þó færður úr átta árum í sex ár. Að auki fengist heimild til notkunar þessara rannsóknarúrræða ef um er að ræða mansal, skipulagða glæpastarfsemi, gróft ofbeldi, brot gegn nálgunarbanni og nokkra aðra skilgreinda glæpi sem ekki flokkast undir þann refsiramma sem kveðið er á um í frumvarpinu en eru sannanlega alvarleg brot og ógn við samfélagið.

Í greinargerð eru síðan skýrari skilgreiningar en nú er að finna í lögum og er þannig m.a. leitast við að skýra hvað átt er við með hugtökunum almannahagsmunir og einkahagsmunir.

**➜ Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða um ókominn tíma en staðreyndin er sú að mörg ríki sem hafa þurft að þola hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi á götum úti hafa lögreglu sem hefur víðtækar njósnaheimildir. Enn fremur hefur innlent átak gegn skipulagðri glæpastarfsemi þegar skilað ótvíræðum árangri.**

Hefur verið kallað eftir þessu um skeið, enda mikilvægt að rannsóknarheimildir lögreglu séu skýrar og að sem minnstu matskenndar.

### Þörf á málefnalegri umræðu

Mikilvægt er að fá fram vel ígrundaða og málefnalega gagnrýni á þetta frumvarp. Hvaða alvarlegu brot eru það sem menn hafa áhyggjur af að gætu ekki fallið undir þennan ramma? Hvað er það í þessum breytingum sem talið er þrengja að lögreglu? Málefnaleg rök þurfa að vera fyrir því að beita svo íþyngjandi úrræðum sem símahlerun og notkun eftirfararbúnaðar eru. Menn verða að tala skýrt. Þegar störf lögreglu eru annars vegar er það skylda okkar allra að forðast hræðsluáróður og predikanir um patentlausnir sem hæglega gætu verið á kostnað mannréttinda. Við viljum ábyrga og yfirvegaða lögreglu.





Kaupauki: Vetrardekk

Einn sparneytnasti bíll í heimi!

Kia Rio 1,1 dísil, sex gíra, eyðir frá **3,6 lítrum á hundraðið** í blönduðum akstri. Magn $CO_2$ í útblæstri er mjög lítið eða aðeins 94 g/km og fær hann því **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Einnig fáanlegur sjálfskiptur með bensínvél.

Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.

Verð frá **2.660.777 kr.** Rio 1,1 dísil
Aðeins **22.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og grænan bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,72%.

ergo

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.


HEIMA ER BEST
LOKSINS KOMIÐ
DIFFUSERAR
OG ROOMSPRAY
KAUPTU EINN
FÁÐU ANNAN
-50%
VERÐ FRÁ 290
NÝ SENDING
AF GLÖSUM
LITLI HAAG
169.900
ÁÐUR 189.900
295 CM
AÐEINS ÖRFÁ EINTÖK EFTIR
Áður 79.900
69.900
YORK
Möguleiki á að hafa tunguna
hægra eða vinstra megin
SPEGLAR
4.990
Áður 6.990
the
PIER
BJALLA
TUNGUSÓFI
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880


TROÐFULL BÚÐ AF TILBOÐUM
15.989
8"
nextbook
NEXTBOOK M803HC
8" Nextbook spjaldtölva. 5 punkta capacitive snertiskjár, Android 4.0 og Google Play. Allt að 6 klukkutíma rafhlöðuending.
15,6"
TOSHIBA
99.989
TOSHIBA
TOS SAT C855-2FK
Öflug 15,6" Intel Pentium fartölva með 6 GB vinnsluminni og stórum 750GB hörðum diski fyrir gögnin. USB3.0, HDMI, kortalesari og Windows 8.
2.989
JVC
JVC HAG101
Lokuð heyrnartól. 40mm driver. 16Hz - 22kHz tíðnisvið. 32 Ohm. 3m kapall. 170g án kapals.
39.989
AOC
27"
AOC S L27AO E2752V
27" gæðaskjár frá AOC. W-LED skjár með brjálaðri 20.000.000:1 skerpu og 1920x1080 upplausn. DVI/VGA.
49.989
JBL
Bluetooth
Hannað fyrir iPod iPhone iPad
JBL ONBEATXTREMEBLACK
iPad, iPod og iPhone vagga með 4x30W magnari, 2 öflugum JBL Ridge hátölurum, 2 JBL Atlas bassahátölurum, Bluetooth, fjarstýringu og DSP tónjafnara. Snúa má skjánum að vild.
Panasonic
99.989
32"
Panasonic TXL32EM5
32" FHD 1080p LED LCD sjónvarp. Vreal Engine myndtækni. High Contrast filter. Game mode. 24p Smooth Film/Play Back. DVB-T/C stafrænn móttakari. USB, 2x HDMI o.fl.
LUMIX
16.989
Panasonic
Panasonic DMCFS28
Með 14,1MP upplausn, Venus Engine IV, IA, AF Tracking, MEGA O.I.S hristivörn í LEICA DC 28mm linsu, 4x Optical og 8x Digital Zoom I.R, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 70MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.
Panasonic
149.989
42"
Panasonic TXL42E5Y
42" FHD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp. Vreal LIVE Engine. 150 Hz Back Light Scanning. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect nettenging. Wi-fi ready. Skype. HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. App milli fjarstýringar og Phone/Android síma. Kortalesari. 2x USB, Scart og 4x HDMI o.fl.
7.989
Panasonic
Panasonic ESSL41
3ja blaða hleðslurakvél með öflugum mótor (7.600 sn). Hægt að nota með kremi eða raksápu. Alveg vatnsheld. Bartskeri.
9.989
DēLonghi
Dolce Gusto
GREAT COFFEE
Dolce Gusto Piccolo
Kaffivél sem botar Dolce Gusto kaffihylki. 15 bar. Tilbúin til notkunar á 16 sek. 1.3L vatnstankur. Slekkur á sér eftir 5 mín. LED ljós. 1 pakki af kaffi fylgir.
14.989
KENWOOD
Kenwood BM210
600w brauðvél sem tekur 7-900grömm. Einföld í notkun. Seinkun allt að 13 tímar. Heldur heitu í 1 klst.
Bauknecht
Bauknecht KRA3701
179sm kæliskápur með 374L kæli. 7 glerhillur. 5 hillur í hurð. Grænmetisskúffa. Orkuflokkur A. Orkunotkun 367 kWh/ ári. Mál (HxBxD) 175 x 59,6 x 60,6 sm.
79.989
Whirlpool
Whirlpool AFG610MB
105 lítra frystikista með 7,5kg frystigetu á sólarhring, hraðfrystingu og orkunýtingu B. 1 karfa fylgir. Mál (hxbxd): 85x53x58sm.
49.989
89.989
Einnig til í stáli á 99.989
CANDY
Candy CDPE6320
8 kerfa uppþvottavél. 4 hitastillingar. Vatnsflæðivörn. Þvotthæfni A. Orkunýtni A. Þurrkgeta A. Stærð (BxHxD): 60x82x60sm.
0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !
Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði

# FERMINGARFJÖR

## 10 heppnir fá 10“ spjaldtölvu

**79.989**




**Saeco**

**Saeco HD8839**
Hágæða Alsjálfvirk Saeco kaffivél með flóunarkönnu svo hægt er að búa til espresso, latte macchiato eða cappuccino með einum hnapp.

**HELSTU EIGINLEIKAR**
- Stafrænn skjár
- Sjálfvirk flóunarkanna
- Innbyggð keramik kaffikvörn
- Tekur einnig við möluðu kaffi

**Allir sem versla í Max í mars fyrir 3.000 kr eða meira geta sett nafnið sitt í pott !**

**Fyrir páska er svo dregið úr og hljóta 10 heppnir viðskiptavinir 10“ spjaldtölvu í páskaglaðning.**

*Tilboðin gilda 21.-27. mars eða meðan birgðir endast.*

**MAX RAFTÆKI**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

# Má bjóða þér Bjarta framtíð?

STJÓRNMÁL



**Heiða Kristín Helgadóttir**
framkvæmdastjóri Besta flokksins og formaður Bjartrar framtíðar

Ég fagnaði átta ára afmælinu mínu, þann 20. apríl árið 1991, á Hard Rock Café í Kringlunni. En mér fannst ég ekki eiga þennan dag alveg ein – sem ég var ekki sátt við.

Það var mikil spenna í loftinu og fullorðna fólkið í kringum mig talaði mikið um einhvern Davíð, einhvern Jón Baldvin og einhverja aðra kalla sem skiptu mig ekki miklu máli. Ég var meira upptekin af því hvort ég fengi bananasplitt og afmælissöng frá þjónustustúlkunum í furðulega stuttum hvítu kjólunum eða ekki. Ég fékk minn afmælissöng og bananasplitt – það fylgdi meira að segja stjörnuljós með. En hitt var annað mál; þessi óróleiki í fullorðna fólkinu gerði mig forvitna. Ég hef ekki losnað við þessa forvitni síðan. Mér finnst lýðræðisleg stjórnmál óendanlega heillandi.

### Furðulegt afl

Mér finnst mikilvægt að við skulum eiga þess kost að koma saman í friðsemd og gera tilraun til að leysa vandamál sem upp koma í samfélaginu. En þannig er raunveruleiki stjórnmálanna ekki – stór hluti stjórnmála er gegnumsýrður af óöryggi, vantrausti, klækjum og óheiðarleika. Hvort sem það er milli flokka eða milli kjósenda og kjörinna fulltrúa. Sem er skrítið, því lýðræðið býður upp á að stjórnmál séu vettvangur fyrir vangaveltur, virðingu og heilbrigð og uppbyggileg samskipti.

Ég byggi þetta ekki á einhverri tilfinningu út í loftið, heldur á menntun minni í stjórnmálafræði og ekki síst reynslu minni við að hafa starfað í borgarpólitík undanfarin þrjú ár. Þar er mikið af fólki sem vill ekkert frekar en að þjóna kjósendum og gera vel. En einhverra hluta vegna afvegaleiðist þessi vilji í sumum málum, alls ekki öllum, og eitthvert furðulegt afl tekur við sem síðan býr til rugling, óöryggi og ótta. Ég hef sterkan grun um að orsökin liggi hjá flokkunum sjálfum. Það er eitthvað í uppbyggingu þeirra og menningu sem gerir það að verkum að það verður dyggð að ná að klekkja á þeim sem eru ekki sömu skoðunar og þú. Þú nýtur velgengni ef þú ert vægðarlaus, klókur, ósveigjanlegur og hlustar bara á þá sem eru með þér í liði; nærð þínu fram með frekju frekar en rökum.

### Heilbrigð samskipti

Ég hef tekið þátt í því að búa til tvo stjórnmálaflokka. Það er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert og það er mjög mikilvægt að það sé skemmtilegt. Því í gleðinni og ljósinu verða til mun betri lausnir en í myrkrinu og reiðinni. En það sem er líka mikilvægt er að báðir þessir flokkar leggja áherslu á heilbrigð samskipti. Ég veit ekki hver fann upp á því að það væri mikil dyggð að búa til stjórnmálaafl sem byggði á því að ýta undir óheilbrigð samskipti, óheiðarleika og óöryggi. Kannski var það þessi Davíð eða þessi Jón Baldvin eða þessi Finnur eða þessi Halldór? Ég veit það ekki og það skiptir mig ekki máli.

Það skiptir mig miklu meira máli að reyna að gera mitt vel. Þess vegna vil ég bara þakka þeim kærlega fyrir allt sem þeir hafa gert fyrir þetta samfélag. Hvort sem það hefur reynst gáfulegt eða ekki. Eflaust fannst þeim það frábært á sínum tíma. Eflaust fannst vinum þeirra það líka. En nú skulum við halda áfram og hætta að velta okkur upp úr því hvort það hefði átt að vera svona eða hinsegin. Lærdómurinn er ljóslifandi fyrir framan okkur og í skýrslum eins og rannsóknarskýrslu Alþingis og Orkuveituskýrslunni. Tökum sönsum og höldum áfram.

**➜ Ég hef tekið þátt í því að búa til tvo stjórnmálaflokka. Það er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert og það er mjög mikilvægt að það sé skemmtilegt. Því í gleðinni og ljósinu verða til mun betri lausnir en í myrkrinu og reiðinni. En það sem er líka mikilvægt er að báðir þessir flokkar leggja áherslu á heilbrigð samskipti.**

Það er margt enn óleyst – erfiðar ákvarðanir sem þarf að taka og margt í húfi; stöðugt efnahagslíf, fjölbreyttara atvinnulíf, hagkvæmari heilbrigðisþjónusta, öflugri heilsugæsla, uppgjör banka, samningar við vogunarsjóði, staða okkar í alþjóðasamfélaginu, nýting auðlinda, fjölbreyttara menntakerfi – svo fátt eitt sé nefnt.

Allt stefnir þetta að sama markmiði; heilbrigðara samfélagi. Við erum rúmlega 300 þúsund manneskjur sem búum á einni fallegustu eyju í heimi – erum pínu skrítin og dálítið frábær. Ekkert meira en aðrir, en mögulega einhvers staðar fyrir ofan meðallag. Höldum því áfram að reyna að ná árangri, en vöndum okkur og lærum af mistökunum – þá blasir ekkert annað við okkur en björt framtíð!

# Fúsk í skúrnum!

BÍLAVIÐGERÐIR



**Özur Lárusson**
framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins

Verkefnið „Allir vinna“ sem stjórnvöld hrundu af stað til þess að draga úr svartri atvinnustarfsemi og örva starfsemi innan byggingariðnaðarins hefur sýnt sig og sannað. Bæði hefur svört vinna nánast horfið og tekjur ríkissjóðs af byggingariðnaðinum aukist umtalsvert í formi vsk.-launatengdra gjalda. Auk þess fækkar í þeim hópi sem hafnar á atvinnuleysisbótum.

Eins og margir vita fór bílgreinin hvað verst út úr hruninu og dróst t.d. sala nýrra bíla saman um liðlega 90%. Ekki varð viðlíka samdráttur innan verkstæðisgeirans en flóran breyttist verulega. Upp spruttu „bílaverkstæði“ í bílskúrum og skemmum víða á höfuðborgarsvæðinu sem og um allt land þar sem boðið er upp á viðgerðir á svörtu!

### Hærri reikningur

Því miður þá eru fjölmörg dæmi þess að fólk sem leitað hefur til þessara aðila, sem starfa fyrir utan alla samfélagssátt, hafi á endanum staðið uppi með mun hærri viðgerðarreikning en nauðsynlegt hefði verið ef viðkomandi hefði snúið sér strax til fagaðila. Leitað á verkstæði þar sem bæði þekking og tækjabúnaður er fyrir hendi til að gera við bíla.

Á hitt verður að líta að skiljanlegt er að fólk reyni allt til að draga úr kostnaði við viðhald og viðgerðir á einkabílnum og leiti þ.a.l. oft í fúskarana í skúrnum, en þá oft með ófyrirséðum afleiðingum.

**➜ Á hitt verður að líta að skiljanlegt er að fólk reyni allt til að draga úr kostnaði við viðhald og viðgerðir á einkabílnum og leiti þ.a.l. oft í fúskarana í skúrnum, en þá oft með ófyrirséðum afleiðingum.**

Í ljósi góðs árangurs byggingariðnaðarins með verkefnið „Allir vinna“ hefur bílgreinin lagt það til við stjórnvöld oftar en einu sinni að verkstæði geti tekið þátt í því verkefni með það fyrir augum að sporna við þeirri gríðarlegu aukningu á svartri vinnu sem átt hefur sér stað í greininni.

Ljóst er að tekjur ríkissjóðs af bílaviðgerðum munu aukast ef verkstæðum er gert kleift að taka þátt í verkefninu og kostnaður almennings vegna viðgerða mun minnka.

### Umferðaröryggi

Þetta er ekki bara spurning um að sporna við og stoppa svarta vinnu, heldur snýr þetta líka að umferðaröryggi. Ótal dæmi eru um að bílar sem lent hafa í höndunum á aðilum sem hvorki hafa þekkingu eða tæki til að gera við, koma svo á endanum inn á fagverkstæði eftir „viðgerðir“ fúskarans sem stórhættulegir bílar í umferðinni. Ástæðan er sú að „viðgerðin“ sem eigandinn stóð í góðri trú með að væri góð og gild er það alls ekki. Ekki var um viðgerð að ræða, frekar skemmdarverk vegna skorts á réttum tækjum og þekkingu á verkinu. Þetta er málefni sem nauðsynlegt er að taka á og stoppa. Fagmennska á öllum sviðum bílgreinarinnar sem og svört vinna verður eitt af stóru málunum á aðalfundi Bílgreinasambandsins sem haldinn verður á Hótel Sögu 21. mars nk.


**Vinsælasti bíll heims í nýrri útfærslu**
FORD **FOCUS** TREND EDITION

Ford Focus, söluhæsti bíll í heimi árið 2012, er nú fáanlegur í nýrri útfærslu. 16“ álfelgur eru undir bílnum og sérstakt Trend Edition áklæði á sætum. Loftkæling, öflug aksturstölva, regnskynjari í framrúðu og blátannarbúnaður eru einnig til staðar. Til viðbótar hefur verið hugað að fjölmörgum praktískum atriðum, svo sem sjálfvirkri dimmingu á baksýnisspegli og sniðugri hurðavörn. Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér vinsælasta bíl heims árið 2012.

**FORD FOCUS TREND EDITION 5 DYRA FRÁ 3.490.000 KR.**
**FORD FOCUS TREND EDITION STATION FRÁ 3.640.000 KR.**




FORD **FOCUS**
TREND EDITION
FRÁ
**29.198 KR./MÁN**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Focus Trend Edition 5 dyra, 1,0 EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.750.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.
*Ford Focus er söluhæsti bíll í heimi árið 2012 miðað við þær staðfestu sölutölur sem liggja fyrir (jan-sept).

# Gæðakokkar

EVRÓPUMÁL



Hannes Pétursson
rithöfundur

Nú fyrir skemmstu lét Vaslav Klaus af forsetaembætti í Tékklandi. Í tvö kjörtímabil, alls tíu ár, sat hann á þeim háa stóli, kjörinn af þinginu. Eftirmaður hans, Milos Zeman, er fyrsti þjóðkjörni forseti Tékka.

Vaslav Klaus er nýfrjálshyggjugaur mikill og stendur á því fastara en fótunum að hlýnun loftslags af manna völdum sé haugalygi. Og enda þótt Tékkland gengi í Evrópusambandið 2004, ári síðar en hann varð forseti, er hann rakinn þjóðrembill (orðið beygist eins og vindill) og útúrborumaður, vill sem minnst af samvinnu Tékka og nágrannaþjóða vita.

Hann er spilltur og margflæktur í soralega helmingaskiptapólitík, m.a. í tengslum við rússneska auðhringinn Tukoil; og nýkjörni forsetinn þótti ekki heldur barnanna beztur í þeim efnum. Hann er vinstri maður, enginn hatursmaður ESB og hið „skandinavíska þjóðfélagsmódel“ er honum að skapi. Að öðru jöfnu hefði þetta átt að duga til þess að Klaus snerist gegn honum í forsetakosningunum. En það var nú öðru nær, hann barðist fyrir kjöri Zemans og setti þá öllu ofar að þeir höfðu verið bræður í spillingunni og yrðu það sennilega áfram. Í fáum orðum sagt er Vaslav Klaus einn af þessum hlandjötnum sem alls staðar sjást á stjákli í pólitík samtímans. Það er síðast af honum að frétta að hann hefur verið ákærður fyrir landráð sökum valdníðslu í embætti.

**Bergbúi**

Eins og að líkum lætur nýtur slíkur bergbúi sem Vaslav Klaus dálætis á vefmiðli Björns Bjarnasonar og Styrmis Gunnarssonar, Evrópuvaktinni. Þar hefur verið vitnað með velþóknun til orða karlsins líkt og talaði Hinn smurði. Klaus er reyndar aðeins einn af mörgum hreinlífismönnum sem náðar njóta á Evrópuvaktinni, en hreinlífismenn eru þeir einir sem agnúast út í Evrópusambandið.

Það er annars forkostulegur miðill, Evrópuvaktin. Í hvert skipti sem ég glugga í hann finnst mér sem ég stígi niður í hélugráa jarðholu frá dögum kalda stríðsins. Þar fer mikið fyrir áróðurspistlum ritstjóranna, þeirra góðu drengja, um stjórnmál upp og ofan ásamt sérvöldu musli úr erlendum blöðum og fréttum sem allt á að sanna að innan Evrópusambandsins sjáist ekki stingandi strá, þar sé „gap Ginnunga,/ en gras hvergi“, nefnt „svarthol“ (Styrmir, 28.1. sl.). Af þessu leiðir að ekkert vit er í öðru en að slíta nú þegar aðildarviðræðum íslenzkra stjórnvalda og þeirra þarna í Brussel, en halda þess í stað fast við fullveldisverðbólguna og fullveldisarðránið sem fylgir elsku litlu krónunni okkar. Og er þá fátt talið af kostum viðræðuslita. Uppi í Hádegismóum er svo önnur og stærri jarðhola. Þar niðri situr maður sömuleiðis á Evrópuvakt og skrifar og skrifar undir grýlukertunum.

Já vel á minnzt: Brussel! Það er eftirtektarverður bólstaður í hugmyndalífi Björns og Styrmis og annarra fylgismanna Atlantshafsbandalagsins, en höfuðstöðvar þess eru í Brussel rétt eins og höfuðskrifstofur ESB. Þau Evrópusambandsríki sem tilheyra Nató þykja jafnan ágæt í alla staði þegar það hernaðarbandalag á í hlut, en illræmd, „gömul nýlenduveldi“ þegar þau starfa saman á öðrum stað í borginni, þ.e. sem Evrópusambandsríki. Manni er spurn: Hvernig getur hið háheilaga bandalag, Nató, verið þekkt fyrir að hafa önnur eins skítaríki innan vébanda sinna?

**Tvöfeldni**

Svona er tvöfeldnin, svona er hræsnin. Þær bakteríur lifa góðu lífi í pólitískum áróðri. Skínandi vitnisburð þess má finna í búnaðarmálaþrasinu íslenzka. Þar aka menn seglum eftir vindi; til dæmis er hrátt, innlent kjöt ævinlega kallað ferskt, en ferskt, erlent kjöt ævinlega hrátt. Þetta kristallaðist enn einu sinni nú á dögunum í sjónvarpsviðtali við nýkjörinn formann bændasamtakanna. Hann var spurður um innflutning á nýju kjöti í þágu neytenda. Það kjöt var hrátt í svörum hans þangað til snögglega að annað hrátt kjöt varð ferskt. Þetta umturnaðist á augabragði af þeirri ástæðu að formaðurinn nefndi útflutning lambakjöts héðan. Það getur maður manni sagt að slíkt kjöt var ekki hrátt, heldur svona í meira lagi ferskt.

Það er síðan enn annað mál að áhrifamaður einn í norska Framfaraflokknum, systurflokki Framsóknarflokksins, grjótharður ESB-andstæðingur, er svo uppþembdur af þjóðernishyggju að hann segir allan mannamat eitraðan, sé hann ekki alnorskur. Samkvæmt því eru íslenzk matvæli banvæn, því ekki eru þau norsk. Þarna er kominn sá framfaraflokksmaður sem fyrir bænarstað Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Höskuldar Þórhallssonar kvaðst hér um árið mundu útvega Íslendingum ófafé að láni úr norska ríkiskassanum. Þeir brugðust að vonum glaðir við, flýttu för sinni heim og færðu Alþingi tíðindin vígreifir. Öll gjaldeyrisþurrð var úr sögunni. En svo kom upp úr dúrnum að þessi hirðmaður Dofrakonungs hafði ekkert úrskurðarvald í fjármálum norska ríkisins og hlaut ofanígjafir og aðhlátur fyrir frumhlaupið. Upp úr því varð mjög hljótt um Noregsför Sigmundar og Höskuldar. Og verða þeir nú að leggja sér til munns eitraðan, íslenzkan mat eins og við hinir, þar á meðal hráa kjötið okkar, því hvergi á þessu himintungli er fáanlegt óspillt, ferskt kjöt annars staðar en í Noregi.

**➜ Það er annars forkostulegur miðill, Evrópuvaktin. Í hvert skipti sem ég glugga í hann finnst mér sem ég stígi niður í hélugráa jarðholu frá dögum kalda stríðsins.**



# Er utangarðsfólk og heimilisleysi vandi Reykjavíkur?

SAMFÉLAG





**Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir**
félagsráðgjafi

**Ólöf Birna Björnsdóttir**
nemi í félagsráðgjöf

Nýleg úttekt Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar leiddi í ljós að í Reykjavík eru 179 einstaklingar heimilislausir eða utangarðs. Sambærileg úttekt var gerð árið 2009 og þá féll 121 einstaklingur undir skilgreininguna, aukning í hópnum er því liðlega 30% á þremur árum. Ekki eru allir þessir einstaklingar Reykvíkingar samkvæmt Þjóðskrá, en þeir halda þó flestir til í Reykjavík. Fjölmennasti hópur utangarðsfólks á við margháttaðan félagslegan vanda að stríða þ.m.t. fíknivanda og geðsjúkdóma. Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2008 verið með sérstaka stefnu í málaflokknum. Á síðustu árum hafa borgaryfirvöld stóraukið þjónustu við hópinn og reka nú fjögur sértæk langtímabúsetuúrræði fyrir 25-29 einstaklinga sem áður voru í neyðarskýlum.

Í langan tíma hefur Reykjavíkurborg greitt kostnað vegna reksturs Gistiskýlisins við Þingholtsstræti og Konukots. Gistiskýlið getur rúmað allt að tuttugu heimilislausa reykvíska karlmenn og Konukot átta reykvískar konur. Einstaklingar, með lögheimili utan Reykjavíkur, hafa einnig notið góðs af neyðarskýlum borgarinnar þegar húsrúm leyfir. Þar til nýlega hafa þessi úrræði náð að þjónusta þá sem leita eftir gistingu, en nú er svo komið að ásókn í næturgistingu í Gistiskýlinu hefur aukist svo mjög, að vísa hefur þurft einstaklingum frá gistingu. Karlmenn sem eru á götunni í Reykjavík með lögheimili í öðrum sveitarfélögum þurfa því að leita á náðir fangageymslu lögreglunnar með húsaskjól eða hreinlega sofa úti.

**Auka þarf fjölbreytni**

Í huga höfunda er vandinn víðtækari en svo að lausnin felist í að fjölga neyðarrúmum og stækka gistiskýli. Mikilvægt er að auka fjölbreytni í búsetúrræðum s.s fleiri langtímabúsetuúrræði þar sem vímuefnabindindi er ekki skilyrði. Þá þarf einhvers konar „edrúskýli“ þar sem einstaklingar sem eru að byrja að takast á við vímuefnavanda sinn, geta verið í vímulausu umhverfi þar sem sérhæft starfsfólk er á vaktinni. Það þarf sérhæft úrræði fyrir tvígreindar konur og öldrunar/hjúkrunarrými fyrir virka alkóhólista svo einhver dæmi séu nefnd. Einnig þarf að stórauka framboð á ódýru leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, því hluti af hópnum sem sækir sér neyðargistingu á ekki endilega við vímuefnavanda að stríða eða alvarlegar geðraskanir, þeir eru „bara“ fátækir.

Það er staðreynd að fólk sem er í neyslu vímuefna eða áfengis leitar til höfuðborgarinnar hér á landi eins og annars staðar. En á þá heimilisleysi og utangarðsfólk eingöngu að vera vandi höfuðborgarinnar? Sveitarfélög á Íslandi eru 75 talsins og aðeins eitt þeirra hefur byggt upp úrræði fyrir utangarðsfólk. Í 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að félagsmálanefndir skuli sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Þrátt fyrir það hefur Reykjavíkurborg borið ein kostnað af rekstri neyðargistiskýla fyrir heimilislausa sem þar til nú hafa þjónustað utangarðsfólk af allri landsbyggðinni.

**Heimilislausum fjölgar**

Mörg sveitarfélög setja enn það sem skilyrði fyrir þjónustu, að viðkomandi hafi farið í meðferð og sé í bataferli. Í 50 gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að félagsmálanefndir sveitarfélaga skuli hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Okkar túlkun á þessari grein er sú að sveitarfélögum beri skylda til að mæta skjólstæðingum sínum þar sem þeir eru staddir og veita þeim viðeigandi aðstoð og stuðning. Sú hugmyndafræði sem reynst hefur vel í vinnu með utangarðsfólki er skaðaminnkandi nálgun. Grunnhugmynd skaðaminnkunar er virðing fyrir einstaklingum, að minnka skaðann af því líferni sem þeir lifa og veita þeim þjónustu án skilyrða um edrúmennsku. Langtímabúseta þar sem vímuefnaneysla er leyfð, er skaðaminnkandi úrræði sem Reykjavíkurborg hefur þróað í auknum mæli undanfarin misseri og hefur gefið góða raun.

**➜ Það er staðreynd að fólk sem er í neyslu vímuefna eða áfengis leitar til höfuðborgarinnar hér á landi eins og annars staðar. En á þá heimilisleysi og utangarðsfólk eingöngu að vera vandi höfuðborgarinnar?**

Heimilislausum einstaklingum fer fjölgandi. Það er orðið tímabært að sveitarfélögin komi með markvissum hætti að málaflokki utangarðsfólks. Samvinna hlutaðeigandi aðila er forsenda þess að hægt sé að virða mannréttindi alls utangarðsfólks í landinu. Vandinn er ekki einkamál borgaryfirvalda, ástandið er grafalvarlegt.





**Ítalía heillar**
11. - 18. júní

**192.600 KR.-**
Mjög mikið innifalið

á mann í tvíbýli.
Gist verður við **Lago Maggiore** í 4 nætur og við **Comovatn** í 3 nætur.

Um ferðina:
Þar sem Alpafjöllin teygja sig suður á Ítalíu liggja nokkur undurfögur stöðuvötn, sum tilheyra alfarið Ítalíu, önnur eiga líka landamæri að Sviss. Í þessari fallegu ferð gefst einstakt tækifæri til að kynnast nánar þessu einstaka svæði á Norður-Ítalíu.
**Fararstjóri:** Hlíf Ingibjörnsdóttir

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | URVALUTSYN.IS


# 50+ já takk

FJÖLMIÐLAR



**Sigurður Árni Þórðarson**
prestur

Fyrir hverja er Fréttablaðið? Ég hef skrifað marga pistla í blaðið og notkun þeirra er fjölbreytileg: „Takk, fyrir pistilinn, hann var sendur á alla í fyrirtækinu okkar og það varð heilmikil umræða.“ Svo hefur fjöldi fólks klippt út bakþanka mína og notað í heimilisumræðunni. Margir hafa hringt í mig og sagt mér frá breyttri og bættri lífsafstöðu vegna skrifanna. Viðbrögð hafa staðfest að pistlaefnið hefur verið framsent, endurunnið og endurlífgað af lifandi fólki. Stórkostlegt.

Fyrir hverja eru fjölmiðlar? Til að þjóna fólki. Frá haustinu 2010 hef ég skrifað í Fréttablaðið um litríki daganna, fjölbreytileika mannlífsins, um hetjur, gleðimál – og ýmislegt sem eflir okkur. Mér hefur orðið ljóst að fólk les með ólíku móti. Eitt er að skruna og skima og annað að lesa aftur og tala um efnið. Stærri hópur fólks en mig óraði fyrir les með athygli, endurles og ræðir við sína. Hann er óháður aldri, lit, kyni og stöðu. Þetta fólk gerir kröfur, hefur vakandi meðvitund og miðlar því sem hrífur og snertir.

**Stefnubreyting**

Svo varð stefnubreyting á Fréttablaðinu, fólki var sagt upp og ég er í þeim hópi. Félög, stofnanir, fjölmiðlar og einstaklingar eiga reglulega að endurskoða markmið og leiðir – líka Fréttablaðið. Engan ætti að daga uppi í starfi, ekki heldur pistlahöfunda.

Ég fagna breytingum til góðs en fékk vonda skýringu sem fyllir mig tortryggni. Skýringin kom á óvart og er tilefni þessarar greinar. Ástæða uppsagnar var ekki að pistlar mínir væru lélegir og ekki heldur að ég væri prestur. Ástæðan var aldur minn. Blaðið þyrfti að sækja inn á æskumarkaðinn. Lesendum Fréttablaðsins í hópi 50 ára og eldri hefur fjölgað, er stærsti lesendahópurinn og er þar með mikilvægur markhópur auglýsenda. Í stað þess að styrkja þjónustuna við þetta fólk ætlar blaðið aðallega að sækja inn í æskugeirann með yngri höfundum. Skýringin er trúverðug en ég hræðist inntak hennar. Stækkandi kúnnahópur fær verri þjónustu! Hvers konar afstaða er það?

**➜ Fjölmiðlar eru fyrir fólk og eiga að þjóna lifandi fólki með þeim hætti sem hentar og til góðs.**

Fyrir hverja eru fjölmiðlar? Unga eða gamla, karla eða konur, hvíta eða litaða? Hlustar stjórn Fréttablaðsins á alla aldurshópa samfélagsins eða helst á þau sem eru hnakkar eða hipp og kúl? Til hvers er fjölmiðlun stunduð, í þágu hverra og hvaða hagsmuna? Er fólk á miðjum aldri – eins og ég – og fólk á efri árum orðið úrgangshópur 365-miðla? Fleiri miðaldra fá minni þjónustu til að ganga í augu þeirra sem kunna best við skjálfíið. Það er synd að merkir að missa marks. Fjölmiðlar eru fyrir fólk og eiga að þjóna lifandi fólki með þeim hætti sem hentar og til góðs. Ég hef áhyggjur af aldurs- og elliglöpum Fréttablaðsins og hvet ritstjórn til að virða lesendur sína og þjóna þeim við hæfi. En umfram allt iðkið vandaða blaðamennsku og í þágu allra hópa. Upp, upp, 50+. Verið blessuð og takk fyrir samfylgdina.


ALLTAF HREINT MEÐ **gorenje**

**ÞVOTTAVÉL MEÐ STERILTUB SJÁLFHREINSIBÚNAÐI. KEMUR Í VEG FYRIR ÓÆSKILEGA LYKT OG DREPUR BAKTERÍUR ÁN EITUREFNA.**

STAÐGREIÐSLUVERÐ **KR. 104.900.-**
TILBOÐSVERÐ **KR. 89.900.-**



5,5 kg
A+
1400 snúninga
SterilTub sótthreinsikerfi

RÖNNING

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020


# Gefum heilanum gaum! Endurhæfing á minni í MS

HEILBRIGÐISMÁL



**Claudia Georgsdóttir**
Ph.D., sérfræðingur í klínískri taugasálfræði
sálfræðiþjónusta LSH – Grensási

Minniserfiðleikar geta haft mikil áhrif á daglega líðan, valdið árekstrum og truflað samskipti. Með betri þekkingu og skilningi á tengslum heilavirkni og hugarstarfsemi í MS hefur vegur klínískrar taugasálfræði aukist í miklum mæli, bæði í greiningu og endurhæfingu. Í dag er umræða um skerðingu á hugarstarfsemi í MS-sjúkdómnum sem betur fer orðin opnari sem gerir okkur auðveldara að skoða möguleika á endurhæfingu.

Markmið vitrænnar endurhæfingar er að skoða og bæta þá þætti sem gjarnan láta undan í MS, eins og nýminni, vinnsluminni, einbeitingu, úthald (andleg þreyta) og skipulag til að læra og muna. Minnisaðferðir virkja huga okkar með því að setja atriði og efni sem á að muna í merkingartengsl. Notkun dagbóka er í dag viðurkennd sem áhrifamikil aðferð í vitrænni endurhæfingu, sem bætir skipulagshæfileika, tímaskyn, sjónræna úrvinnslu og hversdagslegt minni. Önnur dæmi um minnisaðferðir eru breytingar á umhverfinu, eins og þegar við komum skipulagi á hluti heima við, eða notum hjálpargögn í umhverfi okkar eins og dagatöl, minnisbækur, orðalista o.fl.

Á hópnámskeiðum um minnisendurhæfingu (sem hafa verið haldin hérlendis af höfundi þessa pistils, til dæmis í MS félagi Íslands), hafa þátttakendur tækifæri til að deila með öðrum reynslu sinni af daglegri gleymsku og sjúkdómseinkennum og geta jafnframt unnið saman við að finna leiðir til að takast á við vandann. Skapandi eðli þessarar vinnu gerir hana sérstaklega ánægjulega og áhrifamikla. Við erum öll sérstök og hver og einn hefur eitthvað til mála að leggja. Þannig lærum við hvert af öðru, veitum hvert öðru stuðning og minnkum fordóma gagnvart gleymsku og minnisvandamálum.

**➜ Markmið vitrænnar endurhæfingar er að skoða og bæta þá þætti sem gjarnan láta undan í MS, eins og nýminni, vinnsluminni, einbeitingu, úthald (andleg þreyta) og skipulag til að læra og muna.**

Cicerone, K.D., Langenbahn, M. Braden, C., o.fl. (2011) Evidence-based cognitive rehabilitation: updated review of the literature from 2003 through 2008. Arch Phys Med Rehabil, 92, 519-530.

Tesar, N., Bandion K. og Baumhackl, U. (2005). Efficacy of a neuropsychological training programme for patients with multiple sclerosis – a randomised controlled trial. Wien Klin Wochenschr, 1117/21 – 22, 747-754.



BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð

# 29.990 kr.

Almennt verð 41.989 kr.

FÉLAGAR Í BYKO KLÚBBNUM NJÓTA SÉRTILBOÐA.
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA MEÐ.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.

**STERLING**

Vnr. 50657144
STERLING gasgrill.Tvískiptur brennari, grillflötur 50x32 cm, efri grind 50x24 cm. Hitamælir, neistakveikjari, þrýstijafnari og hitadreifiplata. 8,79 kW.

## ÓTRÚLEGT KLÚBB-TILBOÐ

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

VERÐVERND BYKO

# LÆGRA VERÐ

KOMINN TÍMI TIL

# AÐ GRILLA

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**STERLING**

Vnr. 50657153
STERLING 1716-3 gasgrill. Tveir brennarar, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir, þrýstijafnari. 11,72 kW.

**49.989 kr.**



**STERLING**

Vnr. 50657143
STERLING GASGRILL 1714, 2 brennarar, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir, þrýstijafnari og álhjálmur. 11,72 kW.

**55.989 kr.**



**STERLING**

Vnr. 50657152
STERLING 1726-3 gasgrill, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir, þrýstijafnari og álhjálmur. 10 kW.

**74.989 kr.**



**STERLING**

Vnr. 50657149
STERLING CAPINET gasgrill, 3 brennarar og bakbrennari, niðurfellanleg hliðarborð með hellu, hitamælir, þrýstijafnari og skápur. Ryðfrítt/ál. 15,8 kW.

**122.989 kr.**

## MIKIÐ ÚRVAL AF GRILLFYLGIHLUTUM



GRILLPRO

Vnr. 50658130
GRILLPRO WOK-grillpanna með götum.

**1.990 kr.**



GRILLPRO

Vnr. 50658140
Pizzapanna á grillið.

**2.790 kr.**



Vnr. 50652154
Grilltöng.

**790 kr.**



GRILLPRO

Vnr. 50657336
Grillbursti 10,5" 2in1.

**590 kr.**



Vnr. 50654938
Steikingargrind fyrir hamborgara á grillið.

**2.490 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ÓLAFSSON**

**Fagurgerði 5, Selfossi,**

lést sunnudaginn 17. mars. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 26. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á dagdvölina Vinaminni á Selfossi, reikn.nr. 0152-15-370676 kt. 650598-2029.



**Ólöf E. Árnadóttir**
**Steingerður Jónsdóttir** **Örlygur Karlsson**
**Ólafur Jónsson**
**Skafti Jónsson** **Bente Nielsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**ÁSRÚNAR RÖGNU ÞÓRÐARDÓTTUR**

**Boðaþingi 7.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Gullsmára 11 og á Hrafnistu í Kópavogi fyrir einstaka hlýju og velvild í hennar garð.



**Steinunn Karlsdóttir**
**Jóhann Karlsson** **Ragnheiður Björnsdóttir**
**Þorbjörg Karlsdóttir** **Þórir Ingason**
**barnabörn, lang- og langalangömmubörn**

†

Við sendum innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður og systur,

**GUÐLAUGAR HELGU KONRÁÐSDÓTTUR**

**bankamanns.**



**Fyrir hönd allra aðstandenda,**
**Sigtryggur Jónsson**
**Marta Ruth Guðlaugsdóttir**
**Sverrir Konráðsson**

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**

**vélstjóri,**

**Bollagötu 4, Reykjavík,**

andaðist á LHS Landakoti, miðvikudaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju, þriðjudaginn 26. mars kl. 11.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Tækjakaupasjóð Hrafnistu í Reykjavík.



**Hólmfríður H. Benediktsdóttir**
**Guðmundur Jónsson** **Valgerður Jóna Þorbjörnsdóttir**
**Hólmfríður Ruth Guðmundsdóttir**

†

Ættingi okkar,

**HJÖRTUR GUÐMUNDSSON**

**bóndi í Litlu-Gröf, Borgarhreppi,**

lést í Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnesi, laugardaginn16. mars. Útför hans fer fram frá Stafholtskirkju laugardaginn 23. mars kl. 14.00.



**Haukur Vernharðsson**
**og aðrir ættingjar.**

†

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ANNA PÁLA SVEINSDÓTTIR**

lést mánudaginn 11. mars 2013. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju 22. mars 2013 kl. 15.00.



**Sigrún Reilly** **Dermot Reilly**
**Guðbjörg Vignisdóttir** **Kristján Ármannsson**
**Arnbjörg Vignisdóttir** **Sigmundur Brynjar Sigurgeirsson**
**Guðrún Vignisdóttir** **Ásmundur Jónasson**
**Anna Pála Vignisdóttir** **Páll Loftsson**
**Þóra Jóna Jónatansdóttir**
**og barnabörn.**




**Í TEXAS** Íslensku athafnakonurnar fjórar á tækni- og tónlistarhátíðinni SXSW í Texas á dögunum.

# Fjórar íslenskar athafnakonur í Texas

Fjórar íslenskar athafnakonur voru hluti af dagskrá hátíðarinnar SXSW í Texas.

Fjórar íslenskar athafnakonur voru hluti af dagskrá hinnar árlegu tækni- og tónlistarhátíðar SXSW sem var haldin í Austin í Texas á dögunum. Það voru þær Helga Waage hjá Mobilitus, Ingibjörg Gréta Gísladóttir hjá Reykjavík Runway, Magga Dóra Ragnarsdóttir hjá Mad*Pow og Rakel Sölvadóttir hjá Skema sem héldu erindi og sátu í pallborði. Umræðuefnið var Kreppa og uppgangur; Ísland, konur og árangur í viðskiptum.

„Það er svolítið gaman að hafa verið fyrirlesari á SXSW,“ segir Ingibjörg Gréta. „Það var kosið á netinu á milli 3.400 fyrirlesara. Fjögur hundruð fóru inn, þar á meðal við.“

Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingar fá tækifæri til að tala á jafn virtri og vinsælli ráðstefnu en það telst mikill heiður að fá að halda þar fyrirlestur. Á meðal annarra fyrirlesara í ár voru Elon Musk, framkvæmdastjóri Tesla Motors og Space X, Tina Roth Eisenber hönnuður, Nate Silver tölfræðingur og Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna.

Í fyrirlestri íslensku kvennanna kom fram að í kjölfar hrunsins hafi fólk fundið til meiri samkenndar og samábyrgðar og að þörfin fyrir að byggja upp samfélagið hafi orðið æ ríkari. Hugarfarsbreyting hafi orðið þar sem nýsköpun og skapandi hugsun hafi fengið aukinn sess í samfélaginu og tugir fyrirtækja í nýsköpun verið stofnuð sem bein afleiðing hrunsins. Þá kom fram að þó að margt sé gott í íslensku viðskiptaumhverfi séu gjaldeyrishöftin þrándur í götu margra og þá sérstaklega þeirra sem hyggjast sækja sér fjármagn erlendis.

Aðspurð segir Ingibjörg að fyrirlesturinn hafi fengið mjög góðar viðtökur. „Málefnið þótti ansi spennandi, eða kreppan og hvað hefur gerst eftir hana. Okkar punktur var líka að koma því á framfæri að það væri margt að gerast annars staðar en í Bandaríkjunum. Þjóðir úti um allan heim eru að bjóða fyrirtækjum að koma til sín og byggja upp sína starfsemi. En á Íslandi er verið að gera fólki svolítið erfiðara fyrir og það eru margir farnir að hugsa sér til hreyfings frá Íslandi vegna þessara erfiðu aðstæðna.“

freyr@frettabladid.is

# Jarðarstund fyrir Reykvíkinga

Reykjavíkurborg tekur þátt í alþjóðlegri Jarðarstund á laugardagskvöld.

Reykjavíkurborg tekur þátt í alþjóðlegri Jarðarstund laugardagskvöldið 23. mars klukkan 20.30 ásamt borgum í tæplega 150 löndum.

Jarðarstundin (Earth hour) felst í því að kveikja ekki rafmagnsljós á milli kl. 20.30 og 21.30. Þessa klukkustund sameinast jarðarbúar um að minna á hvernig draga megi úr orkunotkun. Ekki verður kveikt á götulýsingu vestan Elliðaáa í Reykjavík fyrr en eftir kl. 21.30 þetta kvöld og er fólk hvatt til að kveikja ekki heldur rafmagnsljós heima hjá sér.

Fólk getur lagt leið sína á Ingólfstorg og notið Jarðarstundar þar. Þar mun Ólöf Arnalds koma fram á kertaljósatónleikum sem sérstakur velunnari verkefnisins. Að tónleikunum standa Reykjavíkurborg, Miðborgarsamtökin, Höfuðborgarstofa og Grænn apríl, Samtök lífrænna neytenda ásamt IKEA sem sér um kertaljósin.

Stemningin verður þó ekki aðeins þar heldur á hverju því heimili og fyrirtæki þar sem ljósin eru slökkt. Vonir standa til að sem flestir taki þátt í Jarðarstund og að ljósin verði slökkt í byggingum og á götum þar sem því verður við komið.

Víða um heim hafa listamenn, stjórnmálamenn og þekktir einstaklingar ljáð þessu verkefni lið, og hefur það undið upp á sig á undanförnum árum. Bandaríska leikkonan Jessica Alba er talsmaður verkefnisins á alþjóðavísu. Árlega eru birt mögnuð myndbönd tileinkuð Jarðarstundinni og hugmyndafræði hennar.

Jarðarstundin hófst í Sydney í Ástralíu árið 2007 og hefur síðan breiðst út um víða veröld. Viðburðurinn er skipulagður af sjálfboðaliðum og er markmiðið að hvetja hvern og einn til að spá í hvað hann geti lagt af mörkum í þágu umhverfisins.

Verkefnið er hægt að kynna sér nánar á Facebooksíðunni Earth Hour Iceland.



**ÓLÖF ARNALDS** Tónlistarkonan tekur þátt í alþjóðlegri jarðarstund.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




21.Mars 2013 - Tilboð gilda til páska eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI




### 23" LED BENQ SKJÁR

- 23" FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
- 5 milljón:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.900**

24" LED AÐEINS 32.900




### 24" 3D LED 120Hz LEIKJASKJÁR

- Sérhannaður 120Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL og VGA tengi
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**69.900**

SÁ FLOTTASTI Í LEIKINA




### MINIMUS 2TB USB 3.0 FLAKKARI

LaCie minimus er án efa einn glæsilegasti USB 3.0 flakkari í heimi en hann kemur í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Enn meiri hraði á USB 2.0 í PC og Mac
- 10x meiri hraði með USB 3.0

**19.900**

3TB 29.900 | 4TB 44.900




GW2750HE

### 27" VALED BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR

Glæsilegur alvöru VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu á ótrúlegu tilboði í Tölvutek:)

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**49.900**

22" VA-LED 26.900




### 14MP STAFRÆN MYNDAVÉL

- Örþunn og glæsileg 14MP myndavél
- 5x optical zoom, wide-angle linsa
- Skarpur og bjartur 2.7 LCD skjár
- Innbyggð hristivörn og ISO 100-6400
- Sjálfvirkar brosmyndir, Panorama og HDR
- 1080p Full HD Video upptaka (30fps)
- Li-Ion hleðslurafhlaða og taska fylgir

**19.900**

MYNDAVÉLAR FRÁ 14.900




### DIAMOND 500GB USB 3.0 FERÐAFLAKKARI

- 500GB Silicon Power hágæða ferðaflakkari
- Metalic Black rispuvarið yfirborð
- Fær straum úr USB tengi
- LED ljósbjarmi sýnir stöðu
- 256-bit öryggis og afritunarhugbúnaður
- Virkar með PC og Mac tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0
- Ótrúlega nettur aðeins 147gr.

**11.900**

1TB 16.900 | 1.5TB (D05) 26.900




### M6900 ALVÖRU LEIKJAMÚS

- Ein flottasta leikjamúsin í dag
- High-Precision 3200dpi tækni
- On-the-fly 3ja þrepa DPI stillingar
- Gaming Grade 30G hröðun
- 5 forritanlegir hnappar
- Gaming Grade gúmmí grip
- Glæsileg leikjamús frá GIGABYTE

**4.990**

FRÁBÆRT VERÐ!




### K8100 GIGABYTE LEIKJALYKLABORÐ

- Aivia leikjalyklaborð frá Gigabyte
- LED baklýst lyklaborð með ljósrofa
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Snertinæmur og upplýstur hljóðstillir
- Þriggja þrepa Elastic Force hnappar
- Nemur allt að 20 hnappa í einu
- 5x5 forritanlegir Macro hnappar
- 70 GHOST Macro sett í innra minni

**11.900**

MAGNAÐ LEIKJALYKLABORÐ




### HLJÓMGÆÐI




### 1TB PORSCHE USB3




### CANON PRENTARI




### MINNISLYKLAR



GIGABYTE LACIE BenQ Silicon Power



## GULUR PÁSKAKJÓLL

**Gulur er litur páskanna og vorsins. Af hverju ekki að fá sér spari-kjól í gulum lit fyrir páska? Þessi kjóll fæst í netversluninni asos.com þar sem margir Íslendingar versla. Asos sendir um allan heim og er vinsæl netverslun með ýmsum þekktum merkjum.**


FRÁBÆR ÍÞRÓTTAHALDARI

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur





TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ





Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




**JAROON NUAMNUI** Eldar eftir hefðum Sukhothai-héraðsins í Norður-Taílandi, en þar eru heimahagar hennar.

# HALDIÐ Í HEFÐIRNAR

**NAREE THAI KYNNIR** *Mæðgurnar Jaroon og Sukanya Nuamnui opnuðu Naree Thai fyrir ári. Vefsíðan tripadvisor.com mælir með staðnum.*

Jaroon Nuamnui sér um alla matseld á veitingastaðnum Naree Thai ásamt dóttur sinni, Sukanya, en þær mæðgur opnuðu staðinn fyrir ári á Frakkastíg 12. Jaroon opnaði sinn fyrsta veitingastað fyrir tíu árum þegar hún setti á fót Menam á Selfossi. Menam naut strax mikilla vinsælda og er matseðillinn þar byggður á eldamennsku Jaroon þó að hún reki ekki staðinn lengur.

Jaroon eldar allt frá grunni eftir aldagömlum hefðum í heimahéraði sínu, Sukhothai í Norður-Taílandi.

„Við notum alltaf besta fáanlega hráefnið og eingöngu ferskt grænmeti,“ segir Jaroon. „Við notum ekkert MSG og höldum okkur við holla matreiðslu. Við gerum allt frá grunni og bökum meðal annars sjálfar kökur í eftirrétti. Hjá okkur er einnig hægt að fá alla rétti á matseðlinum sem grænmetisrétti. Margir vilja sterkan karrírétt en borða ekki kjöt og þá er lítið mál að fá kjúklingarétti breytt í tófúrétt,“ segir Jaroon.

„Í hádeginu á virkum dögum er hægt að fá ódýra rétti frá 990 krónum, til að taka með og til að borða á staðnum. Það er líka mjög vinsælt af smærri hópum að panta veislur hjá okkur.“

Jaroon segir Naree Thai hafa fengið góðar viðtökur. Þá hafi gestagangurinn aukist eftir að staðurinn fékk meðmæli tripadvisor.com.

„Það hefur haft sitt að segja. Við fáum mjög mikið af erlendum ferðamönnum en Íslendingar eru líka að komast á bragðið.“

### NAREE THAI

***Frakkastíg 12, 101 Reykjavík. Sími 552 9944 www.nareethai.is. Naree Thai er einnig á Facebook.***


Kjólar í úrvali!

Stærðir 34-46

Skoðið sýnishorn á facebook





TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á facebook





GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGIHLUTUM MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.





GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

Fermingar tilboð

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

VALHÖLL
Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
Stærð 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 74.900.-

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is





Baldursnesi 6 - Akureyri





Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




# NÝTT FRÁ SONJU

**ÍSLENSK PRJÓNAHÖNNUN** *Fyrsta barnafatalína Sonju Bent kemur upp úr kössunum í dag. Þá er ný peysulína fyrir dömur einnig komin á markaðinn.*

Ég er að fá fyrstu sendinguna af doppupeysum með slaufu fyrir stelpur og stráka. Þær koma í Kiosk og Kirsuberjatréð nú fyrir helgina," segir Sonja Bent fatahönnuður þegar Fólk spyr hana frétta. Þetta er fyrsta barnafatalína Sonju en kveikjan að henni var pöntun frá versluninni Ave María í New York, en sú verslun gengur út á að selja eins föt á alla fjölskylduna.

„Eigandi verslunarinnar sá peysurnar mínar á sýningu í París sem ég tók þátt í fyrir rúmu ári og pantaði hjá mér peysur á fullorðna. Hún vildi fá eins peysur á börn og ég ákvað að slá til," segir Sonja. „Mig langaði líka til að sjá hvernig tekið yrði í barnapeysur hér heima," bætir hún við og segir það hafa verið mjög skemmtilegt að hanna á börn.

„Mér fannst það dásamlegt og sérstaklega gaman að finna hvað börnin voru hrifin af peysunum, litunum og doppunum og af slaufunum, sem sum kölluðu fiðrildi. Ég hafði líka gaman af því að sjá hvað börn hafa mikinn áhuga á því hverju þau klæðast, bæði stelpur og strákar. Ég prófaði peysur á nokkrum krökkum á mismunandi aldri, tók myndir og hafði peysurnar uppi við og sýndi fólki. Stundum voru börnin búin að taka eftir peysunum á undan foreldrunum sem var mjög skemmtilegt."

Barnalínan er þó ekki það eina sem er að gerast hjá Sonju en hún sendi frá sér nýja peysulínu á dömur nú í vor þar sem innblásturinn er sóttur til sjötta áratugarins. Munstrið minnir á veggfóður frá þeim tíma.

„Peysurnar eiga að vísa í gamlar peysur frá sjötta áratugnum," segir Sonja. „Peysur frá þeim tíma voru þó ekki með stroffi heldur voru hafðar víðar fram. Ég nota stroff á ermarnar svo það má segja að peysurnar séu sóttar enn lengra aftur. En skyrtukraginn og munstrið er sótt í sjötta áratuginn." Spurð hvort nýja munstrið muni einnig fást í barnastærðum í framtíðinni segir Sonja ekkert ákveðið enn þá. Þó sé aldrei að vita.

„Ég ætla að halda mig við doppurnar eins lengi og þær lifa og bæta við nýjum munstrum þegar mig langar til. Ég er meira fyrir klassík og er alveg á móti því að detta úr tísku," segir hún við hlæjandi. „En við erum eins misjöfn og við erum mörg. Sumir eru eins og klipptir út úr tískublaði frá 1940 en aðrir eru allir í „eitís", það er svo gaman að því."

■ **heida@365.is**



**NÝJA LÍNAN KOMIN Í HÚS** Fatahönnuðurinn Sonja Bent er að taka upp nýju barnafatalínuna, doppupeysur á stelpur og stráka.



**SÓTT Í SJÖTTA ÁRATUGINN** Ný peysulína fyrir dömur er innblásin af munstrum á gömlu veggfóðri frá sjötta áratugnum. MYND/SONJA BENT

**DOPPUR OG DÚLLUR** Peysur Sonju fást í Kiosk og í Kirsuberjatrénu. MYND/SONJA BENT




## UMHVERFISVÆN TÍSKUVIKA

Nú stendur tískuvika yfir í Sao Paulo þar sem 25 þekktir hönnuðir í Brasilíu sýna sumartísku 2014. Sýningin er innblásin af umhverfishönnun og umhverfisvernd en umgjörðin er auk þess öll í þeim anda. Ofurfyrirsætan Karlie Kloss er skærasta stjarna sýningarinnar. Þarna má sjá fræg brasilísk vörumerki eins og Cavalera, Ellus, Alexandre Herchcovitch, Osklen og Colcci. Sýningin var færð fram í tíma til að gefa hönnuðum betri tíma til að koma vöru sinni í verslanir en venjulega fer hún fram í júní. Það vekur athygli á sýningunni að margar frægar fyrirsætur sem starfa í París, London og víðar hafa snúið heim til að sýna á tískuvikunni í Sao Paulo. Sýningin hefur vakið athygli um allan heim.








**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# KAFLASKIPT KLÆÐI

**TÍSKA** *Ef marka má tískuhönnuði ætti að vera í góðu lagi að skarta köflóttum flíkum í vor og sumar. Hönnuðir úr öllum áttum nýttu sér mynstrið í vor- og sumarlínu sinni fyrir árið 2013.*



**EMPORIO ARMANI** Fléttaður jakki frá Emporio Armani af tískuvikunni í Mílanó í september.



**ALEXANDRE HERCHCOVITCH** Tvílitur köflóttur búningur af tískupöllunum í New York í september.



**ALEXANDRE HERCHCOVITCH** Kaflaskiptar línur á tískusýningu Alexandre Herchcovitch á Mercedes Benz tískuvikunni í New York í september.



**LOUIS VUITTON** Köflótta mynstrið var afar áberandi á tískusýningu Louis Vuitton á tískuvikunni í París síðastliðið haust en þá var kynnt vor- og sumarlínan fyrir 2013. Vefrit tískutímaritsins Vogue benti á hina köflóttu tískustrauma á vefsíðu sinni www.vogue.co.uk.



**MARC BY MARC JACOBS** Sumarleg og sæt flík frá Marc by Marc Jacobs sem hann sýndi á tískuvikunni í New York í september.



**CHANEL** Ný sýn á hið köflótta á tískusýningu Chanel í París í október.



**MARNI** Sumarkjóll með köflóttri skírskotun sem kom á tískupallana í tískuvikunni í Mílanó síðastliðið haust.



**MICHAEL KORS** Smáköflóttur kjóll úr smiðju Michael Kors sem sýndur var á tískuvikunni í New York í september.

## CHANEL Í HUNDRAÐ ÁR

**Ný heimildarmynd**



**Karl Lagerfeld hefur valið leikkonuna Kiera Knightley í hlutverk Gabrielle „Coco“ Chanel í nýrri heimildarmynd um Chanel-tískuhúsið sem fagnar hundrað ára afmæli á þessu ári. Fyrsta verslunin var opnuð í franska bænum Deauville árið 1912 en Chanel-tískuhúsið í París var opnuð ári síðar. Kiera Knightley er ekki ókunn Chanel þar sem hún hefur verið andlit Chanel-ilmvatns. Franska leikkonan Clotilde Hemsem leikur Adriennu, frænku Coco Chanel, en auk þess munu uppáhaldsfyrirsætur Lagerfelds fara með hlutverk í myndinni.**






# ÓPERA UM PLAYBOY-LEIKFANG

Ópera um líf og hörmulegan dauða amerísku fyrirsætunnar, leikkonunnar og raunveruleikaþáttastjörnunnar Önnu Nicole Smith verður frumsýnd hjá New York City Opera í september á þessu ári. Óperan var fyrst sett upp í Royal Opera House í Covent Garden árið 2011 og fékk góðar viðtökur. Anna Nicole Smith átti skrautlegan feril en hennar rétta nafn er Vickie Lynn Hogan. Hún hætti í skóla og varð Playboy-stjarna árið 1993 og kallaði sig þá Vickie Smith. Það var sjálfur Hugh Hefner sem gerði hana að Playboy-leikfélaga ársins. Anne Nicole Smith var fyrirsæta fyrir þekkt tískumerki eins og Guess og H&M. Hún vakti þó fyrst verulega athygli þegar hún giftist milljarðamæringnum J. Howard Marshall sem var 63 árum eldri en hún og bundinn við hjólastól. Sjálfa dreymdi hana um að vera önnur Marily Monroe. Anna Nicole Smith var aðeins 39 ára þegar hún lést árið 2007. Dánarorsök var sögð ofneysla lyfja. Hún skildi eftir sig tvö börn, son, fæddan árið 1986 og dóttur fædda 2006. Bíómynd hefur verið gerð um ævi þessarar skrautlegu konu.



**ANNA NICOLE SMITH**
















# SAKLAUS EN SEXÍ

**ESTÉE LAUDER KYNNIR** *Vorið er komið hjá Estée Lauder. Það er innblásið sakleysi og fagurri rómantík en líka uppreisnargirni og tælandi kynþokka.*

Mig langaði til að skapa heillandi förðun fyrir konur sem eru rómantískar á saklausan hátt en samt geislandi af kynþokka," segir förðunarfræðingurinn Tom Pecheux sem á veg og vanda af sumarlínunni Pretty Naughty frá Estée Lauder.

Í frískandi sumarförðun Pecheux eru sakleysislegir pasteltónar ráðandi þótt undir niðri örli á svolitlu óstýrilæti.

„Sumarlínan einkennist af lífsgleði, rómantík, kynþokka og bjartsýni og er alveg laus við væmni. Pastellitir ná nýjum hæðum og við yfirbugum þversögnina á milli þess að vera rómantísk og hlédræg kona eða ærslafull og sexí," segir Tom um litadýrð Pretty Naughty sem er innblásin af undurfögrum pasteltónum enskra skrúðgarða í bland við lokkandi litatóna rökkursins.

„Með Pretty Naughty tökumst við á við andstæður og notum mjúka pastelliti í grunninn sem við skerpum á með dramatískum útlínum. Útkoman er undurfagurt og kvenlegt útilit sem klæðir allar konur vel."

Þess má geta að töfrandi sumarlína Estée Lauder fæst í takmörkuðu upplagi. Snyrtivörur Estée Lauder fást í öllum helstu snyrtivörubúðum.



**SÆT Í SUMARBLÆ ESTÉE LAUDER**
Augnskuggar Pretty Naughty samanstanda af fjórum fjörlegum pastellitum og glansandi teiknikolum í miðjunni. Ljósbleikur litur gefur í skyn saklaust augnaráð á meðan ljósfjólublár og brúnn skapa nautnafulla dýpt. Kolsvört innrömmuð augu binda tælandi lokahnút á verkið.

Kinnalitur Pretty Naughty gefur fágaðan ljóma sem skín í gegn og mótar útlínur kinnbeina. Kinnaliturinn er samblanda vökva, púðurs og gels og sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Einstök blandan helst á yfirborði húðar og sýnir marglitt endurkast sem er tælandi og glitrandi.

Varalitur Pretty Naughty er satínmjúkur og fæst í fjórum ferskum og björtum litum, frá ljósbleikum yfir í rauðbleikan.

# JARLINN Í OXFORD STREET

Tískuhúsið Selfridge's í Oxford Street í London á sér langa og merkilega sögu sem nú eru gerð skil í glænýjum sjónvarpsþáttum, Mr. Selfridge, sem sýndir eru á Stöð 2.

Harry Selfridge, bandarískur fjölskyldufaðir, flytur með fjölskyldu sína frá Chicago til að kenna breskum konum að kaupa tískufatnað í alvöru vöruhúsi. Enn í dag er Selfridge's vinsæl verslun í London. Þættirnir eru byggðir á ævisögu Harry Selfridge sem fæddist í Bandaríkjunum árið 1856. Faðir hans stakk af frá fjölskyldu sinni og tveir bræður Harrys létust ungir. Harry ólst því einn upp hjá móður sinni sem síðar flutti með honum til London. Hann var oft kallaður mömmustrákur vegna sterkrar vináttu þeirra,

Saga Selfridge er merkileg, ekki síst vegna bakgrunnar hans. Selfridge hætti í skóla 14 ára og fór að bera út blöð til að létta undir í heimilisrekstrinum. Síðan hóf hann störf í banka í Michigan eða þangað til hann fékk vinnu hjá stórversluninni Marshall Field í Chicago. Þar starfaði hann í 25 ár, eignaðist hlut í fyrirtækinu og er þekktur fyrir að hafa fundið upp ýmis slagorð tengd verslun. Til dæmi var hann öflugur í að hvetja fólk til innkaupa fyrir jólin með slagorðum og hann fann upp setninguna að viðskiptavinurinn hefði alltaf rétt fyrir sér. Selfridge var stórtækur þegar hann flutti til London og byggði vöruhús að bandarískri fyrirmynd í Oxford Street. Margir töldu að þetta gæti aldrei gengið en raunin varð önnur. Selfridge varð vellauðugur maður þótt einkalífið, sérstaklega kvennamálin, væru flókin. Eiginkona hans, Rose, var af auðugri bandarískri fjölskyldu og talið er að hún hafi lagt talsvert fé í byggingu verslunarinnar. Selfridge's var opnuð 15. mars 1909 og var brautryðjandi á margan hátt í verslunarrekstri í Englandi. Í fyrsta skipti hafði verslun upplýsta glugga á nóttunni og mikilfenglegar gluggaskreytingar. Hann varð kallaður jarlinn í Oxford Street. Fjölskyldan bjó í glæsilegum kastala í Dorset en hjákona hans fékk íbúð í Kensington. Harry Selfridge átti stórmerkilega en tragíska ævi. Hann lést í maí 1947, þá 91 árs



**VELDI** Bandaríski leikarinn Jeremi Piven fer með hlutverk Harry Selfridge í þáttunum.



**NÝTT VAL** Með tilkomu stórverslunarinnar Selfridge´s í London breyttist máttur kaupmennskunnar töluvert í Bretlandi.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# SKÓLAR &NÁMSKEIÐ



**Kynningarblað** Bóknám, spegluð kennsla, námstækni og framhaldsnám.



# MK ekki bara kokkaskóli

„Við erum með mjög öflugar bóknámsbrautir og aðstaða raungreina er til fyrirmyndar hér í MK, við erum ekki bara kokkaskóli," segir Helgi Kristjánsson, aðstoðarskólameistari Menntaskólans í Kópavogi, en innritun nýnema fyrir næsta haust er nú að hefjast.

„Aðstaða fyrir verklega tíma í eðlis- , efna- og líffræði er mjög góð hér í skólanum og þá erum við með öfluga viðskiptafræðibraut sem við höfum byggt upp með frábærum kennurum. Við kennum stærðfræðiáfanga upp í 703 og leggjum metnað í að nemendur geti tekið mikla stærðfræði. Fyrir þá krakka sem langar að verða bakarar, kokkar, kjötiðnaðarmenn eða þjónar bjóðum við upp á eins árs braut þar sem hægt er að kynnast öllum þessu greinum áður en nemandinn ákveður hvað hann ætlar að læra."

Helgi segir nemendur skólans flesta koma úr Kópavogi og skólinn eigi í góðu samstarfi við grunnskólana í bænum. „Okkur finnst gott að vinna með okkar nærumhverfi og megin þorri okkar nemenda kemur úr Kópavogi. Við leggjum metnað í okkar starf og erum með fullt hús af góðum kennurum sem bera hag nemenda sinna fyrir brjósti. Nemendur hafa talað sérstaklega um það hve kennurum er annt um þá og námið þeirra. Skólinn er alls ekki nein færibandaverksmiðja. Ef eitthvað gengur ekki upp hjá nemanda er gripið inn í og við leggjum okkur fram við að finna viðeigandi lausnir," segir Helgi.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans: www.mk.is.



Helgi Kristjánsson, aðstoðarskólameistari MK, segir aðstöðu raungreina til fyrirmyndar í skólanum. MYND/GVA

# Speglun er bylting í kennsluháttum

**Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, hefur innleitt nýja og breytta kennsluhætti, svokallaða speglaða kennslu. Þannig hlusta nemendur á fyrirlestra heima en vinna verkefnin í skólanum með aðstoð kennarans.**

Skólakerfið er búið að vera fast í sömu sporum um aldir, þar sem einn stendur fyrir framan aðra og messar. Þökk sé tækni og aðgengi fólks að upplýsingum er hægt að breyta þessu," segir Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis. Hann segir skólaleiða of algengan og stafi af því að kennarinn einn er virkur í kennslustofunni á meðan nemendur eru þiggjendur. „Spegluð kennsla er svar við þessu."

Í speglaðri kennslu, tekur kennarinn upp námsefnið og setur inn á netið ásamt þeim gögnum sem hann vill hafa með kynningu sinni. Heimavinna nemenda felst í því að hlusta á og skoða námsefnið á netinu. „Þar geta nemendur, foreldrar og aðrir hlustað á fyrirlesturinn þegar þeir vilja og eins oft og þeir vilja. Þeir geta lagt fram spurningar og fengið svör við þeim hver frá öðrum eða frá kennara. Í kennslustundum eru síðan unnin verkefni, gjarnan í hópum. Þannig er heimavinnunni snúið við og hún fer í staðinn fram í tímum," útskýrir Hjálmar og bendir á að þannig snúist dæmið um lærdómsferli nemenda en ekki um kennsluferli kennara. „Í þessu felst meira jafnrétti til náms heldur en í hefðbundinni kennslu," telur Hjálmar. Hann bendir á að ekki hafi allir sama aðgang að aðstoð við námið heimavið og því geti þeir sem ekki hafi gripið efnið alveg í tímum dregist aftur úr. „Með speglunninni hafa allir sama aðgang að aðstoðinni sem fer fram í skólanum."




Í speglaðri kennslu tekur kennarinn upp námsefnið og setur inn á netið. Heimavinna nemenda felst í því að hlusta á og skoða námsefnið en í kennslustundum eru unnin verkefni með aðstoð kennara.

Þessir kennsluhættir hafa tíðkast í fjarnámi Keilis en síðastliðið haust var tekin ákvörðun um að innleiða þá í öllum skólanum. „Við sjáum ekki eftir því. Við gerðum könnun meðal kennara og nemenda í lok annar og það er ljóst að við snúum ekki til baka," segir Hjálmar og bendir á að kannanir í Bandaríkjunum sýni að spegluð kennsla leiði til betri námsárangurs, virkari nemenda í tímum, ánægðari foreldra og minni agavandamála. „Ég tel að þetta sé bylting í kennsluháttum. Kennarar hafa verið að leita að nýjum farvegi enda virkar sá hefðbundni ekki lengur. Þessi leið er örugglega eitt svar við því," segir Hjálmar og þykir líklegt að spegluð kennsla muni breiðast hratt út í skólakerfinu næstu árin.

Þann 22. apríl næstkomandi stendur Keilir fyrir ráðstefnu. Þar mun Jonathan Bergmann, annar af hugmyndasmiðum speglaðrar kennslu, koma og standa fyrir vinnubúðum um speglunina. Mikill áhugi skólafólks virðist vera fyrir vinnudegi þessum enda mikil gerjun í gangi meðal íslenskra kennara, að sögn Hjálmars.





Háskóli Íslands býður upp á úrval námskeiða í viðskiptafræði með vinnu.

Kynntu þér námið á **vmv.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD


## HALTU EINBEITINGU

Einbeiting skiptir sköpum þegar kemur að námsárangri. Flestir námsmenn kannast þó við að missa einbeitinguna. Hugurinn reikar og áhyggjur sækja að. Eins getur utanaðkomandi truflun og leiðinleg viðfangsefni valdið því að einbeitingin dvínar.

**Hér eru nokkur ráð til að halda góðri einbeitingu.**

■ Lærðu við skrifborð

Veldu stað sem þú notar eingöngu til að læra á. Ekki læra við eldhús- eða stofuborðið. Sjáðu til þess að við borðið sé allt til alls; góður stóll, góð lýsing, tölva og skriffæri en skildu símann og aðra afþreyingu eftir annars staðar.



■ Forðastu netið og samskiptamiðla

Þeim sem reynist erfitt að halda sig frá samskiptamiðlum og afþreyingu á netinu má benda á síðuna www.getcoldturkey.com. Þar er hægt að setja inn stillingar sem loka tímabundið á aðgang að vissum síðum og gagnast það mörgum vel við lærdóm og í prófum.

■ Settu þér markmið

Taktu nokkrar mínútur í að safna þér saman áður en þú byrjar. Ákveddu hvað þú ætlar að lesa mikið og hvaða verkefnum þú ætlar að ljúka.

■ Skiptu um viðfangsefni og lærdómstækni

Ekki sitja yfir sama verkefninu í meira en tvo tíma. Skiptu þá yfir í annað. Notaðu ólíkar lærdómsaðferðir til skiptis; lestu í hljóði, lestu upphátt, lestu standandi, skrifaðu, glósaðu, búðu til spurningar úr námsefninu og lærðu utanbókar.

■ Verðlaunaðu þig

Með göngutúr, tölvutíma, góðum mat eða öðru sem vekur ánægju og vellíðan.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

10 ára
MÍMIR
símenntun

# NÁMSKEIÐ SEM HEFJAST EFTIR PÁSKA

**SKRÁÐU ÞIG NÚNA!**

## Tungumál:

Arabíska Danska Enska Franska Ítalska Japanska Norska Pólska Portúgalska Rússneska Spænska Sænska Þýska

## FYRIR GRÆNA FINGUR



**Matjurtagarðurinn – Ferskt salat allt sumarið**
*Leiðbeinandi: Auður Jónsdóttir*
Fjallað er um mótun og uppbyggingu matjurtagarða. Einnig um gróðursetningu, skiptiræktun, áburðargjöf og hvernig hægt er að nýta blóm í matreiðslu og sem vörn gegn skaðvöldum matjurta. Kennt er m.a. hvernig rækta á mismunandi tegundir kryddjurta og uppskera ferskt salat allt sumarið.
2 skipti: 2. og 9. apríl. Þri. kl. 19:35–21:45
Verð: 7.800 kr.

**Trjá- og runnaklippingar**
*Leiðbeinandi: Kristinn H. Þorsteinsson*
Kenndar eru ýmsar aðferðir við klippingu trjáa, runna og rósa. Fjallað er um vaxtarlag trjáa, viðbrögð trjágróðurs við klippingu og helstu verkfæri. Námskeið fyrir byrjendur í garðrækt og umhirðu runna.
2 skipti: 3. og 10. apríl. Mán. kl. 19:35–21:45
Verð: 7.800 kr.

**Sumarbústaðalandið**
*Leiðbeinandi: Kristinn H. Þorsteinsson*
Fjallað er um val á fjölbreyttum trjágróðri í sumarbústaðalandið og sérkenni og harðgerði tegunda út frá mismunandi notkun. Farið er yfir ræktun skrautrunna, berjarunna, limgerðisplantna, lauftrjáa og sígræns gróðurs út frá gróðursetningu, jarðvegi, áburðargjöf og umhirðu.
2 skipti: 30. apríl og 7. maí. Þri. kl. 19:40–21:50
Verð: 7.800 kr.

## FYRIR LÍFIÐ SJÁLFT




**Eurovision**
**All kinds of everything um þennan árlega viðburð**
*Leiðbeinandi: Reynir Þór Eggertsson*
Á námskeiðinu er saga Eurovision söngvakeppninnar skoðuð í tali og tónum. Fyrra kvöldið leiðir Reynir þátttakendur í gegnum fyrstu fjörutíu ár keppninnar til 1995. Skoðað er hvernig tónlist og tíska settu svip á þróun hennar og gaumur gefinn að fyrirkomulagi stigakosningar áður fyrr. Síðara kvöldið er kastljósinu beint að síðari árum. Ekki missa af þessu skemmtilega námskeiði.
Áfram Ísland!
2 skipti: fim. 2. maí og þri. 7. maí
kl. 19:35–21:45
Verð: 6.800 kr.

## FYRIR FRÓÐLEIKSFÚSA



**Heimsmynd fornaldar**
*Leiðbeinandi: Pétur Halldórsson*
Fjallað er um heimsmynd fornaldarmanna og tilgátur þeirra um alheiminn. Hina fornu dýrkun á móður jörð, þau lögmál sem mennirnir upplifðu í náttúrunni og þau ævafornu og helgu tákn sem þeir sáu allstaðar. Rúmfræðimælingar byggðar á þessum yfirnáttúrulegu táknum voru notaðar af arkitektum kirkjubygginga og listamönnum Endurreisnartímans.
3 skipti: 3.–17. apríl. Mið. kl. 19:35–21:45
Verð: 9.800 kr.

## FYRIR HAGA HÖND



**Fatahönnun, snið og saumur**
*Leiðbeinandi: Ásdís Ósk Jóelsdóttir*
Kennt er að nota grunnsnið og tilbúin snið til að nota við útfærslu eigin hugmynda í fatahönnun, sniðgerð og saumum. Undanfari er ekki nauðsynlegur en æskilegt að þátttakendur hafi fengist við snið og saumaskap.
6 skipti frá 8. apríl–13. maí
Mán. kl. 18:00–21:55
Verð: 47.800 kr.

**Fatasaumur fyrir byrjendur**
*Leiðbeinandi: Ásdís Ósk Jóelsdóttir*
Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem eru óvanir að sauma. Kennd eru undirstöðuatriði við fatasaum; að taka mál og nota snið. Æskilegt er að sauma eitthvað auðvelt fyrst, s.s. ófóðrað pils, buxur eða blússu. Ath. að nemendur þurfa að koma með sína eigin saumavél. Koma þarf með í fyrsta tíma: Títuprjóna, málband, pappírsskæri, sníðapappír, blýant og reglustiku (30 cm). Þeir þátttakendur sem hafa ákveðið sniðið og eru búnir að versla efni hafi auk þess meðferðis: Saumavél, tvinna, sníðaskæri, sprettuhníf, fatakrít, sniðkalkipappír, sniðhjól, saumnál, nálapúða, saumavélanálar og leiðbeiningabók saumavélar.
6 skipti frá 3. apríl–15. maí
Mið. kl. 18:35–21:55
Verð: 44.000 kr.

**Sniðteikning**
*Leiðbeinandi: Ásdís Ósk Jóelsdóttir*
Kenndar eru ýmsar gerðir af sniðútfærslum. Áhersla er lögð á að nemendur vinni hugmyndaspjöld og sniðútfærslur út frá eigin hugmyndum. Einnig eru saumaðar prufuflíkur og gerðar saumtækniæfingar. Námskeiðið er framhaldsnámskeið fyrir þá sem hafa sótt námskeiðið Fatahönnun, snið og saumur eða hafa góða undirstöðu í meðferð sniða.
6 skipti frá 4. apríl–23. maí.
Fim. 18:45–21:45
Verð: 47.800 kr.

**Innritun fer fram í Ofanleiti 2, í síma 580 1800 eða á www.mimir.is**



Delft í Hollandi er vinalegur háskólabær með um 100.000 íbúa. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fjölþjóðlegt umhverfi

**Fjölmargir Íslendingar stunda framhaldsnám erlendis. Marinó Páll er einn þeirra, en hann stundar meistaranám í verkfræði í Hollandi.**

Marinó Páll Valdimarsson er 24 ára gamall Reykvíkingur sem hóf meistaranám í verkfræði með áherslu á rekstur tæknifyrirtækja síðasta haust í Tækniháskólanum í Delft í Hollandi. Námið tekur tvö ár og inniheldur bekkur Marinós um 50 nemendur frá öllum heimshornum. Hann segist hafa skoðað ýmsa möguleika á framhaldsnámi þegar verkfræðináminu lauk en hann útskrifaðist með B.S.-gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 2011. „Á lokaári mínu í verkfræðinni skoðaði ég ýmsa möguleika og sótti um þetta nám og einnig sambærilegt nám í vöruþróun í Gautaborg. Mér fannst námið í Hollandi eiga vel við mig þar sem mig langaði að sérhæfa mig í að skilja og nota tækni til nytsamlegra hluta. Ég hef mikinn áhuga á þeim þætti sem snýr að sköpuninni, til dæmis að geta stjórnað þróunar- og hönnunarferli fyrirtækja.“



Marinó Páll Valdimarsson, meistaranámsnemi í verkfræði.

### Fjölþjóðlegur bekkur

Námið tekur tvö ár og er meistaranám í verkfræði. Marinó segir áhersluna í náminu meðal annars vera á að kenna nemendum að skilja og nota tæknina sem auðlind fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Þetta snýst um að skilja hvernig innri jafnt sem ytri þættir hafa áhrif á tækniframfarir og hvernig hægt er að nýta þá þekkingu til að búa til vörur og hanna eitthvað sem gefur viðskiptavininum hámarksánægju og gerir samfélagið betra. Þeir sem klára þetta nám stefna inn á ýmis ólík svið í framhaldinu. Sumir taka að sér stjórnunarstörf í tæknifyrirtækjum en aðrir fara út í ráðgjafarstörf. Enn aðrir stofna eigin fyrirtæki eða koma að vöruþróun í tæknifyrirtækjum og svo sem í öllum gerðum fyrirtækja.“

Námið fer allt fram á ensku og bekkjarfélagar hans koma frá mörgum löndum. „Námið er skipulagt þannig að helmingur nemenda verður að koma frá öðrum löndum en Hollandi. Ég er því í ansi fjölþjóðlegum bekk sem inniheldur nemendur frá til dæmis Kína, Indlandi, Þýskalandi, Indónesíu og fleiri löndum. Þetta er mjög góður og virtur skóli og stendur mjög framarlega í Evrópu þegar kemur að tækninámi.“



Tækniháskólinn í Delft í Hollandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

Marinó hlaut myndarlegan námsstyrk síðasta sumar þegar hann fékk 800.000 kr. styrk frá Godtfred Vestergaard og Elínu Brynjólfsdóttur en þetta er í annað sinn sem þau styrkja afburðanemanda í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. „Það skipti miklu máli fyrir mig að hafa fengið svo rausnarlegan styrk. Þótt skólagjöldin í Hollandi séu ekki mjög há eru þau þó hærri en á Norðurlöndum. Svo kostar að fljúga hingað, kaupa bækur og þetta daglega uppihald.“

### Spennandi tímar

Eftir sumardvölina á Íslandi næsta sumar hyggst Marinó stunda skiptinám í Suður-Kóreu í eitt misseri. Að því loknu snýr hann aftur til Hollands og klárar meistaranámið. Hann er ekki búinn að gera upp við sig hvað tekur við eftir að námi lýkur en er þó farinn að vinna í eigin viðskiptahugmynd. „Í sumar mun ég vinna frekar í þeirri hugmynd og svo sjáum við til hvað verður úr henni. Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni eftir að námi lýkur, hvort sem ég kem heim til Íslands eða dvel áfram erlendis. Þrátt fyrir viðkvæmt atvinnuástand heima hefur tæknimenntuðu fólki gengið vel að fá vinnu, sérstaklega þeim sem hafa einhverja sérhæfingu. Tækifærin úti eru hins vegar svo miklu fleiri og fjölbreyttari en tíminn verður að leiða í ljós hvert framhaldið verður.“

# Fólk flykkist í Keili

Með tilkomu Keilis á Ásbrú í Reykjanesbæ urðu til nýir möguleikar í menntun á Íslandi og mikill fjöldi ánægðra nemenda hefur útskrifast þaðan á undanförnum árum. Keilir er alhliða menntafyrirtæki sem er í eigu háskóla, fyrirtækja og almannasamtaka. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Með Háskólabrú Keilis hafa margir uppgötvað nýtt tækifæri til framhaldsnáms og látið gamla drauma rætast. Tæknifræðin, Íþróttaakademían og Flugakademían hafa einnig verið kærkomin viðbót við námsmöguleika hérlendis og aðsóknin að Keili eykst jafnt og þétt.




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Nudd

Klassískt slökunarnudd rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Húsaviðhald

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Hlíðarás 6 - Einbýli - Hf.**






**Opið hús í dag fimmtudag 21. mars kl. 17:30 - 18:00**
Glæsilegt nýtt fullbúið einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Áslandshverfinu í Hafnarfirði. Eignin er skrá 282,4 fm. en þar af er bílskúr 35,7 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni, allt fyrsta flokks. Mjög rúmgóð herbergi með fataherbergjum inn af. Arin, innfelld lýsing, gólfhiti, gufubað ofl. Vönduð og góð eign. frábær staðsetning og útsýni. **Verið velkomin Hilmar Þór Bryde sölumaður s. 892-9694 tekur á móti gestum.**
Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**20% FERMINGARAFSLÁTTUR**
Allir saltkristalslampar á 20% fermingarafslætti út mars mánuð. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Ford Exblorer ,96, hjólastóll, borðtölva. S. 896 8568.



**LAKI - VINSTUR**
Skemmtilegu töskurnar LAKI - VINSTUR verða í verslunarmiðstöðinni Firði Hafnarfirði föstudaginn 22. mars. við erum líka á facebook Laki - Vinstur.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningа og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22



**NÝ SKEMMTILEG SENDING**
Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe II og III, Butt plugs, S&M ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu og greiðslukorti www.hush.is



## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu lúxus íbúð í 107 rvk, 2. herb. íbúð, 76 fm. auk bílastæði í bílageymslu. Langtímaleiga, ekkert dýrahald leyft. Uppl. í s. 893 9777.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2.

Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Óska eftir vönum manni í múr/ sprunguviðgerðir. S: 618 5286. Þórður.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta.**
**S. 661 7000.**
**Proventus.is**

22 ára stúlka óskar eftir starfi á hóteli sem þerna eða við einhver önnur tilfallandi störf. Upplýsingar í síma: 8479554 eða mrsbwymcmb8790@ gmail.com

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ◦ live spjall
908-6000 • 535-9999

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




Var rekstur prentarans hár á síðasta ári?
Við gætum lækkað hann um 50-60%
NÝR TÓNER
prenthylkja endurnýjun
www.nyrtoner.is
sími 565-2046
Auðbrekku 6, Kóp.




• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is




BÓKHALDSÞJÓNUSTA
fyrir fyrirtæki, einstaklinga og félagasamtök
Fagleg og vönduð þjónusta á sanngjörnu verði.
GAIUS BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Sími 892 5784
Síðumúli 31•105 Reykjavík
gaiusehf@gmail.com

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
Viðgerðir og viðhald fasteigna!
Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir
Veggjakrotsvarnir - Múrverk
Fyrirbyggjandi varnir
Sími: 565-7070

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

Sturlaugur Jónsson & Co
TÚRBÍNUR
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.
www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði







GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum
Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Erum að rífa þessa bíla!!
Subaru Impreza/Legacy, Nissan Almera/Micra
Toyota Yaris/Corolla/Avensis
Mitsubishi Pajero/Lancer
Ford Focus
Opið Laugadaga 10-16 • Allar Almennar viðgerðir
Bílar og Partar • Iðavellir 9c • 230 Reykjanesbæ
s. 421-7979 • www.bilarogpartar.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## OPIÐ HÚS Í DAG ÍBÚÐ 0202 MILLI KL 18 OG18,30

# ÁLFKONUHVARFI 53

**AUÐVELD KAUP**



Um er að ræða afar glæsilega 3ja herbergja íbúð með sérinngang og stæði í lokaðri bílgeymslu.

íbúðin er nýmáluð nýtt parket og er í afar góðu standi, sérinngangur ofan af bílageymslu er í íbúðina.

Áhv frá frá ÍLS 26,5 millj **Verð 29,9 eignin er laus**

**Uppl veitir Kristberg s. 8921931**



Hafðu samband
**KRISTBERG SNJÓLFSSON** Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

# Til leigu 157 m2 húsnæði á 1. hæð í Síðumúla 10

**Til leigu bjart og gott 157 m2 húsnæði á 1. hæð í Síðumúla 10. Húsnæðið hentar vel fyrir verslun, veitingarekstur, þjónustu eða skrifstofu. Góð bílastæði, þægileg aðkoma og mikill sýnileiki frá Síðumúla.**

**Húsið hefur verið nýlega verið endurnýjað að utan og skipt um glugga. Að innan er unnið að standsetningu en útfærsla verður útfærð skv. nánara samkomulagi leigusala og leigutaka. Hér er möguleiki fyrir leigutaka að skipuleggja innviði að eigin þörfum. Húsnæðið er laust við undirritun leigusamnings.**

**Nánari upplýsingar veitir Gísli í síma 520 5788**





# Sumarhús - Mikil sala

**Skoðum og verðmetum alla daga - Hringdu núna**





**Vönduð ljósmyndataka - Fagleg skoðun löggilts fasteignasala**



Jón Rafn Valdimarsson
Lögg. fasteignasali
S: 695-5520

Sigþór Bragason
Lögg. fasteignasali
S: 899-9787

**VALHÖLL**
**FASTEIGNASALA**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

**Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar vegna deiliskipulags eftirfarandi verkefna.**

1. **Deiliskipulag fyrir lögbýlið Yrpuholt í Flóahreppi. Íbúðarhús, gestahús, hesthús og skemma.**
   Lögð fram til kynningar lýsing vegna deiliskipulags fyrir lögbýlið Yrpuholt lnr. 166352 sem afmarkast af Villingaholtsvegi (nr. 305) og landamörkum Breiðholts, Önundarholts, Kolsholts 1 og Vatnsholts 3. Fyrirhugað er að á svæðinu verði heimilt að reisa íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús.

2. **Deiliskipulag fyrir miðsvæði Flúða í Hrunamannahreppi.**
   Lögð fram til kynningar lýsing deiliskipulagsáætlunar vegna deiliskipulagsvinnu fyrir miðsvæði Flúða og aðliggjandi lóða. Verkefni deiliskipulagsins er að fara yfir göngu- og umferðarleiðir ásamt skipulagi miðsvæðis með þeirri byggð, stofnunum og þjónustustarfsemi sem þar er að finna s.s. grunn- og leikskóli, félagsheimili, verslun, sundlaug, íþróttahús, íbúðasvæði. Deiliskipulagsvinnan mun einnig ná til svæðis í næsta nágrenni miðsvæðisins, bæði opinna svæða, íbúðar- og atvinnulóða. Mikilvægur þáttur í gerð deiliskipulagsins verður að leggja fram tillögu að bættum gatnamótum Skeiða- og Hrunamannavegar og Langholtsvegar.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:**

3. **Deiliskipulag fyrir svæði sem nær yfir hluta lands Langholts 2 (lnr. 205113) og 3 (166248) í Flóahreppi. Íbúðarhús, gistihús, starfsmannahús og skemma.**
   Tillaga að deiliskipulagi svæðis sem nær yfir hluta tveggja spildna, annars vegar Langholti 2 (lnr. 205113) og Langholti 3 (166248). Skipulagssvæðið er um 2 ha að stærð og er aðkoma að svæðinu um Langholtsveg. Íbúðarhús og bílskúr Langholts 3 er innan skipulagssvæðisins en að auki gerir deiliskipulagið ráð fyrir að heimilt verði að byggja starfsmannahús, um 150 fm að grunnfleti, íbúðarhús sem er um 50 fm að grunnfleti, gisthús sem verður um 300 fm að grunnfleti með allt að 200 fm kjallara og allt að 350 fm skemmu.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt niðurstaða sveitarstjórna varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

4. **Deiliskipulag tjaldsvæðis í landi Laugar við Geysi í Haukadal, Bláskógabyggð.**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 7. mars 2013 tillögu að deiliskipulagi tjaldsvæðis í landi Laugar í Bláskógabyggð. Deiliskipulagssvæðið er um 3,6 ha að stærð vestan við hverasvæðið í Haukadal (Geysir), norðan þjóðvegar nr. 35 Biskupstungnabraut, og er þar gert ráð fyrir tjaldsvæði auk þjónustuhúss og salernisaðstöðu. Tillagan var auglýst til kynningar 13. desember 2012 með athugasemdafresti til 25. janúar 2013. Athugasemd barst en deiliskipulagið var samþykkt óbreytt frá auglýstri tillögu.
   Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hefur það nú verið sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. laganna.

5. **Breyting á deiliskipulagi Reykjaness í Grímsnes- og Grafningshreppi. Garðyrkjubýlið Reykjalundur**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 6. mars 2013 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjaness, fyrir svæði sem nær yfir lögbýlið Reykjalund lnr. 168273. Tillagan var auglýst til kynningar 13. desember 2012 með athugasemdafresti til 25. janúar 2013. Athugasemd barst en deiliskipulagið var samþykkt óbreytt frá auglýstri tillögu.
   Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hefur það nú verið sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm. Skipulagstillögur nr. 1 og 2 eru í kynningu frá 21. mars til 12. apríl 2013 en tillaga nr.3 frá 21. mars til 3. maí 2013. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 og 2 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 12. apríl 2013 en 3. maí fyrir tillögu nr. 3. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Pétur Ingi Haraldsson*
*Skipulagsfulltrúi*

**Skipulags stofnun**

# Efnistaka úr farvegi Múlakvíslar og bygging varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi.

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku úr farvegi Múlakvíslar og byggingu varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 21. mars til 3. maí 2013 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Mýrdalshrepps, Héraðsbókasafni Vestur- Skaftafellssýslu, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðum Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is og VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 3. maí 2013 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

SAFT

**KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTRA YFIRVALDA**



Heimili og skóli

www.saft.is

# HJÁ OKKUR

4BLS KIPPA ÚT :)

## ...TT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

ENN BETRA VERÐ!

### 120GB SSD
**SATA3 SOLID STATE DISKUR**
- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Ein besta uppfærslan sem völ er á
- Höggvarinn að 1500G álagi
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**19.900**

60GB 14.900 | 240GB 36.900

1.1GHz OVERCLOCK
ALLT AÐ 30% YFIRKLUKKUN MEÐ 5GHz MINNI OG HLJÓÐLÁTRI 10CM LARGE FAN TÆKNI MEÐ 4 KOPAR HITAPÍPUM

### GTX650OC
**2GB LEIKJASKJÁKORT**
- Eitt öflugasta leikjaskjákortið í dag
- 2GB GDDR5 5.0GHz 128-bit minni
- DirectX11 3D Vision í nýjustu leiki
- 384 CUDA cores og 32T.U. fyrir leiki
- Hægt að tengja og spila leiki í 4 skjám
- Gullhúðað HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xVGA
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát 10cm LargeFan tækni

**29.900**

2GB GT630 14.900 | 2GB GT640 19.900

1280x800 IPS SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

AÐEINS 9mm ÖRÞUNN OG FISLÉTT

### PROTAB26 IPS
**10" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA**

Glæsileg spjaldtölva með einstökum 10" IPS HD fjölsnertiskjá með áður óséðri litadýpt og skerpu, búin allri nýjustu tækni og Mali400 3D skjákjarna.

- 10.1" IPS HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Öflugur 1.2GHz ARM A8 Cortex örgjörvi
- Multi-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 150Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- Li-Polymer rafhlaða allt að 12 tímar
- HDMI 1.4 mini, USB2 micro og Micro SD
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP 1080p
- Android 4.1 Jelly Bean og fjöldi forrita

**34.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

INNBYGGÐ HARÐDISK DOKKA

USB3 AÐ FRAMAN

120GB SSD STÝRIKERFISDISKUR

### GIGABYTE
**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1**

Ný kynslóð öflugri turntölva með nýjasta Trinity örgjörvanum frá AMD ásamt öflugri Radeon skjákjarna og SSD stýrikerfisdisk.

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-5400K Dual Core 3.8GHz Turbo
- GIGABYTE A85XM-HD3 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 120GB SSD Chronos SATA3 diskur
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 2GB Radeon HD7540D DX11 skjákjarni
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**

HÖRKU VÉL MEÐ 120GB SSD

### 7"MOBII
- 7" 5-punkta fjölsnertiskjár 800x480
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 150Mbps WiFi n þráðlaust net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- 1xUSB2 mini og Micro SD kortalesari
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Fislétt aðeins 315gr og örþunn
- Android 4.1 Jelly Bean og fjöldi forrita

**16.900**

NÝ OG ÖFLUGRI KYNSLÓÐ

5-PUNKTA FJÖLSNERTI-SKJÁR

NR4 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### 8"PremiumPro
- 8" 5-punkta fjölsnertiskjár 800x600
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- Multi-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- 2.0MP innbyggð vefmyndavél
- Fislétt aðeins 450gr og örþunn
- Android 4.0 ICS stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.900**

ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGI

USB3 AÐ FRAMAN

### GIGABYTE
**EXTRA TÖLVUTILBOÐ 3**
- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- AMD A6-5400K Dual Core 3.8GHz Turbo
- GIGABYTE A85XM-HD3 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB Radeon HD7540D DX11 skjákjarni
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI

120GB SSD STÝRIKERFISDISKUR

### GIGABYTE
**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 4**
- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- Intel Core i7-3770 Quad 3.9GHz Turbo 8MB
- GIGABYTE H77M-D3H móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 120GB SSD Chronos SATA3 diskur
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 1GB ATI HD7770 OC DX11 skjákort
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**199.900**

3.9GHz QUAD CORE INTEL i7

BeBook Pure **19.900**

WiFi SNERTISKJÁR **29.900**

LES ÍSLENSKAR OG ERLENDAR RAFBÆKUR

BEBOOK

### 6" E-INK LESTÖLVA

**2.490**

ÖFLUGASTA ANDROID VÍRUSVÖRNIN! BÆÐI FYRIR SÍMA OG SPJALDTÖLVUR

McAfee An Intel Company

### MOBILE SECURITY

Verð frá: **58.900**

NR4 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### iPad Mini

USB GLINGUR
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF STÓR-SKEMMTILEGU USB GLINGRI FRÁ SATZUMA

Verð frá: **990**

### USB GLINGUR

Tt eSPORTS By Thermaltake — satzuma — TÖLVUTEK

netto
Kræsingar & kostakjör

# MINNUM Á PÁSKA-BÆKLINGINN!




**Tilboðin gilda 21. mars. - 1. apríl**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** gas, **6.** öfug röð, **8.** samstæða, **9.** sódi, **11.** óreiða, **12.** goðsagnavera, **14.** ránfugl, **16.** í röð, **17.** hópur, **18.** ról, **20.** fyrir hönd, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** brenna, **3.** gat, **4.** flutningaskip, **5.** traust, **7.** nýta, **10.** berja, **13.** einkar, **15.** sjá eftir, **16.** ris, **19.** gjaldmiðill.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** on, **8.** par, **9.** gos, **11.** rú, **12.** atlas, **14.** fálki, **16.** þæ, **17.** lið, **18.** ark, **20.** pr, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** loga, **3.** op, **4.** farskip, **5.** trú, **7.** notfæra, **10.** slá, **13.** all, **15.** iðra, **16.** þak, **19.** kr.

# Femínistar og faríseear

**BAKÞANKAR**
Friðriku Benónýs



Nauðgunardómurinn í Steubenville og fréttaflutningur af því máli hefur skekið íslenskar Facebook-síður og kommentakerfi undanfarna daga. Skiljanlega. Það er með ólíkindum að afstaða sé tekin með ofbeldismönnunum í jafnsvakalegu máli, jafnvel þótt þeir séu góðir í fótbolta. Þetta er viðbjóðslegt mál frá upphafi til enda og vandséð hvernig í ósköpunum hægt er að túlka niðurstöður dómsins sem harmleik fyrir gerendurna. Einna mest sláandi er þó sú staðhæfing annars sakborninganna að hann hafi ekki vitað að hann væri að gera neitt rangt. Hvaðan fá ungir menn þá hugmynd að konur séu kynlífsleikföng til frjálsra afnota hverjum sem áhuga hefur?

**ÞVÍ** er auðsvarað. Sú hugmynd er gegnumgangandi í allri framleiðslu klámiðnaðarins sem gengur beinlínis út á það að sýna konur sem leikföng með þrjú op. Leikföng sem eiga enga ósk heitari en að hvaða karlmaður sem er fylli þau op með hverju því sem honum sýnist. Kynlífsfræðsla unglinga fer að mestu fram með klámáhorfi án eftirlits og sé tekið mið af þeirri mynd sem þar er brugðið upp verður það að teljast fullkomlega eðlileg ályktun drengja að ekkert sé rangt við það að nota lifandi konur sem kynlífsleikföng. Það skýtur því óneitanlega rammskökku við að sama fólk og fordæmir þá afstöðu fréttamiðla að leggja áherslu á eyðilagt líf drengjanna skuli æpa og veina yfir hugmyndum innanríkisráðherra varðandi hamlaðan aðgang að klámi. Hvaðan heldur þetta góða fólk eiginlega að það sem það kallar „nauðganamenningu“ sé upprunnið? Og hvernig hefur það hugsað sér að uppræta þá menningu á meðan unglingar sækja alla sína vitneskju um kynlíf til klámiðnaðarins?

**STEININN** tók þó úr í umræðunni í gær þegar forsvarskona Druslugöngunnar fullyrti í samtali við mbl.is að það að taka afstöðu með gerendunum og kenna fórnarlambinu um væri ekki vandamál hérlendis og að „sem betur fer virtust þau viðhorf sem þarna birtast ekki endurspegla viðhorf Íslendinga“. Í hvaða heimi býr hún? Það er ekki ýkjalangt síðan að svipað mál setti íslenskt bæjarfélag á annan endann og fjöldi bæjarbúa skrifaði undir stuðningsyfirlýsingu við dæmdan nauðgara. Stundum gæti maður haldið að femínistar byggju í fílabeinsturni án glugga og hefðu enga hugmynd um hvað snýr upp eða niður á samfélaginu. Þetta er svo sannarlega ekki umræða sem gefur tilefni til þess að slá þjóðarsálina til riddara og berja sér á brjóst að hætti farísea. Potturinn er nákvæmlega jafnbrotinn hér og í öðrum vestrænum samfélögum. Og byrjunin á því að líma hann hlýtur að felast í bættri kynlífsfræðslu unglinganna og færri yfirlýsingum um eigið ágæti.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# DEBENHAMS







## BIOTHERM BOMBA Í DEBENHAMS 21. – 27. MARS.

**33%**

KYNNINGARAFSLÁTTUR AF CELLULI ERASER




**Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.500 krónur eða meira.**

Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

# NÚ ER NÓ

## MANNRÉTTINDABROT AÐ AÐSKILJA HJÓN Á SÍÐUSTU ÆVIÁRUNUM

armat, ef það kemur í veg fyrir að hún. Jóhanna segist jafn-




Úr DV 25. júní 2007

### Við viljum búa í Þorlákshöfn
### - Opið bréf til hreppsnefndar Ölfushrepps -





**Virðulega hreppsnefnd Ölfuss**

Nú er komið að þeim áfanga í lífi mínu og hans Ása míns að við verðum að pakka saman og flytja burtu frá vinum okkar, börnum, tengdabörnum og barnabörnum. Ekki er um að kenna fjárhagslegum vandamálum vegna kreppunnar eða vegna þess að við höfum gert eitthvað af okkur, nei, ástæðan er sú að við pössum ekki lengur inn í þetta samfélag hér í Þorlákshöfn. Við þurfum orðið aukna aðstoð frá sveitarfélaginu og ef vel á að vera, hafa aðgang að sólarhringsþjónustu vegna eftirkasta af vægum blóðtappa sem ég fékk fyrir skömmu síðan. Hugurinn er með fulla virkni en vinstri höndin er ekki alveg að hlýða og vinstri fótur þvælist stundum fyrir, það er nú allt og sumt.

Við hjónin höfum búið hér í Þorlákshöfn í tæp 50 ár og tilheyrum þeim hópi frumbyggja sem var tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að byggja hér upp samfélag sem margir höfðu ekki nokkra trú á að væri mögulegt. Aldrei var neitt gefið eftir þó að stundum væri erfitt að láta hlutina ganga upp. Hér í Þorlákshöfn ólum við upp okkar börn og lögðum okkar af mörkum til fiskvinnslu, sjósóknar og annarra starfa. Við höfum alla tíð skilað okkar til sveitarfélagsins, bæði í formi gjalda sem við glöð í bragði höfum alltaf staðið skil á og einnig höfum við lagt okkar af mörkum við félagslega uppbyggingu hér í Þorlákshöfn í gegnum tíðina. Við erum samofin þessu samfélagi og okkur finnst hvergi betra að vera, hér er stærstur hluti af lífshlaupi okkar færður til bókar.

Ég veit að það eru margir í sömu sporum og við og finnst mér að hreppsnefndin okkar sem hefur gert marga góða hluti fyrir okkur og staðið glæsilega að uppbyggingu húsnæðis og aðstöðu fyrir eldri borgara hér í Þorlákshöfn skuldi okkur svör. Þið verðið að klára verkefnið, ekki skilja okkur eftir í biðskýlinu til að bíða eftir vagninum sem fer bara eitthvað. Í tilfelli okkar Ása vorum við send á Dvalarheimilið Lund á Hellu sem er ágætis stofnun með frábæru starfsfólki en þetta er bara ekki það sem við höfðum reiknað með að yrði hlutskipti okkar síðustu ævidagana.

Upplifun okkar er sú sama og þekktist meðal barnmargra fjölskyldna á árum áður þegar að fólk sagði sig til sveitar sökum fátæktar og hreppsnefndin sendi það landshorna á milli í vist. Tvístraði heilu fjölskyldunum sökum bágrar fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags. Er staðan sú í Ölfusinu? Eru ekki til fjármunir í nauðsynlega þjónustu við aldraða íbúa sveitarfélagsins eða snýst þetta um forgangsröðun verkefna? Ég hef heyrt sagt að 3 stöðugildi í heimaþjónustu gætu gert gæfumuninn til að þjóna betur eldri borgurum í Þorlákshöfn. Færri þyrftu þá að hrökklast í burtu vegna þjónustuleysis og sveitarsjóður fengi opinber gjöld frá þessum starfsmönnum.

Það er óumflýjanlegt að eldast og það á líka við um ykkur og ykkar skyldmenni, vonandi verðið þið búin að kippa þessu í liðinn þegar kemur að ykkar fólki að bíða í biðskýlinu.

*Hellu, 1. febrúar 2013.*
*Anna Jóhannsdóttir*
*og Áskell Bjarnason.*

Úr Dagskrá Suðurlands 7. febrúar sl.

PIPAR\TBWA • SÍA • 130961

# G KOMIÐ!

## Skoðaðu næstu síðu, Jóhanna

Ég kýs þá sem gera eitthvað til að leiðrétta þetta ranglæti.

Helgi Vilhjálmsson, eldri borgari





15.–17. febrúar 2013 Helgarblað DV

# PÁLL OG HULDA ENN AÐSKILIN

■ Sofa hvort í sínu lagi ■ Verið að vinna í málinu að sögn forstjóra Hrafnistu

Viktoría Hermannsdóttir

**Þvingaður aðskilnaður** Hjónin hafa verið aðskilin en unnið er að því að finna leið til þess að þau geti búið saman.

„Staðan er enn sú sama og hefur ekkert breyst. En það er verið að vinna í þessu og við vonum að það breytist sem fyrst," segir Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri. Í janúar var saga þeirra Páls og eiginkonu hans Huldu af þvinguðum aðskilnaði þeirra sögð í Kastljósi og einnig hér í DV.

Frá því að saga þeirra var sögð hefur þó ekkert breyst og enn fá þau Páll og Hulda ekki að búa saman en þau verða bæði níræð á árinu. Samkvæmt forstjóra Hrafnistu er þó unnið að því að leita leiða til þess að leysa vandann og er vonast til þess að það gerist á næstu vikum.

**Uppfyllir ekki skilyrði**

Líkt og sagt var frá í síðasta mánuði hafa þau Páll og Hulda verið gift í rúm sextíu ár og alla tíð búið saman þar til fyrir um einu og hálfu ári. Þá þurfti Hulda að flytja á hjúkrunarheimili heilsu sinnar vegna. Páll getur hins vegar ekki búið með henni á heimilinu þar sem hann uppfyllir ekki skilyrði matsnefndar sem ræður því hverjir fá pláss á heimilinu. Með öðrum orðum: hann er of heilsuhraustur.

Páll hefur því síðan Hulda flutti á Hrafnistu, komið til hennar á hverjum einasta degi um níu leytið og verið hjá henni þar til hún sofnar á kvöldin um klukkan níu. Þá fer hann heim á gamla heimilið þeirra og sefur þar yfir nóttina og bíður þess að hitta eiginkonu sína daginn eftir. Hjónin þrá ekkert heitar en að fá að sofa hlið við hlið síðustu æviárin.

**Vilja vanda til verks**

Eftir umfjöllun um mál þeirra fékk Hrafnista leyfi til þess að fara í tilraunaverkefni þar sem hjónum í þessari stöðu yrði gert kleift að búa saman. „Við viljum vanda vel til verks áður en við förum af stað. Það er að mörgu að hyggja, það er ekki bara að keyra þetta í gang einn, tveir og þrír," segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, aðspurður um málið. Hann segir að það þurfi að huga að ýmsu í þessum málum. „Það tekur ákveðinn tíma, það þarf að útvega viðeigandi húsnæði, starfsfólk og annað sem myndi henta. Við erum með nokkrar hugmyndir sem við erum að skoða og leggja mat á hvað er farsælast í því," segir Pétur og leggur áherslu á að vel verði að verki staðið.

**„Getum alveg beðið aðeins lengur"**

Hann segir nokkrar vikur vera í að hægt sé að bjóða upp á þennan valmöguleika fyrir hjón í þessari stöðu. „Við munum eftir nokkrar vikur bjóða upp á valmöguleika í þessu og síðan er það þeirra sjálfra að meta hvort þau vilja þann valmöguleika."

Pétur segist ekki vita hvort það séu mörg hjón í sömu stöðu og þau Páll og Hulda eru í. „Við vitum það ekki. Það hefur í rauninni aldrei verið kannað og við höfum verið að hlera bara eftir að þessi umræða byrjaði. Og við áttum okkur ekki almennilega á því og það er eitt af markmiðum þessa tilraunaverkefnis að kortleggja hversu mikill áhugi er fyrir þessari lausn."

Páll gerir þó lítið úr biðinni þegar blaðamaður spyr hann út í hana. „Við erum búin að bíða svo lengi, við getum alveg beðið aðeins lengur," segir hann. ■

> „En það er verið að vinna í þessu og við vonum að það breytist sem fyrst."

Úr helgarblaði DV 15.–17. febrúar sl.

# Listi yfir eignarhald

**Það er athyglisvert að ekkert af þessum fyrirtækjum, sem Gildi lífeyrissjóður hefur fjárfest í, hefur með velferð aldraðra að gera.**

**Það er líka athyglisvert að skoða hvert verðmæti þessara fyrirtækja er í dag.**




**Listinn er unninn í árslok 2012 og tekur mið af skráningum hjá fyrirtækjaskrá, þar af leiðandi geta verið mun fleiri félög sem ekki birtast á þessum lista.**

**Félög merkt * eiga erlend dótturfélög sem ekki eru listuð upp.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 130961

# Gildis lífeyrissjóðs






## SAGAN SÖGÐ MEÐ MYNDUM





**MYNDIR SEM SEGJA MEIRA EN MÖRG ORÐ** Sumarliði R. Ísleifsson studdist við margvíslegar heimildir við ritun Sögu ASÍ; bækur, dagblöð og skjöl úr skjalasafni verkalýðshreyfingarinnar. „Ég lagði líka mikla áherslu á að finna myndir og segja með þeim sögu af aðstæðum verkafólks,“ segir Sumarliði.

# Barátta fyrir bættum launum í brennidepli

Saga Alþýðusambands Íslands, ASÍ, er komin út í tveimur bindum. Sumarliði R. Ísleifsson er höfundur verksins sem hann réðist í fyrir fimm árum.

Sumarliði R. Ísleifsson hófst handa árið 2008 við að semja sögu Alþýðusambands Íslands. Sagan, sem kom nýverið út í tveimur ríkulega myndskreyttum bindum á vegum Forlagsins, spannar langt tímabil. Rakinn er aðdragandi stofnunar Alþýðusambandsins og hún nær allt til dagsins í dag frá stofnun 1916. Þetta er þó ekki hefðbundin félagasaga að sögn höfundar. „Ég nálgaðist verkefnið miklu meira sem samfélagssögu annars vegar, hvernig íslenskt samfélag þróaðist í átt til velferðarsamfélags, og svo hins vegar sem sögu fólksins sem að henni stóð. Ég geri grein fyrir því hvernig hreyfingin varð til og þróaðist og hún að mörgu leyti ólíkt því hvernig hún þróaðist á Norðurlöndunum, sem ætíð var þó horft til hér á landi af forystufólki hreyfingarinnar,“ segir Sumarliði.



**SUMARLIÐI R. ÍSLEIFSSON** Höfundur Sögu ASÍ lærði járnsmíði og starfaði innan verkalýðshreyfingarinnar áður en hann hóf nám í sagnfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Launabarátta í öndvegi

„Aðstæðurnar sem hreyfingin sprettur úr hér eru líka mjög ólíkar þeim aðstæðum sem eru til dæmis í Danmörku. Þar voru til stórir vinnustaðir með faglærðu fólki sem var í forsvari verkalýðshreyfingarinnar. Hér á landi eru það sjómenn sem mynda kjarnann í verkalýðshreyfingunni til að byrja með og landverkafólk, hafnarverkamenn og fólk í fiskvinnslu. Þessar aðstæður setja sitt mark á hreyfinguna og smæð samfélagsins sömuleiðis. Það segir sig sjálft að það er allt öðruvísi að skipuleggja verkalýðsbaráttu þar sem eru stórir vinnustaðir og stærra samfélag en í fámenninu hér.“

Sumarliði segir að margt hafi komið á óvart í söguritunninni. Hann nefnir sem dæmi að það hafi greinilega haft mikil áhrif þegar hreyfingin var skilin frá Alþýðuflokknum, en Alþýðusambandið og Alþýðuflokkurinn voru eitt fram til 1940.

„Eftir aðskilnaðinn var ekki lögð sama áhersla á bæta félagsleg réttindi og verið hafði, til dæmis að því er varðar húsnæðismál, vinnutíma og aðbúnað. Litið var svo á að launabaráttan væri aðalbaráttumál verkalýðshreyfingarinnar en félagsleg mál yrðu leyst á öðrum vettvangi. Þetta breyttist þó þegar leið á öldina, einkum um og eftir 1980. Eftir það fá félagsleg málefni meira vægi, og er til dæmis farið að leggja miklu meiri áherslu á menntamál og aðbúnaðarmál.“

Sumarliði segir að lengi vel hafi verið mikil pólitísk barátta innan verkalýðshreyfingarinnar um völd og ítök stjórnmálaflokkanna í henni hafi komið honum að sumu leyti á óvart. „Það var barist um völdin og stjórnmálaflokkarnir notuðu verkalýðshreyfinguna. En þetta fór að breytast á sjöunda áratugnum og er nú orðið gjörbreytt þó að Alþýðusambandið eigi aðild að SAMAK, norrænum samtökum jafnaðarmannaflokka og alþýðusambanda, og skipi sér þannig skýrt í sveit. En eitt af einkennunum hérna sem gerði hreyfinguna hér óvenjulega voru þessi áhrif annarra flokka en jafnaðarmanna.

Á Norðurlöndum voru kratarnir alltaf langstærstir og þeir voru við völd þar þannig að það var samhljómur verkalýðshreyfingar og valdaflokka. Hér voru sósíalistar atkvæðamiklir innan verkalýðshreyfingarinnar en líka sjálfstæðismenn sömuleiðis og jafnvel framsóknarmenn og mikil átök.“

> **Það var barist um völdin og stjórnmálaflokkarnir notuðu verkalýðshreyfinguna.**

### Aftur á upphafsreit?

Þær raddir heyrðust er leið að aldamótum 20. og 21. aldarinnar að verkalýðshreyfingin hefði lokið hlutverki sínu, baráttan væri unnin. „En svo gerist það í framhaldi af alþjóðavæðingunni að verkalýðshreyfingin er að sumu leyti aftur komin á upphafsreit, þarf aftur að berjast fyrir því að reglur um vinnutíma séu haldnar, og staðið sé við samninga. Í þessluni komust þessi mál aftur á dagskrá,“ segir Sumarliði og bætir við að eftir hrun hafi hreyfingin þurft að berjast fyrir því að réttindi yrðu ekki skert og bættri stöðu atvinnulausra.

„En verkalýðshreyfingin og stofnanir tengdar henni hafa líka verið gagnrýnd fyrir tengslaleysi við hinn almenna félagsmann og það má segja að hún hafi kannski ekki brugðist við eins og hún hefði átt að gera í kjölfar efnahagshrunsins, með endurnýjun og sjálfsskoðun,“ segir Sumarliði að lokum.

sigridur@frettabladid.is



# FINNDU MIG VIÐ FÆRIBANDIÐ



VILTU EKKI ÖRUGGLEGA MÆTA Í FRÍIÐ MEÐ FÖTIN SEM ÞÚ PAKKAÐIR NIÐUR? KÍKTU VIÐ OG VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG VIÐ AÐ FINNA AUÐÞEKKJANLEGA OG EKKI SÍST VANDAÐA FERÐATÖSKU.




## FLOTTASTI ATLASINN SEM PHILIPS GEFUR ÚT!

Gefinn út í samvinnu við The Royal Geographical Society og telur heilar 584 blaðsíður! Inniheldur vegakort og götukort fyrir 89 borgir. Kemur í öskju.




## LÝSTU UPP HEIMINN




## POTTÞÉTT PENNA TILBOÐ

Penninn
Í 80 ÁR

# Sumar persónurnar eru svolítið frekar

**Í bókinni Bjargi ferðast lesendur upp eftir stigagangi fjörutíu og átta íbúða blokkar og kynnast uppdiktuðum íbúum hennar. Höfundurinn er Sigurlín Bjarney Gísladóttir, sem upphaflega ætlaði að gera ljósmyndabók en sneri henni upp í ljóðabók.**

„Þetta er gömul hugmynd,“ segir Sigurlín Bjarney Gísladóttir ljóðskáld um efni nýrrar bókar sinnar, Bjargs, sem Forlagið gefur út. „Árið 2003 flutti ég í risablokk og grunnhugmyndin var að gera ljósmyndabók þar sem ég kíkti inn í hverja íbúð. Ekkert varð af því og fyrir tveimur árum sneri ég því upp í ljóðabók. Þar þykist ég kíkja inn í hverja íbúð og geri stutt ljóð um lífið þar. Ég byggi ljóðin samt ekki á persónulegum kynnum þannig að fólkið er allt uppdiktað. Fyrrverandi nágrannar mínir ættu því ekki að finna sjálfa sig þar. En ég er með rýmið í huga við ljóðagerðina, bæði innanhúss og utan. Blokkin sem ég bjó í var í fjölbýlishúsahverfi þannig að útsýnið var bara nágrannarnir og margir sjónvarpsskjáir blöstu við ef maður leit út um glugga. Blokkin á móti kemur því dálítið við sögu.“

Hvernig gekk Sigurlínu Bjarneyju að gera þér íbúana í hugarlund? „Þeir mættu bara á svæðið. En þetta eru svolítið margar persónur enda um 48 íbúðir að ræða og sumar persónurnar eru svolítið frekar og koma við sögu í mörgum íbúðunum. Til dæmis eru margar konur ástfangnar af einum íbúanum, þannig að það eru tengsl á milli sumra nágrannanna en svo eru aðrar persónur stakar.“

Sigurlín Bjarney kveðst vona að lesandinn geti haft gaman af að lesa bókina frá byrjun til enda en hann hafi líka fleiri möguleika. „Ljóðin vísa, sum hver, fram og til baka milli íbúða, þannig að fólk getur leikið sér að því að elta þau ef það nennir. Íbúðirnar eru allar númeraðar og stundum er kannski vísað í íbúðina fyrir ofan. Þá er hægt að fletta því upp hvað íbúinn þar heitir og hvernig honum er lýst. Ég þurfti að passa mig á því ef ég breytti einhverju að ekki kæmu einhverjar vitleysur í skipulagið.“

**„Ljóðin vísa, sum hver, fram og til baka milli íbúða, þannig að fólk getur leikið sér að því að elta þau ef það nennir.**

Segja má að ljóðin séu skyndimyndir innan úr íbúðunum. Ein íbúð – eitt ljóð. „Ég er að reyna að segja eins mikið og ég get í fáum orðum og mér finnst gaman að skrifa svona inn í fastan ramma,“ segir skáldið.

Fyrstu drög bókarinnar urðu til fyrir tveimur árum, eins og fram kemur í upphafi. Síðan segir Sigurlín Bjarney hafa komið mörg hlé og efnið tekið breytingum. En var ekki erfitt að setja punktinn þar sem líf í blokk er svo síbreytilegt? „Jú, jú. Það var nokkurra daga angist og svo varð bara að taka ákvörðun. Ég var svo heppin að hafa hana Silju Aðalsteinsdóttur sem ritstjóra og hún hélt í höndina á mér.“ **gun@frettabladid.is**



**SIGURLÍN BJARNEY** Bók hennar, Bjarg kynnir lesandanum ástfangið fólk og afbrýðisamt, tónelskt, beiskt og drykkfellt, svo vitnað sé í texta aftan á bókarkápu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 3d

Áðan á miðju
bílastæðinu
í eldrauðum bíl
las ég afmorskvæði
fyrir gjaldkerann
(Skúla í 5a)

Bílastæðið er kjörlendi
fyrir ástarljóð og
sumir vilja meina
að ég ritarinn
skrifi of langar
fundargerðir
segja: „Ösp mín, styttu
mál þitt“

Ég læt brunavísur
bíða betri en við
komum vörunum
í hús gos
og pulsur
varirnar eru
skorpnar flagnandi
þyrstar hver fruma
vill koss

bara koss

Skúli áttaði sig
ekki og ræddi
óhagstætt gengi
„Við þurfum fleiri vörur“
sagði ég en hann
sagði eitthvað
fálmandi laumaðist
yfir í númer 17.






**VINKONUR OG NÖFNUR** Auður Jónsdóttir og Auður Laxness.

# Ætla að segja frá ömmu sinni

**Í stofuspjalli á Gljúfrasteini í kvöld ætla systurnar Auður og Rannveig Jónsdætur að rifja upp minningar af Auði Sveinsdóttur, ömmu þeirra, sem réð og ríkti þar í húsinu í áratugi. Stundin hefst klukkan 20.30.**

Hún Auður Sveinsdóttir sem kvaddi þetta líf síðasta haust var ekki einungis húsfreyja á Gljúfrasteini, eiginkona, móðir og amma, heldur var hún um langt árabil ritari og nánasti samverkamaður Halldórs Laxness, eiginmanns síns. Þetta vita landsmenn. Dótturdætur hennar eiga líka sínar einstöku minningar um ömmu sína sem þær ætla að deila með gestum í stofuspjalli á Gljúfrasteini í kvöld.

Auður var sjálfstæð og nýmóðins kona þrátt fyrir að hafa lifað og hrærst í sínu eiginkonuhlutverki og sem húsmóðir uppi í sveit. Hún var byggingarstjóri þegar Gljúfrasteinn var byggður 1945 og hélt um alla þræði. Stóð fyrir veislum og viðburðum þar heima, tók þátt í félagsstörfum, skrifaði í tímarit um minjagripagerð, listir og handverk.

Vinafélag Gljúfrasteins stendur fyrir viðburðinum í kvöld. Guðrún Pétursdóttir, lífeðlisfræðingur og formaður félagsins, mun bjóða gesti velkomna og Jórunn Sigurðardóttir verður í hlutverki spyrils og umræðustjóra.

Aðgangseyrir er enginn og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. **- gun**

DRAUMARÚM

# FERMINGARTILBOÐ

**30-50%
afsláttur af öllum
heilsurúmum**



**120 x 200 cm rúm
á fermingartilboði.**

Verð frá
**79.442**



## LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

RúmGott er eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu.

## Tilboð á arineldstæðum
## 20-65% afsláttur

SÍÐUSTU DAGAR



Verð: 34.900.–



Verð: 44.900.–

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 21. MARS 2013**

## Fundir

**17.00** Kópavogsbær stendur fyrir stofnun félags áhugafólks um endurreisn Hressingarhælisins og Kópavogsbæjarins. Stofnfundurinn verður haldinn í bæjarstjórnarsalnum, Fannborg 2.

## Sýningar

**17.00** Sýning á verkum Sigríðar Björnsdóttur opnar í Gallery Bakarí, Bergstaðastræti 14.

**17.00** Myndlistarsýning Þórhildar Jónsdóttur, Njáluslóðir, opnar í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafni Seltjarnarness.

## Upplestur

**18.00** Atli Gíslason les 46. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

## Uppákomur

**12.15** Andri Snær Magnason, rithöfundur, velur og segir frá uppáhaldsverki sínu á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum.

## Tónlist

**20.00** Ottó Tynes og Stefán Már Magnússon halda The Smiths Tribute tónleika á KEX Hosteli.

**21.00** Hymnalaya og Júníus Meyvant halda tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Gunnar Þórðarson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Honum til aðstoðar eru Ásgeir Óskarsson og Tómas Tómasson. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hjartaknúsarinn Berndsen og systurnar í Sísý Ey halda uppi stemningunni á Volta. Aðgangseyrir er 1.000 kr. við hurð.

## Fyrirlestrar

**20.00** Sýningarstjórinn og listfræðingurinn Miwon Kwon heldur fyrirlestur um sýninguna Ends of the Earth: Land Art to 1974. Fyrirlesturinn verður í Hafnarhúsinu en hann fer fram á ensku. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



# Einstök skynjun og andleg leit er leiðarstefið

Tvær nýjar sýningar verða opnaðar í Hafnarborg nú á laugardaginn. Tilraun til að beisla ljósið er samsýning 16 listamanna á efri hæð hússins og í Sverrissal er sýning Erlu Stefánsdóttur sjáanda sem nefnist Skynjun mín.

Sýningarnar tvær eru ólíkar og listamenn á samsýningunni nálgast viðfangsefni sín á mismunandi máta en verkin eru samt valin út frá andlegum hugðarefnum,“ segir Birta Guðjónsdóttir, sem er sýningarstjóri tveggja nýrra sýninga í Hafnarborg sem verða opnaðar eftir morgundaginn. „Heildarhugmyndin að báðum sýningum er frá mér komin,“ segir hún brosandi og upplýsir að einstök skynjun, andleg leit og miðlun innra ljóss séu leiðarstefin.

„Verkin á sýningunni eiga það öll sameiginlegt að vera unnin af sterkri löngun til að myndgera andlegar upplifanir og deila þeim með áhorfendum. Þar mætast myndlist og heilun og sýningargestum gefst færi á að velta fyrir sér hugmyndafræðilegum og fagurfræðilegum tengingum listarinnar við hin andlegu svið.“

Sýnendur í Tilraun til að beisla ljósið eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Daði Guðbjörnsson, Erla Þórarinsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Helgi Þórsson, Hulda Vilhjálmsdóttir, Ingibjörg Magnadóttir, Katrín Snæhólm Baldursdóttir, Margrét Elíasdóttir, Reynir Katrínar, Sigrún Olsen, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Snorri Ásmundsson, Steingrímur Eyfjörð, Viðar Aðalsteinsson og Þórey Eyþórsdóttir.

Erla, sem sýnir í Sverrissal, er sjáandi og píanókennari. Verkin hennar eru byggð á undurfögrum upplifunum hennar á þeirri orku sem umlykur allar verur og fyrirbæri náttúrunnar. Til dæmis breiða fjalladísir út faðm sinn yfir íslenskum fjöllum, ólíkar eftir tengingu hverrar og einnar við orkustöðvar landsins. Einnig er heildarmynd af áratugalöngu starfi Erlu, skrifum hennar og teikningum.

Sunnudaginn 24. mars klukkan 15 munu Erla og Birta ræða við gesti um sýningu Erlu og í kjölfarið flytur Stefán Örn Arnarson sellóleikari tvö tónverk.

gun@frettabladid.is



**BIRTA OG ERLA** Þær voru í Hafnarborg að búa sig í að setja upp verk á sýningarnar sem verða opnaðar á laugardaginn þegar ljósmyndarann bar að. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# RAFVÖRU MARKAÐURINN

20% afsláttur af kösturum

# KASTARADAGAR




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Blondie til Bretlands

## Debbie Harry og félagar á leið í tónleikaferðalag.

Bandaríska hljómsveitin Blondie, með söngkonuna Debbie Harry í fararbroddi, ætlar í tónleikaferð um Bretland og Írland í sumar.

„England hefur alltaf átt fastan sess í hjörtum okkar. Við erum öll virkilega spennt fyrir því að ferðast um Bretland,“ sagði Harry. Auk þess að halda staka tónleika spilar sveitin á tónlistarhátíðinni Isle of Wight 16. júní.

Síðasta plata Blondie, Panic of Girls, kom út 2011. Hún var sú fyrsta í átta ár, eða síðan The Curse of Blondie kom út.

Hljómsveitin gamalgróna hætti störfum 1982 en kom aftur saman 1997. Hún hefur selt um 40 milljónir hljómplatna og á meðal þekktustu laga hennar eru Call Me, Heart of Glass og The Tide Is High.



**DEBBIE HARRY** Blondie er hvergi af baki dottin.



**M.I.A.** Söngkonan á í harðvítugri forræðisdeilu. NORDICPHOTOS/GETTY

# M.I.A. í forræðisdeilu

## Söngkonunni var meinað að hitta fjögurra ára son sinn.

Söngkonan M.I.A. á í harðvítugri forræðisdeilu við barnsföður sinn, Benjamin Bronfman, sem kemur úr einni ríkustu fjölskyldu Bandaríkjanna.

Hin 37 ára M.I.A., sem heitir réttu nafni Mathangi „Maya“ Arulpragasam, var sett í nálgunarbann gegn fjögurra ára syni sínum Ikhyd og henni bannað að fljúga með hann frá New York til London,“ eins og segir í frétt London Evening Standard.

Í annarri frétt sem New York Post birti ákvað Bronfman, sem er sonur tónlistarmógúlsins Edgars Bronfman Jr., að leita réttar síns eftir að söngkonan hótaði að fjarlægja son þeirra úr skóla í Brooklyn og fljúga með hann til London þar sem hún býr. „Ben, þú getur ekki tekið son minn frá mér,“ skrifaði M.I.A. á Twitter eftir að nálgunarbannið hafði verið sett.


### Hvað er CISV?

CISV (Children International Summer Villages) er alþjóðleg friðarsamtök óháð stjórnmálum og trúarbrögðum. Samtökin voru stofnum af barnasálfræingnum Dr. Doris Allen eftir seinni heimsstyrjöldina. Hugmynd Doris Allen var sú að börn frá ólíkum löndum kæmu saman, lærðu að lifa saman á grundvelli umburðarlyndis og jafnréttis, lærðu að hugsa og draga ályktanir í anda alþjóðavitundar og vinna þannig að friði í heiminum.

CISV iceland building global friendship

## Ert þú 21 árs eða eldri?

**Viltu taka þátt í ævintýralegu verkefni á sumrin?**

**Hefur þú gaman af því að vinna með börnum og unglingum?**

CISV á Íslandi (Alþjóðlegar sumarbúðir barna) leitar að sjálfboðaliðum til að taka þátt í því frábæra starfi sem fer fram á sumrin.

Við erum að senda börn/unglinga í alþjóðlegar sumarbúðir og tökum þátt í unglingaskiptum. Nú leitum við að einstaklingum sem eru 21 árs eða eldri til að fara með þessum hópum í búðir. Ennþá eru nokkur pláss laus. Þessar búðir eru bæði hérlendis og erlendis.

**Fararstjórar bera engann kostnað við ferð í sumarbúðir.**

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að hafa samband við:
Arnór Fannar sími: 822 1319 eða í tölvupóst á fararstjori@cisv.is

### Laust sumarið 2013 fyrir börn og ungmenni

**Sumarbúðir fyrir 11 ára:**
- Ísland – 21. júní – 18. júlí – laust fyrir stelpu

**Youth meeting:**
- Pólland – 5. júlí – 19. júlí - laust fyrir 14 – 15 ára stráka

**Jc fyrir 16 – 17 ára:**
- Ísland – 21. júní – 18. júlí – laust fyrir strák
- Filippseyjar – Queson city – 21. júní – 18. júlí – laust fyrir strák

**Námstefnubúðir (seminar) fyrir 17 – 18 ára.**
- Kanada – London – 8. júlí – 28. júlí – laust fyrir strák og stelpu
- Ítalía – Forli – 16. júlí – 5. ágúst – laust fyrir strák

**Nánari upplýsingar gefur Ásta í síma 861 1122 eða á cisv@cisv.is www.cisv.is**




**Á TÓNLEIKUM** Julian Casablancas ásamt gítarleikaranum Albert Hammond Jr. á tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Léttleikandi rokkarar með glænýja plötu

## Hljómsveitin The Strokes gefur í næstu viku út sína fimmtu hljóðversplötu.

Fimmta plata bandarísku rokkaranna í The Strokes, Comedown Machine, kemur út í næstu viku á vegum RCA Records.

Hljómsveitin hefur á ferli sínum selt meira en fimm milljónir hljómplatna og bíða flestir rokkáhugamenn spenntir eftir hverri einustu útgáfu hennar.

Tvö ár eru liðin frá útkomu Angles, sem hlaut góðar viðtökur og þótti mun betur heppnuð en platan þar á undan, First Impressions of Earth, sem hafði komið út fimm árum áður.

Upptökurnar á Comedown Machine voru frábrugðnar síðustu plötu. Þá tók söngvarinn Julian Casablancas upp sitt efni sér á báti en í þetta sinn hittust þeir allir í hljóðverinu Electric Lady í New York. Það er ekki langt í burtu frá heimkynnum allra í bandinu, nema gítarleikarans Nicks Valensi sem býr í Los Angeles. Bæði tóku þeir upp eldri lög sem þeir áttu á lager sem og glæný lög og gengu upptökurnar vel fyrir sig.

The Strokes hefur lítið viljað fara í viðtöl í tengslum við plötuna og engin tónleikaferð virðist fyrirhuguð til að fylgja henni eftir. Líklegt má þó telja að sveitin spili á einhverjum tónleikahátíðum í sumar eins og hún gerði til að fylgja Angles eftir.

Comedown Machine hefur yfirhöfuð fengið góða dóma. Breska tímaritið Q gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og segir hana bestu plötu sveitarinnar síðan hún náði fullkomnun með frumburði sínum Is This It sem kom út 2001. Vefsíðan Drowned in Sound er á sömu nótum og gefur henni átta af tíu í einkunn. Þar segir að The Strokes muni aldrei ná að fanga aftur hinn hráa og töfrandi töffaraskap á Is This It. Í staðinn sé Comedown Machine allt öðruvísi þar sem léttleikinn og gleðin séu í fyrirrúmi.

Bandaríska tímaritið Rolling Stone gefur Comedown Machine þrjár stjörnur af fimm og segir hana í raun sólóverkefni Casablancas og sýni hversu mikla virðingu hann beri fyrir tónlist níunda áratugarins. Gagnrýnandinn nefnir Lionel Ritchie, Aha, Howard Jones og sérstaklega Duran Duran sem áhrifavalda.

BBC gefur plötunni fína dóma og segir að þrátt fyrir að það taki lengri tíma að melta lögin en á síðustu plötum slái hljómsveitin aldrei feilnótu.

freyr@rettabladid.is

### Is This It jafn áhrifamikil og Nevermind



Atli Fannar Bjarkason, framkvæmdastjóri Bjartar framtíðar og aðdáandi The Strokes, er ekki búinn að hlusta á Comedown Machine en segir hana engu að síður lofa góðu. „Bæði vegna þess að síðasta plata kom mjög mikið á óvart, því hún var ótrúlega heilsteypt og skemmtileg, og svo er nýja lagið One Way Trigger alveg frábært. The Strokes er hljómsveit sem er með sinn eigin stíl og leikur sér mikið með hann. Hún hjakkar aldrei í sama farinu en maður heyrir alltaf að þetta er The Strokes,“ segir Atli Fannar og bætir við: „Ég er á þeirri skoðun að þegar sagan verður skoðuð komi í ljós að Is This It, fyrsta plata The Strokes, sé jafn áhrifamikil og Nevermind með Nirvana.“

Hann segir Casablancas og félaga komast upp með að starfa algjörlega í sínum eigin heimi. „Það er svolítið erfitt að vera í The Strokes, þetta eru svo miklar prímadonnur. En það er ánægjulegt að þeir skuli lifa og halda áfram að vera í hljómsveitinni.“

## 14.3.2013 ➔ 20.3.2013

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me a Reason |
| ▼ | 2 | Ásgeir Trausti | Nýfallið regn |
| ▲ | 3 | Jónas Sigurðsson | Fortíðarþrá |
| ▲ | 4 | Ragnar Bjarnason / Lay Low | Þannig týnist tíminn |
| ▲ | 5 | C2C | Down the Road |
| ▼ | 6 | Valdimar | Yfir borgina |
| ▲ | 7 | Philip Philips | Gone, Gone, Gone |
| ▲ | 8 | Ingó & Veðurguðirnir | Önnur öld |
| ▶ | 9 | Bruno Mars | When I Was Your Man |
| ▲ | 10 | Bastille | Pompeii |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | John Grant | Pale Green Ghosts |
| ▼ | 2 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ✱ | 3 | David Bowie | The Next Day |
| ▼ | 4 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▲ | 5 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▼ | 6 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▼ | 7 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▲ | 8 | Sing Fang | Flowers |
| ▼ | 9 | Ýmsir | Söngvakeppnin 2013 |
| ▼ | 10 | Valdimar | Um stund |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir
**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

# Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

TAKMARKAÐ MAGN

## JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL PÁSKA

Afsláttur allt að 800.000 kr.

Verð frá 990.000 kr.



## FORD ESCAPE JEPPAR Á FRÁBÆRU VERÐI

## TAKMARKAÐ MAGN

ÁRGERÐIR 2004-2011, BENSÍN, SJÁLFSKIPTIR.

Ford Kuga og Ford Explorer jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Komdu í dag

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

Kíktu á notadir.brimborg.is og finndu bílinn þinn

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

# Bond snýr aftur á tjaldið eftir þrjú ár

## Unnið er að gerð handrits fyrir 24. Bond-myndina.


**BOND EFTIR ÞRJÚ ÁR** Þegar hefur verið hafist handa við handritsgerð 24. Bond-myndarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Kvikmyndaframleiðendurnir MGM og Eon stefna á að frumsýna 24. myndina um James Bond innan þriggja ára. Síðasta Bond-mynd, Skyfall, var fyrsta og eina Bond-myndin til að rjúfa milljarðs dollara múrinn.

„Við erum mjög spenntir fyrir framhaldinu og hlökkum til þess að geta tilkynnt leikstjórann innan skamms,“ sagði Gary Barber, framkvæmdastjóri MGM. Handritshöfundurinn John Logan hefur þegar hafist handa við skriftir.

Orðrómur var uppi um að söguþræðir 24. og 25. myndarinnar yrðu tvinnaðir saman í eina heild. Svo verður þó ekki ef marka má talsmenn Eon og MGM. Daniel Craig mun fara með hlutverk Bonds í næstu tveimur kvikmyndum líkt og samningur hans kveður á um.


**TOM CRUISE** Sést næst á hvíta tjaldinu í vísindaskáldsögutryllinum Oblivion, sem var að hluta til tekinn upp hér á landi.

# Tom Cruise og Guy Ritchie í samstarf?

## Cruise í viðræðum um að leika leyniþjónustumann.

Tom Cruise er í viðræðum um að leika aðalhlutverkið í The Man From U.N.C.L.E. Myndin er byggð á samnefndri bandarískri sjónvarpsþáttaröð sem fjallar um tvo leyniþjónustumenn. Leikstjóri verður Guy Ritchie, maðurinn á bak við hinar vinsælu myndir Sherlock Holmes.

Kvikmyndaverið Warner Bros hefur haft augastað á myndinni í mörg ár. Upphaflega átti George Clooney að fara með aðalhlutverkið og Steven Soderbergh átti að leikstýra.

Samkvæmt Deadline.com hætti Clooney við vegna þess að hann varð að gangast undir skurðaðgerð, og skömmu síðar heltist Soderbergh úr lestinni. Í framhaldinu hafði Warner Bros samband við Ritchie, sem er einnig að undirbúa þriðju Sherlock Holmes-myndina.

Þrátt fyrir að vera orðinn fimmtugur er Cruise enn á meðal eftirsóttustu leikara í Hollywood. Hann leikur í nýrri Mission Impossible-mynd á næstunni, auk þess sem önnur mynd um Jack Reacher er í bígerð. Fyrsta myndin um Reacher halaði inn 215 milljónum dollara í miðasölunni á heimsvísu.

Cruise sést næst á hvíta tjaldinu í apríl í vísindaskáldsögutryllinum Oblivion, sem var að hluta til tekinn upp hér á landi.


**ÁSTSÆLT ÆVINTÝRI** Ævintýrið um Jóa og baunagrasið hefur verið kvikmyndað og birtist landsmönnum á hvíta tjaldinu annað kvöld. Nicholas Hoult fer með aðalhlutverkið.

# Jói á hvíta tjaldið

## Ævintýrið um Jóa og baunagrasið er orðið að kvikmynd. Jack the Giant Slayer er frumsýnd annað kvöld. Breski leikarinn Nicholas Hoult fer með hlutverk Jacks.

Ævintýrið um Jóa og baunagrasið þekkja flestir enda hefur sagan verið vinsæl meðal barna í áraraðir. Kvikmyndin Jack the Giant Slayer er lauslega byggð á þessu ástsæla ævintýri en þó með nokkrum herslumun.

Myndin segir frá bóndasyninum Jack sem heldur af stað á markaðinn til að selja hest sinn. Þar ber hann Isabelle, prinsessu konungsríkisins Cloister, fyrst augum og verður hugfanginn af henni. Jack kemur þó tómhentur aftur heim, ef frá eru skildar nokkrar baunir sem munkur hafði látið honum í té, og fær hann skammir þegar heim er komið og enda baunirnar á gólfinu. Stuttu síðar ber Isabelle að, en sú hafði strokið að heiman í mótmælaskyni við kóng föður sinn, og leitar skjóls hjá Jack. Skyndilega brýst risavaxið baunagras í gegnum gólfið á bænum og hrífur Isabelle með sér alla leið upp til tröllaheims í skýjunum. Prinsessunni skal bjarga og þá hefst ævintýrið fyrir alvöru.

Breski leikarinn Nicholas Hoult, sem flestir muna eftir úr gamanmyndinni About a Boy þar sem hann lék móti Hugh Grant, fer með hlutverk Jacks. Eleanor Tomlinson fer með hlutverk prinsessunnar Isabelle og Ewan McGregor leikur hægri hönd konungsins. Með önnur hlutverk fara Stanley Tucci, Ian McShane og Eddie Marsan. Þeir Bill Nighy og John Kassir leika Fallon, hinn tvíhöfða leiðtoga risanna.

Leikstjóri myndarinnar er Bryan Singer en hann sló í gegn árið 1995 með myndinni The Usual Suspects sem hefur öðlast eins konar költkenndan sess í kvikmyndasögunni. Hann hefur einnig leikstýrt ævintýramyndunum X-Men, X-Men 2, Superman Returns og X-Men: First Class. Singer og Hoult unnu einmitt saman við gerð síðastnefndu myndarinnar en þar fer Hoult með hlutverk Hanks McCoy, eða Beast. Þeir félagar munu leiða hesta sína aftur saman í myndinni X-Men: Days of Future Past sem frumsýnd verður á næsta ári.

Myndin verður frumsýnd annað kvöld og sitt sýnist hverjum um gæði hennar. Á vefsíðunni Rottentomatoes.com fær hún 52 prósent í einkunn, vefsíðan Imdb.com gefur henni 6,6 stig og á Metacritic.com hlýtur hún aðeins 5,1 í einkunn.

- sm

➜ John Kassir sem leikur minna höfuð tröllsins Fallon er þekktastur sem rödd The Crypt Keeper úr sjónvarpsþáttunum Tales from the Crypt.

# Fjölskyldan í lykilhlutverkum

## Þrjár myndir eru frumsýndar um helgina auk Jack The Giant Slayer.

Það eru kærasti og barnsfaðir söngkonunnar Fergie, kyntröllið Josh Duhamel og fyrrverandi kærasta Ryans Seacrest, Julianne Hough sem fara með aðalhlutverkin í rómantísku kvikmyndinni Safe Haven sem er frumsýnd um helgina. Myndin er gerð eftir bók Nicholas Sparks sem á einnig sögurnar á bak við tvær rómantískustu myndir síðari tíma, The Notebook og Dear John. Hough leikur hér hina ungu og dularfullu Katie Feldman. Þegar hún flytur í smábæ á hún í fyrstu erfitt með að venjast þéttu samfélaginu þar. Þegar hún svo byrjar að festa rætur og tekur upp samband við ekkil með tvö börn fara ýmis leyndarmál að koma í ljós sem ógna þessu nýja lífi hennar.

Leikkonan úr How I Met Your Mother, Cobie Smulders, fer einnig með stórt hlutverk í myndinni.

Teiknimyndin The Croods er páskamynd Senu þetta árið og verður hún forsýnd um helgina. Myndin segir frá því þegar Crood-fjölskyldan leggur af stað í fyrsta fjölskylduferðalag sögunnar eftir að hellirinn þeirra var eyðilagður. Í leit sinni að nýju heimili leiðast þau í svakaleg ævintýri og þurfa að glíma við alls kyns mótlæti, með aðstoð frá hinum ímyndunarglaða og rótlausa Guy. Það eru Nicolas Cage, Ryan Reynolds og Emma Stone sem ljá helstu persónum myndarinnar rödd sína.


**RÓMANTÍK** Hin dularfulla Katie tekur upp samband við ekkil með tvö börn í myndinni Safe Haven. Sambandið er þó í hættu þegar leyndarmál sem hún býr yfir fara að koma í ljós.

Dwayne Johnson, oft kallaður The Rock eða Kletturinn, fer með aðalhlutverkið í spennumyndinni Snitch sem verður frumsýnd um helgina. Hann leikur hörkutólið John Matthews sem leggur allt í sölurnar til að sanna sakleysi sonar síns þegar hann er ranglega ásakaður um fíkniefnasölu og á yfir höfði sér að minnsta kosti tíu ára fangelsisvist. Matthews er staðráðinn í að bjarga syni sínum úr þessum aðstæðum og gerir samning við ríkissaksóknara Bandaríkjanna um að lauma sér inn í stórhættulega undirheima í þeim tilgangi að ljóstra upp um þá sem raunverulega fara með völdin í heimi eiturlyfjanna og þannig hreinsa mannorð sonar síns.


Verndarengill



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS

Aðalfundur Hins íslenska biblíufélags

verður haldinn í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar Lækjargötu 14a (horn Vonarstrætis), þriðjudaginn 23. apríl 2013 kl. 20:00.

**Dagskrá fundarins:**
Aðalfundarstörf skv. 10. gr. laga félagsins.
Önnur mál

HIÐ ÍSLENZKA BIBLÍUFÉLAG 1815

*Stjórn Hins íslenska biblíufélags.*




PIPAR\TBWA • SÍA • 130833



**FRAMTÍÐIN** Það er ekki laust við að Vic Gundotra hafi litið út eins og karakter í framtíðarspennumynd með gleraugun á nefinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Google-gleraugun á markað í lok ársins

## Alvöru fólk reynir útgáfu af uppfinningu Google.

Alvöru fólk með gríðarlegan áhuga á nýjustu tækni og opinn hug fékk tækifæri til að gerast tilraunadýr Google í síðasta mánuði þegar fáeinir einstaklingar voru valdir til að prófa Google-gleraugun.

Gleraugun voru kynnt á ráðstefnu Google í júlí í fyrra. Þau eru í raun ekki gleraugu því í stað tveggja glerja fyrir hvort auga hefur þunn álplata verið fest á spöngina. Í álplötunni er lítil tölva, myndavél, skjár og GPS-staðsetningarbúnaður.

Gleraugun eiga að umbylta venjulegri notkun okkar á tækni. Í stað þess að tækniunnendur taki upp snjallsíma til að taka mynd, eða hvað eina, er markmið Google að gleraugun verði helsta tæki mannkynsins.

Google er jafnframt ekki feimið við að sýna nýju græjuna því venjulega fólkið sem var svo heppið að fá að prófa gleraugun má nota þau eins og það vill. Google sendir svo mánaðarlega uppfærslur með nýjustu viðbótum og lagfæringum.

Gert er ráð fyrir að gleraugun komi á almennan markað á síðasta ársfjórðungi þessa árs. Það er því ekki langt þar til tækninördar, sem engan áhuga hafa á útliti sínu, geta keypt sér tölvugleraugu. - bþh

# Prófa ný ævintýri í hverjum mánuði

## Vinkonurnar Íris Helga og Erla Jóna komu sér upp fjörugum vinkonuhittingum.

„Það er gaman að hafa ástæðu til að prófa nýja hluti sem við myndum örugglega aldrei gera allra jafna,“ segir Íris Helga Baldursdóttir.

Fréttablaðið komst á snoðir um uppátæki Írisar Helgu og vinkonu hennar, Erlu Jónu Einarsdóttur, þar sem þær hittast eitt kvöld í mánuði og prófa saman einhverja nýjung. Flesta mánuði er það nýtt sport sem verður fyrir valinu en þær hafa líka prófað nýja veitingastaði og farið a tónleika. „Við erum báðar í krefjandi störfum, giftar og með börn og erum þar að auki duglegar við að hlaða á okkur alls konar verkefnum. Í haust áttuðum við okkur á því að við hefðum ekki hist í eina tvo eða þrjá mánuði svo að við ákváðum að fara að skipuleggja reglulega hittinga. Til að gera þetta enn þá meira spennandi ákváðum við að gera þetta svona í stað þess að setjast alltaf á kaffihús eða eitthvað álíka vanalegt,“ segir Íris Helga. Vinkonurnar skiptast á að skipuleggja hvað skuli gera hvern mánuð og koma hinni á óvart, en meðal þeirra íþrótta sem þær hafa þegar prófað eru zumba, bogfimi og loftfimleikar. „Við höfum alltaf verið óhræddar við að ögra hvor annarri og höfum sérstaklega gaman af því að hlæja að okkur sjálfum og hvor annarri. Hingað til hefur þetta gengið framar vonum hjá okkur og við alltaf skemmt okkur mjög vel og hlegið allt kvöldið, en það er fyrst og fremst það sem við erum að leitast eftir að fá út úr þessu,“ segir Íris Helga.



**HLÆJA SAMAN** Þær Íris Helga og Erla Jóna hafa sérstaklega gaman af því að hlæja að sjálfum sér og hvor annarri og það er einmitt það sem þær gera í mánaðarlegum hittingum sínum. MYND/ÍRIS HELGA

Yfirleitt prófa þær stöllur hvern hlut bara einu sinni, en það á það þó til að vinda upp á sig. „Mér fannst til dæmis svo gaman í loftfimleikunum að í framhaldi af prufukvöldinu ákvað ég að byrja á námskeiði. Svo er aldrei að vita hvað heillar næst,“ segir Íris Helga og hlær. „Það er líka svo skemmtilegt við þetta að við erum að uppgötva fullt af íþróttum sem við vissum ekki einu sinni að væru í boði hérlendis,“ bætir hún við og segist hiklaust hvetja fólk til að feta í þeirra fótspor og prófa sem flest. tinnaros@frettabladid.is




# Að gleypa sæði svipar til þess að gleypa hor

**?** Þetta er kannski kjánalegt en mér finnst ég oft heyra að sæði geti verið gott fyrir líkamann, þá meina ég eins og að gleypa það. Ég las einhver staðar að það gæti hvíttað tennurnar, væri rakagefandi fyrir húðina og væri stútfullt af próteini og vítamínum. Svo reyndar sagði einn strákur að það gæti stækkað brjóstin á stelpum en það fannst mér frekar ótrúlegt en mig langar að vita, er sæði hollt og getur það gert allt þetta fyrir líkamann?

...



**SÆÐI** „Ég þekki engan karlmann sem brundar á tannburstann og sparar sér þannig tannkremið.“

**SVAR:** Gömlu góðu sæðismýturnar. Ég er mikil áhugamanneskja um sæði og ég man vel eftir sögusögnunum sem fylgdu undraverðum eiginleikum þess, en sæði átti að vera sérlega gott fyrir konur sem ekki framleiða þennan lífselexír sjálfar. Þegar næringarinnihald sæðis er skoðað þá kemur í ljós að það er samsett úr fjölda efna, þar á meðal er prótein, C-vítamín, sink, ýmis ensím og sykrur. Þú þarft þó ekki að hafa áhyggjur af því að skammturinn sé fitandi því meðalskammtur er bara rétt um matskeið, stundum meira og stundum minna. Þar sem skammturinn er frekar smár þá er erfitt að tala um að sæði hafa eitthvað sérstakt næringargildi fyrir líkamann. Ég hef líka alltaf gaman af því þegar talað er um tannhvíttun því ég þekki engan karlmann sem brundar á tannburstann og sparar sér þannig tannkremið. Tennur kvenna eru ekki frábrugðnar tönnum karla að þessu leyti svo ef sæði væri gott fyrir tennurnar þá væru karlmenn ekki aðeins að bursta sínar eigin tennur úr því heldur einnig að tappa reglulega af í flöskur og selja til snyrtivöruframleiðanda. Sama gildir um kremin. Þú gætir spurt næsta karlmann hvort svæðið í kringum nafla hans sé sérstaklega mjúkt þar sem það er algengur staður fyrir sæði að lenda við sjálfsfróun. Sæði hefur enga sérstaka kosti fyrir konur, ekki frekar en fyrir karla. Getnaður getur ekki orðið af því að gleypa sæði en viðkomandi getur smitast af kynsjúkdómum. Þá veldur það roða í augum og tímabundnum óþægindum ef það skýst þangað. Þó ber að geta að nýjar rannsóknir benda til þess að sæði geti haft áhrif á hormón í líkamanum en í þeim málum væri áhugavert að vita hvort áhrifin væru eins fyrir karla og konur. Mér finnst nefnilega stórmerkilegt að karlmönnum finnst mörgum hverjum fráleitt að smakka sitt eigið sæði en bjóða svo bólfélaganum upp á það eins og um hið mesta lostæti sé að ræða. Sæði er aldrei bragðgott, það er misvont á bragðið, óháð því hversu mikinn ananas þú borðar, og svipar til þess að gleypa hor. Þeir sem eru spenntir fyrir að bjóða upp á sæði skulu hafa smakkað það sjálfir áður en þeir bjóða það fram sem eitthvert góðgæti.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





VERÐHRUN
Í OUTLET 10
Merkjavörur frá: galleri sautján gs skór Sparkz Deres focus Kultur menn SMASH KARAKTER KONUR URBAN
Kjóll: 2.995.-
Kjóll: 1.995.-
Skyrta: 4.995.-
Peysa: 3.995.-
Blazer: 2.995.-
Bolur: 1.995.-
Fæst líka í bleiku
Skyrta: 2.995.-
Jakki: 9.995.-
Adidas Peysa
Mikið úrval
3.995.-
Fást líka í vínrauðu og svörtu
Volcom gallabuxur: 7.995.-
5 units buxur: 4.995.-
Just Junkies Gallabuxur: 5.995.-
Buxur: 5.995.-
Bolur: 995.-
Bolur: 1.995.-
Blazer: 2.995.-
Kjóll: 1.995.-
Kjóll: 2.995.-
Fleiri týpur í boði
Everlast jakkar: 4.995.-
Fermingakjólar: 1.995.-
Fullt af geggjuðum tilboðum, fyrstur kemur fyrstur fær !!!
Vorum bæta á 995-1995 hornið
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
Sendum í póstkröfu
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# Tónlistin er dásamleg veira

**Popparinn Geiri Sæm hefur sent frá sér sitt fyrsta lag í 22 ár, Frá topp oní tær. Hann vonast til að gefa út stóra plötu á árinu, segir ýmislegt vera í bígerð og er ánægður með að vera mættur aftur í slaginn.**

„Málið er að ef maður hefur einu sinni náð tökum á tónlistinni og náð tökum á henni, þá lætur hún mann ekkert í friði. Ég verð ofsalega eirðarlaus ef ég kem ekki með einhverjum hætti að tónlist í smá tíma. Þetta er dásamleg veira,“ segir popparinn Geiri Sæm, sem hefur sent frá sér sitt fyrsta lag í áraraðir, eða síðan þriðja sólóplatan hans kom út árið 1991.

Lagið heitir Frá topp oní tær og er eins konar virðingarvottur við foreldra Geira, þau Sæmund Pálsson, betur þekktan sem Sæma rokk, og Ásgerði Ásgeirsdóttur. „Mig langaði hreinlega til að gera lag um þau. Þau hafa reynst mér mjög vel og samband þeirra er mjög fallegt. Pabbi hefur alltaf verið óskaplega góður við mömmu og er mjög góð fyrirmynd hvað þetta varðar, svo mér fannst þau tilvalið umfjöllunarefni,“ segir Geiri og bætir við að vegna textans um dansandi heiðurshjónin hafi honum þótt tilvalið að útsetja lagið í dálítið gamaldags rokkstíl með blásturshljóðfærum og öllu tilheyrandi.

Frá topp oní tær er þegar komið í spilun á útvarpsstöðvum og segir tónlistarmaðurinn að fleiri lögum verði varpað í spilun á næstunni. Endanlegt markmið sé þó að gera stóra plötu í samstarfi við Senu og vonast hann til að sú geti komið út á þessu ári. Aðspurður segir hann að vel geti gerst að spilamennska fylgi í kjölfarið. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, sem spilaði með Geira í sveitinni Hunangstunglinu forðum daga, er Geira til halds og trausts þessa dagana og telur popparinn líklegt að hann hói saman fleiri gömlum félögum, bæti við einhverjum nýjum og búi til band í kringum dæmið.

> **Þetta er fáránlega langur tími, hvað á maður að segja?**
> *Geiri Sæm poppari*

Í kringum 1990 gaf Geiri út þrjár plötur, Fílinn, Er ást í tunglinu? og Jörð, sem nutu vinsælda en hann hefur haft hægar um sig síðustu árin. „Þetta er fáránlega langur tími, hvað á maður að segja?“ spyr Geiri og hlær, en útskýrir svo að hann hafi búið erlendis um hríð auk þess að hafa samið stef í fullu starfi á tímabili og samið tónlist fyrir aðra, en þessa dagana starfar hann sem matreiðslumaður á Hrafnistu. „Svo er ég auðvitað fjölskyldumaður og barneignir og brauðstrit hafa tekið sinn tíma,“ segir hann.

Froðan, eitt af vinsælustu lögum Geira, náði efsta sæti vinsældalista seint á síðasta ári þegar Raggi Bjarna og Jón Jónsson gerðu nýja útgáfu af laginu. Geiri segir það frábært þegar lög öðlast endurnýjun lífdaga og hann fylgist vel með ungu popptónlistarfólki á Íslandi í dag. „Ég hef gríðarlega gaman af mörgum, til dæmis Retro Stefson og Ásgeiri Trausta. Ég hef líka sérlega gaman af Kiriyama Family og jafnvel stendur til að við gerum lag saman. Það er ýmislegt í gangi,“ segir Geiri og bætir við að það sé gaman að vera mættur aftur í slaginn.

kjartan@frettabladid.is



**POPPARI** Geiri Sæm segist fylgjast vel með ungu íslensku tónlistarfólki í dag og hefur meðal annars áhuga á að vinna með Kiriyama Family. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MR. SILLA** Mr. Silla fetar í fótspor söngvarans Morrissey á tónleikunum.

## Tónleikar til heiðurs Smiths

Tónleikar til heiðurs bresku hljómsveitinni The Smiths verða haldnir á Kexi hosteli í kvöld.

Félagarnir Ottó Tynes og Stefán Már Magnússon standa fyrir tónleikunum, en þeir hafa verið dyggir aðdáendur sveitarinnar síðan þeir voru á unglingsárum. Þetta er annað árið í röð sem þeir halda Smiths-tónleika. Síðast voru þeir haldnir í apríl í fyrra við góðar undirtektir.

Ottó og Stefán Már verða aðallega tveir að spila á fimmtudag en fá einnig nokkra gestasöngvara og hafa Mr. Silla, Baddi í Jeff Who? og Halldór Gylfason leikari öll boðað komu sína. Tónleikunum lýkur þegar heil hljómsveit spilar sex lög með The Smiths.

Þess má geta að um þessar mundir eru liðin þrjátíu ár síðan fyrsta smáskífan, Hand in Glove, kom út með hljómsveitinni.






**MÆTIR Á SVÆÐIÐ** Hetjan Blær hefur boðað komu sína á tónleikana en hvort hann tekur lagið með Eyþóri Inga er óvitað.

# Skíthræddur við að feta í fótspor Hetjanna

**Tyrkja-Gudda og Mottumars hafa tekið höndum saman fyrir Skonrokktónleikana í Hörpu á morgun.**

„Ég er auðvitað skíthræddur við að reyna að feta í fótspor Hetjanna en ég ætla að reyna. Það kemur samt ekki til greina að ég reyni að stæla útlitið, enda engar líkur á að það myndi nást,“ segir rokkarinn og Eurovision-farinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson.

Eyþór Ingi er meðal flytjenda á Skonrokktónleikum sem haldnir verða í Hörpu á morgun. Tyrkja-Gudda, sem er batteríið á bak við Skonrokk, hefur nú farið í samstarf með Mottumars og verður tilkynnt um sigurvegara söfnunar Krabbameinsfélagsins í upphafi tónleikana, auk þess sem verðlaun verða veitt fyrir flottustu mottuna. Þar á eftir tryllir Tyrkja-Gudda lýðinn en ekki er ljóst hvort Hetjurnar koma sjálfar til með að stíga á svið. Uppi hefur verið orðrómur um það að ósættið sem olli slitum þeirra á níunda áratuginum hafi nú látið aftur á sér kræla og í ljósi óvissunnar hefur Eyþór Ingi haft vaðið fyrir neðan sig og æft lag þeirra, Villibráð, stíft að undanförnu. Ein hetjanna, Blær, hefur þó boðað komu sína en alls óvíst er hvort hann tekur lagið.

Það vakti athygli þegar Eyþór mætti á frumsýningu Eurovision-myndbandsins í síðustu viku og búinn að raka af sér allt skeggið. Spurður hvort hann ætli að safna í mottu fyrir tónleikana segist hann efast um að það náist. „Við leggjum okkar af mörkum á þennan hátt í staðinn, og með bolasölunni,“ segir hann, en Tyrkja-Gudda og Mottumars hafa látið hanna boli með merki tónleikanna og allur ágóði af sölu þeirra rennur í átakið.

Auk Eyþórs koma þeir Magni, Páll Rósinkranz, Pétur Guðmunds og Biggi Haralds fram á tónleikunum svo það er óhætt að segja að búast megi við algjörri rokkveislu.

- trs

# LAKKRÍSEGG

## í 1 sæti

**HJÁ BARNADÓMNEFND DV***



**Góueggin eru einstaklega bragðgóð og stútfull af nammi.**

* Í bragðprófun sem DV lét gera og birti miðvikudaginn 20. mars kom Lakkrísegg frá Góu best út hjá dómnefnd barnanna. Hefðbundna Góueggið og Hrauneggið komu einnig mjög vel út með einkunnir eins og „hræðilega gott“ og „geggjað“.

Góa
Stofnað 1968

ÓDÝRUSTU EGGIN Á MARKAÐNUM
ERU FRAMLEIDD AF GÓU.

PIPAR\TBWA • SÍA • 130954

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| DEAD MAN DOWN VIP | KL. 8 - 10:20 | VIP |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 | 10 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL VIP 2D | KL. 5:20 | VIP |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:20 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| FLIGHT | KL. 8 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 10:50 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL TAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| 21 AND OVER | KL. 10:30 | 14 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 - 10:40 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FLIGHT | KL. 5:20 - 10:30 | 12 |
| ARGO | KL. 8 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 10:40 | 10 |
| THIS IS 40 | KL. 8 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BROKEN CITY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.40 | L |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANNA KARENINA | KL. 6 - 9 | 12 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN | KL. 6 | 14 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 6 - 10.20 | 16 |
| ANNA KARENINA | KL. 8 | 12 |
| IDENTITY THIEF KL. 8 / JAGTEN (THE HUNT) | KL. 6 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.10 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | 10.10 | 16 |
| ANNA KARENINA | 7.30 | 12 |
| IDENTITY THIEF | 10 | 12 |
| OZ GREAT AND POWERFUL 3D | 5, 8 | 10 |
| 21 AND OVER | 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | 5.45 | L |
| VESALINGARNIR | 5 | 12 |






## CAN´T GET NO (SATISFACTION) THE ROLLING STONES

**Keith Richards** hljóðritaði riffið uppi á hótelherbergi rétt áður en hann fór að sofa. Þetta einfalda, þriggja nótna riff átti upphaflega að víkja fyrir blásturshljóðfærum en ekkert varð af því, sem betur fer.



## PARTÍBÆR - HAM

Gítarleikari Ham, **Flosi Þorgeirsson,** samdi riffið, en spilaði það fyrst mun hraðar en í lokaútgáfunni. Sigurjón Kjartansson lagði til að það yrði hægt á því og sjá þeir Ham-liðar varla eftir því.

# 10 ROSALEG GÍTARRIFF

Góð gítarriff eru gulls ígildi. Pétur Ben og Muse kunna þá list að töfra þau fram. Fréttablaðið tók saman nokkur dæmi.

Gott gítarriff skiptir sköpum þegar búa á til grípandi lag sem getur náð vinsældum. Um er að ræða gítarstef sem oftast nær gengur áfram í gegnum allt lagið og einkennir það mest af öllu.

Erlendir fjölmiðlar hafa verið duglegir að velja bestu gítarriffin í gegnum tíðina og oftast eru það sömu lögin sem komast þar í efstu sætin. Iðulega eru þetta rokklög sem komast á listana en inni á milli læðist þó léttara efni. Listar yfir íslensk gítarriff eru fátíðari en vitaskuld eru mörg slík til sem eru afar frambærileg.



## GARÚN MANNAKORN

**Magnús Eiríksson** spilaði einfaldlega laglínuna á gítarinn og úr varð þetta eftirminnilega riff sem hefur elst mjög vel.



## MURR MURR ↑ MUGISON

**Pétur Ben** samdi þetta grípandi gítarriff eftir að Mugison hafði beðið hann um að semja gítar við söngkaflann „hm hm hm hm“. Pétur var á þessum tíma í tilraunum með opnar stillingar, þar sem gítarinn er stilltur öðruvísi en venjulega, og var fljótur að töfra fram riffið.

## SWEET CHILD O´MINE GUNS N´ROSES →

**Slash** var að leika sér að spila æfingaskala á gítarinn þegar riffið varð til á hljómsveitaræfingu. Slash ætlaði ekki að gera neitt meira með það og leit á það sem létt djók. **Axl Rose** var ekki á sama máli. Síðar valdi Total Music það besta gítarriff allra tíma.

## I LOVE ROCK´N ROLL JOAN JETT & THE BLACKHEARTS

Lagið var upphaflega samið af **Alan Merrill** og **Jake Hooker** úr hljómsveitinni Arrows. Sex árum síðar gerðu **Joan Jett & The Blackhearts** það heimsfrægt.

## PLUG IN BABY MUSE

Árið 2010 valdi tímaritið Total Guitar þetta gítarriff úr smiðju **Matts Bellamy** það besta undanfarinn áratug.

## SEVEN NATION ARMY THE WHITE STRIPES

**Jack White** spilaði riffið á hálf-kassagítar með aðstoð Whammy-pedala sem hafði verið færður niður um eina áttund. Margir halda að það sé spilað á bassagítar en svo er ekki.

## THUNDERSTRUCK AC/DC

Öfugt við það sem margir halda spilaði **Angus Young** riffið ekki með annarri hendi, heldur „pikkaði hann upp“ hverja nótu í hljóðverinu. „Pikkið“ má sjá í tónleikaupptökum AC/DC en í tónlistarmyndbandi við lagið notar Young bara aðra hendina.

## BARRACUDA HEART

Eitt vinsælasta lag Heart, sem er skipuð systrunum **Ann** og **Nancy Wilson.** Þetta var fyrsta smáskífulag plötunnar Little Queen sem kom út 1977. ↓



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




| | | |
|---|---|---|
| DIE UNSICHTBARE | (12) | 17:50 (ÞÝSKIR KVIKMINDADAGAR) |
| HANNAH ARENDT | (12) | 20:00 (ÞÝSKIR KVIKMINDADAGAR) |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| KON-TIKI | (12) | 20:10, 22:10 |
| FIT HOSTEL | (L) | 17:50, 22:20 |
| STRIGI OG FLAUEL | (L) | 19:00 |

Fyndnustu grínyrkjar Íslandssögunnar

# Kaffibrúsakarlarnir

## STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR

GÍSLI RÚNAR JÓNSSON JÚLÍUS BRJÁNSSON

★★★★★

*„Þið hafið engu gleymt - frábær skemmtun!"*

*Einar E Guðmundsson - úr röðum áhorfenda*

★★★★★

*„Stóri Kaffibrúsakarlinn og Shakespeare eiga eitt sameiginlegt: Hvorugur hefur sagt neitt af viti árum saman."*

*Gári Stefánsson - c/o Íslensk húmorgreining ehf.*

★★★★★

*„Kaffibrúsakarlarnir eru æðislegir. Punktur."*

*Björn Thorodsen - tónlistarmaður*



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS

# MIÐASALA Í FULLUM GANGI

**KOMANDI SÝNINGAR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| FÖSTUDAGUR | 22. MARS | KL. 20.00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| LAUGARDAGUR | 6. APRÍL | KL. 20.00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| LAUGARDAGUR | 13. APRÍL | KL. 20.00 | |
| FÖSTUDAGUR | 19. APRÍL | KL. 20.00 | |
| LAUGARDAGUR | 20. APRÍL | KL. 20.00 | |

facebook.com/Kaffibrusakarlarnir

MIÐASALA Í AUSTURBÆ Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS

NESCAFÉ HOMEBLEST GOTT... ...BÁÐUM MEGIN! midi.is AUSTURBÆR



**HELENA SVERRISDÓTTIR** Er að upplifa sögulegt tímabil með Englunum.

## Helena komin í undanúrslitin

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir og félagar hennar í slóvakíska liðinu Good Angels Kosice halda áfram að skrifa sögu félagsins því í gær tryggði liðið sér sæti í undanúrslitum Euroleague. Good Angels Kosice vann þá tólf stiga sigur á pólska liðinu Polkowice, 66-54, í lokaleiknum í sínum riðli og tryggði sér með því annað sætið í riðlinum.

Heimamenn í Ekaterinburg unnu alla leiki sína stórt og unnu riðilinn sannfærandi. Good Angels Kosice hafði betur í baráttunni við Polkowice en bæði lið höfðu unnið leik sinn á móti Galatasaray.

Helena fékk að spila í tæpar níu mínútur í þessum leik og tókst ekki að skora en hún var með 2 stolna bolta, 1 frákast og 1 varið skot. Helena er fyrsti Íslendingurinn til að leika í EuroLeague kvenna.

Kosice mætir tyrkneska liðinu Fenerbahce í undanúrslitunum sem fara fram á morgun. UMMC Ekaterinburg mætir Bourges Basket frá Frakklandi í hinum leiknum en úrslitaleikurinn er síðan á sunnudaginn. - óój

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KVENNA

**VALUR - KEFLAVÍK 96-92 (50-50)**
**Valur:** Kristrún Sigurjónsdóttir 26, Hallveig Jónsdóttir 19, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 18/14 fráköst, Jaleesa Butler 16/13 fráköst/9 stoðsendingar/3 varin, Ragnheiður Benónísdóttir 8, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 5, Þórunn Bjarnadóttir 2, María Björnsdóttir 2.

**Keflavík:** Pálína Gunnlaugsdóttir 24/5 stolnir, Sara Rún Hinriksdóttir 23/10 fráköst/3 varin, Jessica Ann Jenkins 14, Bryndís Guðmundsdóttir 10, Ingunn Embla Kristínardóttir 8, Ingibjörg Jakobsdóttir 7, Sandra Lind Þrastardóttir 6.

**HAUKAR - KR 71-65 (43-29)**
**Haukar:** Siarre Evans 26/8 fráköst/8 stoðsendingar, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 15, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13, Dagbjört Samúelsdóttir 10, Auður Íris Ólafsdóttir 3, Lovísa Henningsdóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2.

**KR:** Shannon McCallum 24/13 fráköst/6 stoðsendingar/5 stolnir, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 19, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6/10 fráköst, Rannveig Ólafsdóttir 5, Helga Einarsdóttir 5/10 fráköst, Sara Mjöll Magnúsdóttir 4, Björg Guðrún Einarsdóttir 2.

**SNÆFELL - NJARÐVÍK 80-69 (38-41)**
**Snæfell:** Kieraah Marlow 22/8 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 17/7 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 16/11 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 11, Rósa Indriðadóttir 7/6 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 7/7 fráköst/6 stoðsendingar.

**Njarðvík:** Lele Hardy 34/13 fráköst/6 stoðsendingar/7 stolnir, Erna Hákonardóttir 11, Svava Ósk Stefánsdóttir 7/10 fráköst, Aníta Carter Kristmundsdóttir 5, Sara Dögg Margeirsdóttir 4, Salbjörg Sævarsdóttir 4/3 varin skot, Emelía Ósk Grétarsdóttir 2, Ásdís Vala Freysdóttir 2.

**FJÖLNIR - GRINDAVÍK 72-91 (38-43)**
**Stigahæstar:** Fanney Lind Guðmundsdóttir 24/11 fráköst, Britney Jones 23, Eva María Emilsdóttir 7 - Crystal Smith 22/5 fráköst/5 stoðsendingar, Petrúnella Skúladóttir 21, Berglind Anna Magnúsdóttir 14, Jeanne Lois Figeroa Sicat 12, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 7.

### SÆTI OG STIG LIÐANNA:

**1. Keflavík 42, 2. Snæfell 40, 3. KR 36, 4. Valur 30, 5. Haukar 26, 6. Njarðvík 16, 7. Grindavík 16, 8. Fjölnir 8.**

# Sjö ára eltingarleik lokið?

Justin Shouse ætlar sér að verða Íslandsmeistari í körfubolta. Nú er lag því hann telur Stjörnuliðið í dag það besta síðan hann mætti í Garðabæinn árið 2008. Vonbrigði síðasta tímabils munu ekki endurtaka sig.

**KÖRFUBOLTI** „Ég tel okkur eiga góða möguleika. Bikarúrslitaleikurinn gefur okkur mikið sjálfstraust. Við höfum þegar spilað fyrir framan fleiri áhorfendur en munu mæta á nokkurn annan leik á árinu. Við spiluðum frábærlega gegn mjög góðu liði Grindavíkur. Síðan höfum við nýtt leikinn sem stökkbretti til að lyfta leik okkar á hærra stig,“ segir Justin Shouse.

Það kom fáum á óvart að leikstjórnandinn var valinn í lið síðari umferðar Íslandsmótsins sem tilkynnt var í gær. Justin skoraði 21,7 stig að meðaltali í leik í vetur auk þess að gefa 8,5 stoðsendingar að meðaltali.

**Stjörnuliðið það besta hingað til**

Bandaríkjamaðurinn, sem fékk íslenskan ríkisborgararétt sumarið 2011, segir leikmenn Stjörnunnar hafa það sem til þurfi.

„Ég hef tvisvar komist í úrslitaleikinn, Jovan Zdravevski sömuleiðis og hinir spiluðu í úrslitunum gegn KR 2011. Við þekkjum stóra sviðið og vonumst til að komast á það aftur. Við höfum sjálfstraustið og getuna en þurfum að nota það á réttan hátt.“

Aðspurður hvort Stjörnuliðið sé það besta síðan hann gekk í raðir félagsins fyrir fimm árum hugsar Justin sig um. Hafa verði í huga að reglur um útlendinga breytist á hverju ári. Nú sé liðið með tvo mjög góða útlendinga og flotta íslenska leikmenn.

„Þetta er líklega besta lið Stjörnunnar síðan ég mætti í Garðabæinn. Við teljum okkur jafnoka hvaða liðs sem er í deildinni. Fólkið í Garðabæ reiknar með góðri frammistöðu hjá okkur.“

**Megum ekki eyða tíma í væl**

Stjarnan féll úr leik í undanúrslitum í fyrra eftir tap í fjórða leik á heimavelli gegn Grindavík. Í lokasókn Stjörnunnar töldu heimamenn brotið á Justin en ekkert var dæmt.

„Við vörðum allir sumrinu í að hugsa um þessi augnablik,“ segir Justin hugsi. Leikurinn sé þó fjörutíu mínútur og ýmislegt gerist á þeim tíma. Leikurinn ræðst sjaldnast á einu augnabliki. Auk þess hafi liðið þegar verið búið að tapa tveimur leikjum í einvíginu svo ljóst er að ýmislegt hefði mátt betur fara í þeim leikjum.

„Sem hópur höfum við ákveðið að skoða mikilvægi hverrar einustu sóknar og varnar. Við megum ekki eyða tíma í að væla í dómurunum eða pirra okkur þegar skotin fara ekki ofan í. Við þurfum að einbeita okkur að næstu sókn eða vörn. Hver einasta getur ráðið því hvernig málin standa þegar uppi er staðið,“ segir Justin. Standi liðið sína plikt allan leikinn þurfi ekki að hafa áhyggjur af dómgæslu eða klúðruðu skoti á lokaandartökum leiksins.

„Við höfum ekki áhyggjur af þessu en við höfum það samt hugfast. Það vill enginn ljúka keppni í ár líkt og við gerðum í undanúrslitunum í fyrra.“

**Langar í bikarinn**

Justin hefur þrívegis orðið bikarmeistari hér á landi og var á síðasta ári valinn besti leikmaður deildarinnar af leikmönnum hennar. Þann stóra vantar þó enn í safnið.

„Engin spurning. Þetta er áttunda tímabilið mitt á Íslandi. Eftir eitt tímabil í næstefstu deild hef ég elst við þennan bikar í sjö ár,“ segir Justin. Markmiðið sé alltaf að ljúka tímabilinu með sigri í síðasta leik. „Það hefur ekki tekist enn hjá mér, hvorki hjá Snæfelli né Stjörnunni. Ég hef verið nálægt því og mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að lyfta bikarnum á loft í lok tímabils.“

kolbeinntumi@365.is



**SÁ STÓRI** „Mér fannst gott að fá að handleika bikarinn og vonast til að upplifa þá tilfinningu aftur,“ sagði Justin á blaðamannafundi í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Justin Shouse og úrslitakeppnin

Justin Shouse er að hefja sína sjöundu úrslitakeppni. Hann hefur aldrei unnið Íslandsmeistaratitilinn en varð bikarmeistari í þriðja sinn í vetur. Justin Shouse spilar sinn 40. leik í úrslitakeppni í Garðabænum í kvöld.

**ÚRSLITAKEPPNIR JUSTIN SHOUSE Í ÍSLENSKA KÖRFUBOLTANUM**

| | |
|---|---|
| **2007 MEÐ SNÆFELLI - UNDANÚRSLIT** | 2-3 tap á móti verðandi Íslandsmeisturum KR |
| **2008 MEÐ SNÆFELLI* - LOKAÚRSLIT (SILFUR)** | 0-3 tap á móti verðandi Íslandsm. Keflavíkur |
| **2009 MEÐ STJÖRNUNNI* - 8 LIÐA ÚRSLIT** | 1-2 tap á móti Snæfelli |
| **2010 MEÐ STJÖRNUNNI - 8 LIÐA ÚRSLIT** | 1-2 tap á móti Njarðvík |
| **2011 MEÐ STJÖRNUNNI - LOKAÚRSLIT (SILFUR)** | 1-3 tap á móti verðandi Íslandsm. KR |
| **2012 MEÐ STJÖRNUNNI - UNDANÚRSLIT** | 1-3 tap á móti verðandi Íslandsm. Grindavíkur |
| **2013 MEÐ STJÖRNUNNI* - ???** | mæta Keflavík í 8 liða úrslitum og fyrsti leikur er í kvöld |
| | *** VARÐ BIKARMEISTARI ÞENNAN VETUR** |
| **SAMANTEKT** | 39 leikir (20 sigrar - 19 töp) / 6 unnin einvígi - 6 töpuð einvígi |

# Hvaða fjögur lið fara áfram í undanúrslitin?

Fréttablaðið fékk fulltrúa KFÍ, ÍR, Tindastóls og Fjölnis til að spá hvaða lið vinni einvígin í 8 liða úrslitunum.

**KÖRFUBOLTI** Fréttablaðið fékk Pétur Má Sigurðsson, þjálfara KFÍ, og fulltrúa hinna þriggja liðanna sem komust ekki í úrslitakeppnina til þess að spá fyrir um hvernig átta liða úrslit Dominos-deildar karla munu spilast.

Allir spá þeir Grindavík og Stjörnunni áfram í undanúrslit en það verður meiri spenna í hinum tveimur einvígunum ef marka má spá þeirra Péturs Más, Helga Rafns Viggóssonar, fyrirliða Tindastóls, Hjalta Þórs Vilhjálmssonar, þjálfara Fjölnis, og Sveinbjörns Claessen, fyrirliða ÍR.

Deildarmeistarar Grindavíkur ættu að eiga greiða leið inn í undanúrslitin. „Ég vil að Skallagrímur vinni allavega heimaleikinn og að ég held að þeir taki hann ekki og að þetta endi 2-0,“ sagði Pétur Már og allir hinir eru sammála honum.

„Það hefur rosalega mikil áhrif á Þórsarana að Darri og Baldur eru ekki með og ég held að KR vinni oddaleikinn í Þorlákshöfn. Ég hef trú á hópnum hjá KR og þeir eru með góða leikmenn. Helgi og Finnur eru klárir strákar og geta náð að kokka eitthvað gott upp. Ef KR kemst í gegnum þessa fyrstu umferð er KR-liðið til alls líklegt,“ sagði Pétur Már um einvígi Þórs og KR. Hjalti er sammála honum en Helgi Rafn og Sveinbjörn spá Þór sigri.



**ÍSLANDSBIKARINN** Fulltrúar liðanna átta með bikarinn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er svolítið hrifinn af Njarðvíkurliðinu núna og það er rosaleg orka í þessum strákum og mikill uppgangur þótt þeir hafi tapað síðasta leik í Hólminum. Ég segi að Njarðvík vinni þetta í oddaleik í Hólminum,“ sagði Pétur Már um einvígi Snæfells og Njarðvíkur. Sveinbjörn er sammála honum en Helgi Rafn og Hjalti spá Snæfelli sigri.

„Stjarnan vinnur 2-0. Þetta verða slagsmálaleikir. Keflvíkingar eru með úrslitakeppnislið og þar eru strákar sem eru flottir undir hápressu en ég held að Keflavík sé ekki með nógu mikla breidd í þetta. Stjarnan er með reynslumikla leikmenn, á eftir að gera gott mót í úrslitakeppninni og fara alla leið,“ sagði Pétur um síðasta einvígið en allir spámenn Fréttablaðsins eru á því að Stjarnan fari áfram. - óój

## Spáin - 8 liða úrslit

| | |
|---|---|
| **Grindavík - Skallagrímur** | **Grindavík fer áfram** |
| Pétur Már: 2-0 | Helgi Rafn: 2-0 |
| Hjalti: 2-0 | Sveinbjörn: 2-0 |
| **Þór Þorl. - KR** | **Tvö atkvæði á hvort lið** |
| Pétur Már: 1-2 | Helgi Rafn: 2-1 |
| Hjalti: 1-2 | Sveinbjörn: 2-0 |
| **Snæfell - Njarðvík** | **Tvö atkvæði á hvort lið** |
| Pétur Már: 1-2 | Helgi Rafn: 2-1 |
| Hjalti: 2-1 | Sveinbjörn: 1-2 |
| **Stjarnan - Keflavík** | **Stjarnan fer áfram** |
| Pétur Már: 2-0 | Helgi Rafn: 2-1 |
| Hjalti: 2-1 | Sveinbjörn: 2-0 |




**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF GUERLAIN**
**DAGANA 21. - 27. MARS Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM**
SIGRÚN INGA VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG KAUPAUKI* FYLGIR MEÐ 2 VERSLUÐUM VÖRUM

*Gildir til 27.mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**EINBEITTUR** Arnar bendir á að heimsmetið í maraþoni í hjólastólaakstri hafi verið sett af 48 ára gömlum Svía sem í dag er 54 ára. Hann hefur því nægan tíma til þess að koma sér í fremstu röð í íþróttinni.

MYND/OZZO

# Ég ætla að komast til Ríó

Keflvíkingurinn **Arnar Helgi Lárusson** hefur lagt vinnu til hliðar og hyggst helga sig alfarið íþrótt sinni, hjólastólaakstri. Markmiðið er einfalt: Þátttökuréttur á Ólympíumóti fatlaðra í Ríó árið 2016.

Í september verða komin ellefu ár,“ segir Arnar Helgi Lárusson, íþróttamaður úr röðum fatlaðra. Arnar Helgi er lamaður frá geirvörtum og niður úr, en hann lenti í mótorhjólaslysi árið 2002. Þá var hann við æfingar fyrir keppni í kvartmílu. „Ég hef alltaf á seinni árum verið að pæla í íþróttum en ekki fundið mig í neinu,“ segir Arnar Helgi, sem er 36 ára.

Hjólastólaakstur er ein allra vinsælasta greinin á Ólympíumóti fatlaðra og var ein sú greina sem Arnar prófaði. Hann pantaði notaðan stól af eBay með það fyrir augum að koma honum í stand.

„Þetta var eins og að vera með krummafót,“ segir Keflvíkingurinn, sem gafst upp á stólnum. Keppnisfólk í hjólastólaakstri notar sérsmíðaða stóla sem eru mjög dýrir. Í staðinn ákvað Arnar Helgi að hefja æfingar í sínum hefðbundna hjólastól. Sumarið 2010 fór hann að fara 3-4 kílómetra og sumarið eftir voru ferðirnar orðnar fimmtán kílómetra langar. Síðastliðið sumar var stefnan sett á Reykjavíkurmaraþonið og markmiðið var einfalt.

„Ég ætlaði ekki að verða síðastur,“ segir Arnar, sem gerði gott betur. Hann fór vegalengdina á rúmum fimm klukkustundum og hafnaði í 604. sæti en alls hófu 817 keppni. „Ég var mjög ánægður.“

### Símtalið sem breytti öllu

Skömmu eftir Reykjavíkurmaraþonið fékk Arnar símtal frá Haraldi Hreggviðssyni. Haraldur hafði verið með Arnari á sjó þegar sá síðarnefndi var táningur. Haraldur spurði Arnar hvort hann væri tilbúinn að láta slag standa ef Lionsklúbburinn í Njarðvík gæti fjármagnað kaup á keppnisstól fyrir hann.

„Símtalið kom mér mjög mikið á óvart,“ segir Arnar, sem þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um. Nokkrum vikum síðar var hann kominn til Englands þar sem stóllinn var smíðaður í kringum hann.

„Stólinn er smíðaður nákvæmlega eftir mínum lærum og mínum rassi,“ segir Arnar, sem kann Lionsklúbbnum í Njarðvík skiljanlega bestu þakkir fyrir aðstoðina. Haraldur og félagar hafi leitað til fleiri félaga í hreyfingunni auk verkalýðsfélaga sem hafi komið að málinu. Stóllinn einn og sér kostar um milljón en einnig var ferðalag Arnars og dvölin í Englandi fjármögnuð af sömu aðilum. Keppendur í sams konar hjólastól unnu til sjö gullverðlauna og fjórtán silfurverðlauna á Ólympíumótinu í London í sumar. Þeir gerast því ekki betri á markaðnum en framleiðendur að stólum í heiminum eru sex til átta að því er Arnar telur.

### Miklar framfarir

Arnar hefur æft í stólnum í þrjá mánuði og urðu framfarirnar miklar á skömmum tíma. Hann segist hafa verið orðinn móður og másandi fyrst þegar hann náði mest fjórtán kílómetra hraða á klukkustund. „Núna næ ég hraðanum 22-25 km/klst.,“ segir Arnar. Hann bendir á að þeir sem standi fremst í hans grein nái um 32 kílómetra hraða á klukkustund. Tæknilega hliðin er þó það sem Arnar leggur mesta áherslu á fyrsta árið. Hann æfir undir handleiðslu Kára Jónssonar, landsliðsþjálfara fatlaðra í frjálsum íþróttum.

Í venjulegum hjólastólum grípa menn um hringina og snúa. „Ég geri það kannski fyrstu fjóra eða fimm metrana í þessum stól en svo er ég farinn að lemja. Ég er í sérstökum hönskum, líkum boxhönskum, og lem á hringinn,“ segir Arnar enda engin leið að grípa um hringina þegar komið er á mikinn hraða.“

### Vinna lögð til hliðar

Arnar, sem er í Íþróttafélaginu NES, fær að æfa í Laugardalshöllinni tvisvar í viku í tvær klukkustundir í senn. „Ég nýti hverja mínútu,“ segir Arnar, sem lyftir hina dagana. Hann er í fötlunarflokki 53 sem stendur en endanleg flokkun verður ekki ljós fyrr en á hans fyrsta móti erlendis.

Arnar stundar einn Íslendinga íþróttina sem stendur. Hann þykist þó vita að fleiri sem bundnir séu hjólastól muni smitast af honum og taki hann öllum félagsskap og samkeppni fagnandi. „Það væri best að fá einn ungan og hraðan sem ég gæti elt.“

Arnar Helgi hefur undanfarin ár starfað sem bókari en hefur lagt starfið á hilluna til að helga sig íþrótt sinni. Spurður hvort bókarinn hafi ekki áhyggjur af fjárhagslegu hliðinni segir Arnar:

„Það er mjög gott að vera ekkert mjög mikið að pæla í því,“ segir Arnar kíminn. Hann bendir þó á að bensínkostnaður einn og sér í janúar hafi verið 90 þúsund krónur enda keyrir hann nánast daglega á milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Bifreiðin er ekki sparneytin vegna hjólastólanna sem fylgja Arnari hvert sem hann fer.

Fyrir sumarið ætlar Arnar að koma sér í það gott form að hann geti æft af krafti tvisvar á dag. Markmiðið er einfalt. Ólympíumótið í Ríó árið 2016.

„Ég ætla að komast til Ríó,“ segir Arnar. Þar er keppt í flestum sömu vegalengdum í hjólastólaakstri og í hlaupagreinum í frjálsum íþróttum. Hann einbeitir sér að styttri vegalengdum en þar liggur styrkur hans.

„Lágmörk inn á stóru mótin í 100 metrunum er 16,4 sekúndur,“ segir Arnar sem fer vegalengdina í dag á um 20 sekúndum.

### Frumraunin

Arnar keppir í fyrsta skipti á erlendri grundu í Hollandi í maí. Þá fyrst fær hann staðfestan fötlunarflokk sinn.

„Ég ætla að henda mér strax út í djúpu laugina. Þá verða sex eða sjö hjólastólar á brautinni. Ég fæ ekki þá þjálfun hérna heima að vera að tuddast út í aðra.“

kolbeinntumi@365.is



**MARAÞONI LOKIÐ** Arnar Helgi ásamt konu sinni Sóleyju Báru Garðarsdóttur, sem hjólaði með honum í Reykjavíkurmaraþoninu síðastliðið sumar.

## ➜ Tekur þrjá daga að skipta um dekk

Þrátt fyrir að tvær milljónir séu farnar í beinan kostnað af nýja stólnum segist Arnar aðeins vera hálfnaður þegar komi að nauðsynlegum búnaði. Hann þurfi helst á hlaupabraut að halda sem hægt sé að festa stólinn á en einnig aukasett af felgum og dekkjum. Kostnaðurinn liggur nærri milljón króna.

Nauðsyn þess að eiga aukabúnað hafi komið í ljós á dögunum þegar sparkk á dekkinu á nýja stólnum.

„Ég á aukadekk og ætlaði að skella því á. Ég hef skipt 500 sinnum um dekk enda verið í hjólastól í tíu ár,“ segir Arnar, sem átti að mæta á æfingu klukkan tíu um morguninn. Hóf hann viðgerðina klukkustund fyrr. „Klukkan tólf var ég búinn að ná dekkinu af en kom hinu ekki á,“ segir Arnar. Staðreyndin sé sú að dekkin séu límd á og þrjá daga taki að skipta um dekk. Því þurfi hann að eiga aukasett af búnaðinum.

„Nú verður gaman að kynda aðeins undir hvort fólk sé ekki tilbúið að hjálpa til,“ segir Arnar um kostnaðinn.

# TOSHIBA OG ASUS
# FARTÖLVUTILBOÐ




ASUS

## VIVOBOOK FARTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ !

Lægsta verð sem við höfum náð á fartölvu með snertiskjá. Snertiskjárinn fullkomnar notkunarmöguleika Windows 8 stýrikerfisins. Vegur aðeins 1.4 kg og mjög nett og meðfærileg - hentar vel í skóla. 11,6" vandaður snertiskjár með Intel i3 örgjörva, 4GB 1600MHz vinnsluminni, Intel HD 4000 skjákort og 500 GB harður diskur. Löng rafhlöðuending - allt að 7 klukkutímar. USB3.0 tengi, HDMI, mini VGA og kortalesari.

**129.990**

## RAUÐ MEÐ INTEL PENTIUM



15,6"

TOSHIBA

TOS SAT C855-1U8

15,6" með 6 GB vinnsluminni og 640GB diski. Mjög flottur rauður litur og sterkbyggð umgjörð fyrir mikla daglega notkun.

**109.990**

## INTEL CORE i5



TOSHIBA

TOS SAT C855-24V

Flott 15,6" fartölva með sprækum Intel Core i5 örgjörva, 6GB vinnsluminni og 750 GB stórum hörðum diski.

**139.990**

## NÝJASTA KYNSLÓÐ i7



15,6"

TOSHIBA

TOS SAT L850-1VF

Fjögurra kjarna Intel i7 með 6GB vinnsluminni og 500 GB hörðum diski.

Mjög hröð vinnsla og gott verð fyrir i7.

**149.990**

## i7 OG GT630M



TOSHIBA

TOS SAT P850-336

Kröftugur Intel Quad Core i7 örgjörvi af nýjustu kynslóð og 2GB nVidia GeForce GT630M skjákorti.

**179.990**

## PÁSKA LEIKUR

3 TOSHIBA FARTÖLVUR OG 100 PÁSKAEGG AF STÆRSTU GERÐ FRÁ NÓA SÍRÍUS Í VINNING !




tl.is

TÖLVU LISTINN

## WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

PROMENNT

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.05

### The F-Word

Kjaftfori meistarakokkurinn Gordon Ramsay er mættur aftur á Stöð 2 í þáttaröðinni The F-Word. Í þessum þætti fær hann m.a. til sín unga lærlinga úr hinum virta Eton-skóla, frægan gestakokk og velur nokkrar kindur til að hafa í garðinum sínum í miðborg London.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### FREYR GÍGJA GUNNARSSON, FRÉTTAMAÐUR Á RÚV

**Ég horfi á norrænt efni.** Það er langt síðan ég hætti að horfa á sjónvarpsefni á ensku. Mér finnst það vera orðin svo mikil klisja.



**Á STÖÐ 2** Enski boltinn



1 **Enski boltinn:** Ég horfi alltaf á enska boltann. Mér til mikillar óhamingju þar sem ég er forfallinn Liverpool-aðdáandi.

**STÖÐ 2** NCIS



2 **Enga framhaldsþætti:** Ég horfi aldrei á ameríska framhaldsþætti. Er bara búinn með þann pakka.

**Á RÚV** Glæpurinn



3 **Uppháhaldið:** Það er Glæpurinn, ég horfði meira að segja á hann á netinu uppi í rúmi í gær, af því ég missti af honum.

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu: Leiksýning í Rósenborgargarði IV **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Concerto Copenhagen **21.15** Reisubók Gúllívers **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperlur: Í fáum dráttum - Stefán Jónsson fréttamaður **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Stundin okkar**
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(7:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Krossfitmeistarinn Annie Mist Þórisdóttir tryggði sér í fyrra heimsmeistaratitilinn annað árið í röð. Hún segir okkur frá draumum sínum og væntingum.
**20.45 Stephen Fry: Græjukarl – Hreysti og fegurð** *(5:6) (Stephen Fry: Gadget Man)* Hér deilir Stephen Fry tæknidellu sinni með áhorfendum.
**21.15 Neyðarvaktin** *(11:24) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(2:24) (Criminal Minds VII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** *(4:10) (Borgen)* Danskur myndaflokkur um valdatafl í dönskum stjórnmálum.
**00.05 Kastljós** *(e)*
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.10 Diary of a Wimpy Kid**
**14.40 Kapteinn Skögultönn**
**15.55 I Love You Phillip Morris**
**17.30 Diary of a Wimpy Kid**
**19.00 Kapteinn Skögultönn**
**20.20 I Love You Phillip Morris**
**22.00 Back-Up Plan**
**23.45 Brüno**
**01.05 Two Lovers**
**02.55 Back-Up Plan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(16:25)*
**08.30 Ellen** *(21:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(108:175)*
**10.15 Smash** *(9:15)*
**11.00 Human Target** *(1:12)*
**11.50 Touch** *(3:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(20:22)*
**13.20 Three Amigos**
**15.00 Harry's Law** *(8:12)*
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(43:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(16:24)*
**19.40 The Middle** *(15:24)*
**20.05 The F Word** *(1:9)* Þriðja þáttaröðin með Gordon Ramsay sem sýnir okkur að skyndibiti þarf ekki endilega að vera óhollur.
**20.55 NCIS** *(15:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta og fjallar um sérsveit lögreglumanna í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.40 Person of Interest** *(22:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.25 Sons of Anarchy** *(3:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Mótorhjólaklúbburinn þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli.
**23.10 Spaugstofan** *(18:22)*
**23.40 Mr Selfridge** *(2:10)*
**00.30 The Mentalist** *(16:22)*
**01.10 The Following** *(8:15)*
**01.55 Medium** *(3:13)*
**02.40 Witless Protection**
**04.20 Three Amigos**
**06.00 The Big Bang Theory** *(16:24)*

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Flensburg - RN Löwen**
**17.30 Meistarad. í handbolta: markaþáttur**
**18.00 Dominos deildin** Allt um liðin í Domino's deild karla í körfuknattleik.
**19.00 Dominos deild karla: Stjarnan - Keflavík** BEINT
**21.00 Meistarad. Evrópu í handbolta: Hamburg - Celje Pivovarna Lasko**
**22.20 Spænsku mörkin**
**22.50 Dominos deild karla: Stjarnan - Keflavík**
**00.35 Meistarad. Evrópu í handbolta: Hamburg - Celje Pivovarna Lasko**
**02.00 Formúla 1: Malasía, Æfing # 1** BEINT
**06.00 Formúla 1: Malasía, Æfing # 2** BEINT

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Sunderland - Norwich**
**18.20 Swansea - Arsenal**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review Show**
**21.25 Football League Show 3**
**21.55 Southampton - Liverpool**
**23.35 Tottenham - Fulham**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Latibær** *(3:18)*
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Hundagengið**
**17.30 Leðurblökumaðurinn**
**17.55 iCarly** *(13:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** Bart er rekinn úr skólanum og er sendur í kaþólskan skóla þar sem hann tekur kaþólska trú.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(3:24)*
**19.00 Friends** *(21:24)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(13:24)*
**19.50 Simpson-fjölskyldan** *(9:22)*
**20.15 Game Tíví**
**20.40 I Hate My Teenage Daughter** *(12:13)* Bandarísk gamansería um tvær vinkonur.
**21.05 FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag.
**21.30 The Carrie Diaries** The Carrie Diaries Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.
**22.15 2+6** *(3:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.40 Eastwick** *(11:13)* Skemmtileg og spennandi þáttaröð.
**23.25 Game Tíví**
**23.50 I Hate My Teenage Daughter** *(12:13)*
**00.15 FM 95BLÖ**
**00.35 The Carrie Diaries**
**01.20 2+6** *(3:8)*
**01.50 Eastwick** *(11:13)*
**02.35 Tónlistarmyndbönd**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(160:175)*
**19.00 Ellen** *(1:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(2:9)*
**20.40 Fóstbræður** *(8:8)*
**21.10 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**21.40 The Drew Carey Show** *(3:22)*
**22.05 Frasier** *(14:24)*
**22.30 Strákarnir**
**23.00 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(2:9)*
**23.30 Fóstbræður** *(8:8)*
**00.00 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**00.30 The Drew Carey Show** *(3:22)*
**00.55 Frasier** *(14:24)*
**01.20 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 Kitchen Nightmares** *(8:13)*
**16.05 7th Heaven** *(11:23)*
**16.50 Dynasty** *(7:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Necessary Roughness** *(15:16)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(18:24)*
**19.25 The Office** *(25:27)*
**19.50 Will & Grace** *(22:24)*
**20.15 Happy Endings** *(21:22)* Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vinahóp.
**20.40 An Idiot Abroad** *(4:8)* Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bakvið þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra, Karl Pilkington og ferðir hans um víða veröld.
**21.30 Hæ Gosi** *(8:8)* Þriðja þáttaröðin um bræðurna Börk og Víði sem ekkert þrá heitar en lífshamingjuna en svo virðist sem leiðin að henni sé þyrnum stráð. Fríðborg og Börkur ætla að ganga í það heilaga og öllum er boðið í þessum lokaþætti af Hæ Gosa.
**22.25 Vegas** *(9:21)* Vandaðir þættir með stórleikaranum Dennis Quaid í aðalhlutverki. Sögusviðið er spilaborgin Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar þar sem ítök mafíunnar voru mikil.
**23.15 XIII** *(9:13)*
**00.00 Law & Order UK** *(6:13)*
**00.50 Excused**
**01.15 Parks & Recreation** *(19:22)*
**01.40 The Firm** *(2:22)*
**02.30 Vegas** *(9:21)*
**03.20 XIII** *(9:13)*
**04.05 Happy Endings** *(21:22)*
**04.30 Pepsi MAX tónlis**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** Tampa Bay Championship **2013** *(4:4)* **12.45** Golfing World **13.35** Tampa Bay Championship **2013** *(4:4)* **18.35** Inside the PGA Tour *(12:47)* **19.00** Arnold Palmer Invitational **2013** *(1:4)* **22.00** Ryder Cup Official Film **2002** **00**.00 ESPN America

## ÍNN

**20.00** Átthagaviska **21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


# GOUDA STERKUR

## KRÖFTUGUR

Íslenskur Gouda-ostur hefur verið á boðstólum á Íslandi frá árinu 1961. Í dag sér KEA Akureyri um framleiðsluna. Fyrirmynd ostsins er hinn frægi Gouda, frá samnefndum bæ í suðurhluta Hollands. Gouda Sterkur er lageraður í sex mánuði. Mjúkur, bragðmikill og þroskaður ostur með skörpu bragði, sveppatónum, kryddkeimi og langvarandi eftirbragði. Hentar við flest öll tækifæri, hvort sem er á ostabakkann eða til að setja punktinn yfir i-ið í matargerðinni.



ÓÐALS GOUDA STERKUR ÚR FÖRUM MEISTARANS

www.odalsostar.is

FRÁBÆRAR
# FERMINGAGJAFIR!!!

STÓRA TÖLVU-ORÐABÓKIN
6.374 KR
7.499 KR. STK.

3.909 KR
4.599 KR. STK.

4.249 KR
4.999 KR.

5.949 KR
6.999 KR. STK.
ÍSLENSK ORÐABÓK

7.649 KR
8.999 KR. STK.
ÍSLENSK- ENSK ORÐABÓK

3.994 KR STK.
4.699 KR. STK.

1.869 KR. STK.
2.199 KR. STK.

5.949 KR
6.999 KR. STK.

5.609 KR. STK.
6.599 KR. STK.

4.199 KR. STK.
3.569 KR. STK.

6.374 KR. STK.
7.499 KR. STK.

15%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERMINGA-KORTUM

15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GJAFAPAPPÍR OG HNOTUM!

Tilboð gilda til og með 31.03.13 og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝR

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 5331010 • Opið alla daga til kl. 22

## DRYKKURINN



**„Það er bara vatn. Ég reyni að drekka mikið af því eftir að ég hætti að drekka kók."**

Þ. Tjörvi Þórsson hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

# Stelpurnar ráða ríkjum um helgina

Shandi Sullivan, fyrrverandi keppandi í America's Next Top Model, þeytir skífum.

„Ég er í ótímabundnu fríi hér á landi. Vinir mínir hafa sagt mér að ég verði að upplifa íslenskt sumar, en við sjáum til hvort ég verð svo lengi," segir plötusnúðurinn Shandi Sullivan sem kemur fram á viðburðinum StelpuMúzík á laugardag. Íslensku plötusnúðarnir Dj Yamaho og Dj Lovísa munu einnig þeyta skífum á skemmtistaðnum Volta við Tryggvagötu 22.

Aðdáendur sjónvarpsþáttarins America's Next Top Model ættu að kannast við Sullivan því hún lenti í þriðja sæti í annarri þáttaröðinni. Téðir aðdáendur minnast þess líklega einnig að Sullivan hélt framhjá unnusta sínum við tökurnar. Hún viðurkennir að líf hennar hafi tekið miklum stakkaskiptum eftir að hún tók þátt í Top Model. „Ég hefði líklega aldrei flutt frá Kansas City til New York, ég væri líklega enn þá í Kansas hefði ég ekki tekið þátt í Top Model. New York hefur verið heimili mitt síðustu tíu ár og ég kann vel við mig þar."

Sullivan hefur þeytt skífum í hjáverkum í nokkur ár og árið 2006 spilaði hún á skemmtistaðnum Gauki á Stöng. Þrátt fyrir áralanga reynslu sem plötusnúður kveðst hún enn verða stressuð áður en hún kemur fram. „Ég verð stressuð og pínulítið sveitt í hvert einasta sinn. Yfirleitt fæ ég mér léttan göngutúr áður og þá verð ég góð. Ég ætti kannski að koma mér upp rútínu til að róa taugarnar?"

Sullivan er vön að spila transtónlist og slagara frá níunda áratugnum en hún spilar teknótónlist á laugardag. „Ég var beðin um að spila teknó og ég var til í það. Þetta verður skemmtilegt kvöld." - sm



**HLAKKAR TIL KVÖLDSINS** Shandi Sullivan, fyrrverandi þátttakandi í America's Next Top Model, þeytir skífum ásamt Dj Yamaho og Dj Lovísu á Volta á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


FERMINGAR




HUSQVARNA EDEN ROSE 250
VERÐ ÁÐUR 69.900,-
NÚ 59.900,-

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF


# Grínistar í skiptinámi

Ari Eldjárn verður með uppistand í apríl ásamt hinum kanadíska Craig Campbell og Norðmanninum Jonas Kinge Bergland. Allir eru vel þekktir í sínu heimalandi.

„Það er rosalega kalt í þessum löndum en greinilega hlýtt á milli þeirra sem þar búa," segir grínistinn Ari Eldjárn. Hann kemur fram á tveimur sýningum í apríl ásamt kanadíska uppistandaranum Craig Campbell og Norðmanninum Jonas Kinge Bergland.

Ari segir uppistandara frá ólíkum löndum halda sambandi sín á milli og líkir því við hálfgert skiptinám. „Þetta er eins og Nordjobb nema hér fara menn á milli landa til að vinna í uppistandi," segir hann.

Uppistandararnir sem koma fram með Ara eru báðir vel þekktir í heimalöndum sínum og víðar. Campbell hefur fest sig í sessi sem einn vinsælasti grínisti Bretlands og ásamt því að koma fram einn hefur hann líka verið reglulegur gestur í sjónvarpsþáttunum Michael McIntyre's Comedy Roadshow sem og hitað upp fyrir Frankie Boyle. Bergland er einn vinsælasti grínisti Noregs og vann meðal annars til verðlauna fyrir bestu uppistandssýninguna í Noregi í fyrra. Hann er læknir að mennt og sinnir gríninu samhliða læknisstarfinu. „Jonas er svo góður að hann hefur varla tíma til þess að vinna sem læknir því hann er svo eftirsóttur uppistandari," segir Ari um kollega sinn.

Sýningin, sem ber yfirskriftina Uppistand – Kanada Ísland Noregur, fer fram í Þjóðleikhúskjallaranum þann 5. apríl og í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri kvöldið eftir. Miða á sýningarnar er hægt að kaupa á Midi.is. sara@frettabladid.is



**UPPISTANDIÐ VINSÆLT** Ari Eldjárn kemur fram á tveimur sýningum í apríl ásamt kollegum sínum frá Noregi og Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Afmælisbarnið sótt sérstaklega

Ari var með uppistand í Grunnskólanum á Fáskrúðsfirði síðastliðinn mánudag þar sem nemendur höfðu skipulagt fræðslukvöld um tóbaksvarnir og kvöldskemmtun. Sama dag fagnaði Guðjón Daníelsson, fyrrverandi bóndi, hundrað ára afmæli sínu og var afmælisbarnið sótt sérstaklega til að hlýða á uppistand Ara.

„Ég vissi að hann átti afmæli þennan dag og spurði hvort hann væri í salnum. Þegar í ljós kom að svo var ekki var honum einfaldlega boðið að mæta og korteri seinna kom hann gangandi inn og tyllti sér fremst. Hann er klárlega elsti maðurinn sem hefur komið á sýningu með mér; fæddur 1913!" segir Ari, sem ræddi við Guðjón að sýningu lokinni. „Ég þóttist sjá að hann hló mjög mikið og eftir sýninguna sagði hann mér að ég væri bara nokkuð fyndinn. Ég var mjög feginn að heyra það, enda er þetta samtímamaður Chaplins."



MYND/STEFANÍA ÓSKARSDÓTTIR


20 ÞÚSUND
króna umgjörð á
199 krónur!
- Ef þú kaupir glerið hjá okkur

Næstum allar aðrar umgjarðir á **50% afslætti**



prooptik gleraugu

KRINGLUNNI 2. HÆÐ - HAGKAUPSHÚSINU,
SKEIFUNNI | SPÖNGINNI, GRAFARVOGI
SÍMI 5 700 900 | WWW.PROOPTIK.IS



Ferminga-veisluþjónusta
Ný heimasíða
kokulist.is



Jón Arilíus
KÖKULIST

Firði Hafnarfirði Sími 555 6655 - 662 5552 • kokulist@kokulist.is


# Útidúr safnar fyrir nýrri plötu

Hljómsveitin Útidúr safnar fyrir plötunni Detour á vefsíðunni Indiegogo.

Útidúr leggur nú lokahönd á nýja plötu, Detour, sem áætlað er að komi út 15. apríl. Hún verður gefin út með aðstoð hópfjármögnunar í gegnum vefsíðuna Indiegogo.com.

„Við fjármögnum plötuna sjálf. Kári Einarsson, bassaleikarinn okkar, hefur verið að taka hana upp sjálfur og okkur vantaði upp á til að „mastera" hana og framleiða. Þá peninga áttum við ekki til," segir píanóleikarinn Kristinn Roach Gunnarsson.

Hljómsveitin hefur nokkrar vikur til að safna sér inn ákveðinni upphæð sem svo er notuð til að gefa út plötuna. Þeir sem taka þátt í söfnuninni verða þeir fyrstu til að eignast plötuna og geta jafnframt valið á milli óhefðbundins varnings tengdum henni, til dæmis teikningu frá söngvaranum Gunnari Erni Egilssyni, trommukjuða eða frumsamið lag tileinkað kaupanda. Í gær höfðu safnast rúmar 150 þúsund krónur af þeim rúmu 400 þúsund krónum sem stefnt er að. „Mér finnst þetta mjög sniðug hugmynd," segir Kristinn Roach um söfnunina.

Útidúr er tíu manna sveit sem spilar léttleikandi kammerpopp. Þrjú ár eru liðin síðan fyrsta plata hennar. This Mess We've Made, kom út. Síðan þá hefur söngkonan Rakel Mjöll Leifsdóttir yfirgefið bandið og í staðinn er komin Sólveig Anna Aradóttir. - fb



**ÚTIDÚR** Hljómsveitir safnar fyrir plötunni á síðunni Indiegogo.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# LÍFIÐ ER LITRÍKT

Nú er kominn nýr
**Nokia Lumia 620**
í hina litríku og
frábæru **Lumia**
línu frá **Nokia**.

## MEÐ LUMIA




**Lumia 620** – 3,8" ClearBlack skjár / 5 MP myndavél með Autofocus / 8GB innbyggt minni + minniskortarauf / Dual-core 1GHz örgjörvi / Skiptanlegar bakhliðar / 3G og WIFI / **Verð: 49.995**




PIPAR\TBWA • SÍA • 130798




**Lumia 820** – 4,3" AMOLED ClearBlack skjár / 8 MP Carl Zeiss myndavél með Autofocus / 8GB innbyggt minni + minniskorta-rauf / Dual-core 1,5GHz örgjörvi / Skiptanlegar bakhliðar / 3G, 4G og WIFI / **Verð: 99.995**




Þráðlaus hleðsla.

**Lumia 920** – 4,5" PureMotion HD+ ClearBlack skjár / 8,7 MP PureView Carl Zeiss myndavél með Optical Image Stabilizer / 32GB innbyggt minni / Dual-core 1,5GHz örgjörvi / Þráðlaus hleðsla / 3G, 4G og WIFI / **Verð: 124.995**

NOKIA

Windows Phone

**Lumia 620, 820, 920** – Windows Phone 8 / Fullkominn stuðningur við Outlook, MS Office og annan viðhengjastuðning / Nokia HERE Maps – NAVTEQ Nokia kortagrunnur / Nokia HERE Drive – frí akstursleiðsögn með raddstýringu / 7GB frítt SkyDrive pláss / Snertiskjár sem hægt er að stjórna með hanska á höndum / Nokia Smartshoot / Nokia CityLens / Nokia Cinemagraph / NFC og Bluetooth / Hægt að læsa síma, finna á korti og/eða eyða gögnum í gegnum internetið / 128 bita dulkóðun á gögnum / Einstök samhæfing við Facebook, Twitter og aðra samfélagsmiðla

Hátækni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is

**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ **ORATORS** - félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýbakaður faðir og mættur í landsliðið

Landsliðsmarkvörðurinn **Hannes Þór Halldórsson** er vanur því að þurfa að púsla saman mörgum hlutverkum, enda starfar hann bæði sem knattspyrnumaður og leikstjóri. Nú hefur nýtt hlutverk bæst við því Hannesi og konu hans, Höllu Jónsdóttur, fæddist þeirra fyrsta barn í síðustu viku. Frumburðurinn er lítil stúlka. Hannes er hins vegar nú kominn ásamt félögum sínum í landsliðinu til Slóveníu þar sem þeir mæta heimamönnum í leik í undankeppni heimsmeistaramótsins á morgun. **- bþh**



### Vinsæl á youtube

Söngkonan **Gréta Karen Grétarsdóttir** sendi nýverið frá sér lagið Nothing, sem hún samdi ásamt Daniel Capellaro. Myndband við lagið hefur fengið um 64.353 áhorf á vefsíðunni Youtube á aðeins tveimur vikum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þótti einum úr leikarahópi sjónvarpsþáttanna The Vampire Diaries lagið svo gott að hann birti það á Facebook-síðu sinni.

Gréta Karen á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því hún er dóttir söngvarans Grétars Örvarssonar og frænka Atla Örvarssonar tónskálds. Hún er búsett í Los Angeles þar sem hún stundaði tónlistarnám við Musicians Institute. **- sm**



## Mest lesið vísir

1. Grunaður um að hafa orðið fimm mánaða barni að bana
2. Sæfíll veldur usla í umferðinni
3. Lögreglumenn kvörtuðu undan þingmönnum
4. Borgin afsali sér höfuðborgartitlinum
5. Segjast knúnir í þrot vegna ólöglegra lána
6. Réðst á skólafélaga og fékk þá loks hjálp


VILTU LÆRA LISTINA AÐ MUNA?



www.forlagid.is

